




ÁRSSKÝRSLA SAMTAKA IÐNAÐARINS 2001



EFNISYFIRLIT

Ársreikningar

4

Rekstrarreikningur fyrir árið 2001 og áætlun 2002
Efnahagsreikningur 31. desember 2001

6

Stjórn Samtaka iðnaðarins

Starfsskilyrði iðnaðar

7

Starf Samtaka iðnaðarins
Efnahagsmál
Nýsköpun og þróunarmál

Alþjóðlegir samningar og samstarf

19

Norrænt samstarf
Ráðgjafarnefndir EFTA og EES
Samtök iðn- og atvinnurekenda í Evrópu
– UNICE
Evrópuskrifstofa atvinnulífsins í Brussel – ESAB
Malta sótt heim

Starfsgreinahópar

22

Mannvirkjagerð - byggingaiðnaður
Jarðvinnuverktakar - Félag vinnuvélaeigenda
Húshluta-, húsgagna- og innréttingaiðnaður
Plast- og veiðarfæraíðnaður
Málmiðnaður
Matvæla- og fóðuriðnaður
Prent- og pappírsiðnaður
Upplýsingatækniðnaður
Stóriðja
Þjónustuiðnaður

Þjónusta og Þróun

34


Markaðs- og kynningarmál
Nýsköpun og þróunarmál
Gæðamál
Staðlamál
Menntamál
Almenn lögfræðiþjónusta
Umhverfismál - efnaiðnaður - orkumál

Skrifstofa innri þjónusta

43

Helstu fundir SI og ályktun Iðnbings
Útgáfu- og upplýsingastarf
Skrifstofa atvinnulífsins á Norðurlandi
Starfsmannahald
Skrá yfir helstu lög og lagabreytingar 2000 er varða iðnaðinn
Skipurit og starfsmenn SI
Fulltrúar Samtaka iðnaðarins í stjórnun og nefndum

Útgefandi: Samtök iðnaðarins, Hallveigarstíg 1, Pósthólf 1450, 121 Reykjavík.
Sími: 511 5555, fax: 511 5566, www.si.is, e-mail: mottaka@si.is
Umbrot: Samtök iðnaðarins • Málfráðgjafi: Þóra Kristín Jónsdóttir
Prentvinnsla: Prentækni hf. •



Staða Íslands í Evrópu

Ágæti lesandi.

Stöðugleiki í efnahagsmálum og starfsumhverfi er nauðsynlegur þróttmiklu íslensku atvinnulífi og skilyrði þess að erlendir fjárfestar vilji festa fé sitt á Íslandi. Það verður æ augljósara að íslenska krónan er íslensku efnahagslífi of dýrkeypt vegna hárra vaxta, óöryggis sem henni fylgir og neikvæðum áhrifum á erlendar fjárfestingar. Efnahagsleg rök eru orðin yfirþyrmandi fyrir aðild að Evrópusambandinu og að taka upp evru í stað krónunnar. Það er óverjandi að íslenskt atvinnulíf fari á mis við þá kosti sem fylgja upptöku evrunnar á innri markaði Evrópu. Nægir að nefna að hvert umfram prósentustig í vöxtum kostar íslenskt atvinnulíf og almenning í landinu marga milljarða króna á ári.



Starfsskilyrði fyrirtækja

Stöðugleikinn er það sem iðnaður þarfnast umfram annað. Sveiflur í gengi, vöxtum og fjármagnskostnaði verður að forðast og nauðsynlegt er að ná vaxtastigi niður. Minnkandi verðbólga gefur fullt tilefni til þess. Í því sambandi ber að horfa til framtíðar en ekki fortíðar þegar Seðlabankinn metur stöðuna.

Stjórnvöld hafa fylgt eftir yfirlýsingum sínum um lagfæringar á skattkerfinu og því ber að fagna. Lækkun tekjuskatts er mjög mikilvæg en afnám stimpilgjalda og eignarskatts er ekki síður mikilvægt, til skamms tíma lítið. Þá ber að halda áfram að vinna að því að útrýma vörugjöldum sem fela í sér tvöfalt kerfi neysluskatta.

Samræmdar reglur eiga að gilda um innkaup ríkis og sveitarfélaga. Arðsemi á að ráða framkvæmdum og gæta verður þess að verklegar framkvæmdir hins opinbera ýti ekki undir sveiflur, heldur á að beita þeim til þess að draga úr sveiflum.

Menntun


Ein af grundvallarforsendum þess að Íslendingar standist alþjóðlega samkeppni er að þeir séu í fararbroddi í menntamálum. Tæknivæðing iðnaðarins er algerlega háð því að honum standi til boða samkeppnishæft vinnuafli. Iðnaðurinn þarf að koma mun meira að skipulagi og stjórn iðn-, verk- og tæknimenntunar á öllum skólastigum. Hjá því verður heldur ekki komist að auka fjárveitingar til iðn-, verk- og tæknimenntunar sem er afskipt í skólakerfinu.

Vinum okkur út úr vandanum

Árin 1994-2000 voru lengsta hagvaxtarskeið í sögu íslenska lýðveldisins. Þótt nú hafi illilega slegið í bakseglin standa vonir til að sú niðursveifla verði hvorki langvarandi né harkaleg. Það er hins vegar undir okkur sjálfum komið. Við eigum að hafa alla möguleika til að vinna okkur út úr þessum vanda og ná tökum á efnahagsmálanum og búa í haginn fyrir aukið samstarf við helstu viðskiptaþjóðir okkar í Evrópu. Það er því ánægjuefni að kannanir sýna að þar fer saman vilji almennings og fyrirtækjanna í samtökum iðnaðarins svo að ekki verður um villst.

Í þessari ársskýrslu Samtaka iðnaðarins er að vanda komið víða við og fjallað um helstu mál sem verið hafa á dagskrá á liðnu starfsári svo og umhverfi og starfsskilyrði íslensks iðnaðar. Ég þakka félagsmönnum og starfsmönnum fyrir gott og traust samstarf á liðnu starfsári.

Vilmundur Jósefsson



Rekstrarreikningur fyrir árið 2001 og áætlun 2002

	Rauntölur 2001 þús. kr.	Áætlun 2002 þús. kr.
Rekstrartekjur:		
Félagsgjöld	68.163	70.200
Iðnaðarmálagjald	208.780	209.000
Aðrar tekjur	11.970	40.200
Rekstrartekjur samtals	288.913	319.400
Rekstrargjöld:		
Laun og launatengd gjöld.....	115.453	122.600
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	29.267	28.600
Fundir, ráðstefnur og önnur samskipti	25.353	24.700
Kynningarstarfsemi	18.378	55.200
Útgáfa	7.078	9.500
Útibú og sérverkefni	32.245	34.400
	227.774	275.000
Afskriftir fastafjármuna	8.129	17.000
Rekstrargjöld samtals	235.903	292.000
Rekstrarhagnaður	53.010	27.400
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):		
Vaxtatekjur, verðbætur og gengistap	(4.602)	500
Arður	8.344	7.200
Vaxtagjöld	(1.267)	(4.800)
Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga.....	(7.843)	(4.700)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):	(5.368)	(1.800)
Hagnaður ársins	47.642	25.600

ÁRITUN ENDURSKOÐENDA

Við höfum endurskoðað ársreikning Samtaka iðnaðarins fyrir árið 2001. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 10.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé í aðalatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur í sér athuganir á gögnum með úrtaks-könnunum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.


Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri Samtaka iðnaðarins á árinu 2001, efnahag 31. desember 2001 og breytingu á handbæru fé á árinu 2001 í samræmi við lög Samtakanna og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 27. febrúar 2002

DFK Endurskoðun





Gunnar M. Erlingsson, löggiltur endurskoðandi



Efnahagsreikningur 31. desember 2001

	31.12.2001 þús. kr.	31.12.2000 þús. kr.
Eignir:		
Fastafjármunir		
Áhættufjármunir og langtímakröfur:		
Hlutabréf	243.172	214.980
Skuldabréf	39.010	45.300
	<u>282.182</u>	<u>260.280</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Framkvæmdir Borgartúni 35	77.762	0
Húsfélagið Hallveigarstíg 1.	128.643	131.155
Áhöld, innrétingar og bifreið	17.707	20.867
	<u>224.112</u>	<u>152.022</u>
Fastafjármunir samtals	<u>506.294</u>	<u>412.302</u>
Veltufjármunir:		
Bankainnstæður	7.194	26.999
Útistandandi tekjur	33.466	35.292
Iðnaðarmálagjald	21.345	24.137
Aðrar skammtímakröfur	25.530	14.440
	<u>87.535</u>	<u>100.868</u>
Veltufjármunir samtals	<u>87.535</u>	<u>100.868</u>
Eignir samtals	<u>593.829</u>	<u>513.170</u>
Eigið fé og skuldir:		
Eigið fé		
Stofnfé	175.582	175.582
Annað eigið fé	372.715	298.852
	<u>548.297</u>	<u>474.434</u>
Langtímaskuldir:		
Íslandsbanki hf.	0	13.333
Næsta árs afborganir	0	(13.333)
	<u>0</u>	<u>0</u>
Langtímaskuldir samtals	<u>0</u>	<u>0</u>
Skammtímaskuldir:		
Ógreidd rekstrargjöld	19.284	13.929
Ógreitt vegna hlutabréfakaupa	2.652	
Skuld við SA.	23.596	11.474
Næsta árs afborganir langtímaskulda	0	13.333
	<u>45.532</u>	<u>38.736</u>
Skammtímaskuldir samtals	<u>45.532</u>	<u>38.736</u>
Skuldir samtals	<u>45.532</u>	<u>38.736</u>
Eigið fé og skuldir samtals	<u>593.829</u>	<u>513.170</u>





Stjórn Samtaka iðnaðarins

Talið frá vinstri:

Sveinn Hannesson
framkvæmdastjóri SI

Friðrik Andrésson
Múrarmeistarafélag Reykjavíkur

Sverrir D. Hauksson
Grafík-Gutenberg

Formaður SI:

Vilmundur Jósefsson
Gæðafæði ehf.

Hörður Arnarsson
Marel hf.


Theódór Blöndal
Varmaverk ehf.

Jón Albert Kristinsson
Mýllan - Brauð hf.

Eiður Haraldsson,
Háfell ehf.

Varaformaður SI:

Hreinn Jakobsson
Skýrr hf.



Starf Samtaka iðnaðarins

Samtök iðnaðarins eru hagsmunasamtök fyrirtækja í framleiðslu- og þjónustuiðnaði og skyldum greinum. Meginhlutverk þeirra er að gæta hagsmuna þessara fyrirtækja á innlendum og erlendum vettvangi. Það gera þau með því að hafa áhrif á stefnu stjórnvalda, fjármálastofnana, opinberra stofnana og annarra sem móta starfsumhverfi iðnaðarins. Markmiðið er auðvitað að búa þeim starfsskilyrði sem tryggja eins og kostur er arðbæran rekstur og frjáls og hindrunarlaus viðskipti innan lands og utan.

Starf Samtakanna miðar allt að þessum markmiðum og segja má að það verði sífellt flóknara eftir því sem árin líða. Það eru æ fleiri þættir sem skipta máli og geta haft áhrif á samkeppnishæfnina. Einkenni síðustu 10 - 15 ára er einmitt að samkeppni, sú sem iðnaðurinn á í heima og erlendis, hefur vaxið jafnt og þétt og þess vegna skipta allir þættir í rekstrarumhverfinu máli og hver þeirra sem er getur skilið milli feigs og ófeigs í samkeppninni.

Fyrirtækin þurfa að halda vel á öllum þáttum sem eru á þeirra valdi og Samtök iðnaðarins hafa þess vegna í sívaxandi mæli látið til sín taka við að hvetja til og efla starf á sviði menntamála, gæðamála og framleiðslutækni svo að nokkuð sé nefnt. Þótt Samtökin leggi mikið af mörkum í þessum efnunum og veiti vaxandi þjónustu á þessu sviði er ljóst að hér ráða fyrirtækin sjálf mestu um eigin gerðir.

Fyrirtækin eiga hins vegar erfiðar um vik að hafa áhrif á almenn starfsskilyrði hvert um sig og þar kemur til kasta Samtakanna. Styrkur þeirra hefur vaxið jafnt og þétt með fjölgun félagsmanna og þess vegna er þeim kleift að láta til sín taka. Það gera þau með margvíslegum hætti ekki síst með samstarfi við stjórnvöld. Samtökin hafa á að skipa góðu starfslíði sem hefur góða þekkingu á viðfangsefnum sínum og getur sett fram skoðanir SI með skýrum og

greinargóðum hætti en SI leggja höfuðáherslu á vandaðan og vel rökstuddan málflutning. Þannig hafa þau oft en ekki erindi sem erfiði við að bæta starfsskilyrði iðnaðarins.

Áherslur stjórnar

Skömmu eftir Iðnþing 2001 kom ný stjórn Samtakanna saman til þess að móta áherslur og stefnu stjórnarinnar fram að næsta Iðnþingi og fer hún hér á eftir:

Staða Íslands í Evrópu

Stöðugleiki í efnahagsmálum og starfsumhverfi er nauðsynlegur þróttmiklu íslensku atvinnulífi og skilyrði þess að erlendir fjárfestar vilji festa fé sitt á Íslandi. Það verður æ augljósara að íslenska krónan er íslensku efnahagslífi of dýrkeypt, vegna hárra vaxta, óöryggis sem henni fylgir og neikvæðum áhrifum á erlendar fjárfestingar. Efnahagsleg rök fyrir aðild að Evrópusambandinu og að taka upp evru í stað krónunnar eru orðin yfirþyrmandi. Nægir að nefna að vaxtamunur milli Íslands og Evru-landa hefur numið mörgum prósentustigum undanfarin ár en hvert umframstig kostar atvinnulíf og almenning í landinu marga milljarða króna.

Það er ljóst að EES-samningurinn dugur Íslandi ekki til frambúðar og að Íslendingar eiga að skipa sér í sveit með öðrum Evrópuþjóðum innan ESB og taka þátt í mótun Evrópu og eigin framtíðar með þeim hætti sem sæmir fullvalda og sjálfstæðri þjóð.

Aðild að ESB og upptaka evrunnar er til hagsbóta fyrir atvinnulífið og almenning í landinu. Þess vegna er nauðsynlegt að hefjast þegar handa við að undirbúa aðildarumsókn og gera nauðsynlegar breytingar á stjórnarskrá svo að af aðild geti orðið. Bera á samning um aðild að ESB undir þjóðaratkvæði.

Starfsskilyrði fyrirtækja

Iðnaðurinn þarf að láta til sín taka í

umræðu um peningamál. Stundum hafa stjórnvöld og fjármálafyrirtæki á því sviði annarra hagsmuna að gæta en iðnaðurinn. Stöðugleikinn er það sem iðnaður þarfnast umfram annað. Sveiflur í gengi og hátt vaxtastig hafa vegið illilega að arðsemi fyrirtækja, sem sést best á fallandi gengi íslenska hlutabréfa.

Stjórnvöld verða að fylgja eftir yfirlýsingum sínum um lagfæringar á skattkerfinu. Fullt afnám stimpilgjalda og eignarskatts er mikilvægt, ekki síst til skamms tíma lítið. Þá ber að halda áfram að vinna að því að útrýma vörugjöldum sem fela í sér tvöfalt kerfi neysluskatta.

Hvetja þarf til þess að ríkið bjóði út sem flesta rekstrarþætti og stöðva eða a.m.k draga úr vexti samneyslunnar. Koma þarf í veg fyrir ríkisvæðingu t.d. í formi uppbyggingar deilda/stofna til þess að annast ýmiss konar rekstur og eftirlit, s.s. tölvurekstur, hugbúnaðargerð, ráðgjöf o.fl. Ríkið á ekki að fást við verkefni sem fyrirtækin ráða við.

Samræmdar reglur eiga að gilda um innkaup ríkis og sveitarfélaga. Arðsemi á að ráða framkvæmdum og gæta verður þess að verklegar framkvæmdir hins opinbera ýti ekki undir sveiflur, heldur á að beita þeim til þess að draga úr sveiflum.

Gæta þarf þess að unnar séu hag-tölur sem sýna sem nákvæmasta stöðu iðnaðarins á hverjum tíma og hún sé borin saman við stöðu og samkeppnishæfni erlendra keppinauta. Framleiðni iðnaðarins þarf að auka með öllum ráðum en jafnframt þarf að efla notkun gæðakerfa sem tryggja gæði framleiðslunnar um leið og þau eiga að draga úr þörf fyrir kostnaðarsamt eftirlit opinberra stofnana.

Taka þarf til gagn Gerrar endurskoðunar skipulag stjórnsýslunnar sem lýtur að atvinnulífinu í heild með það að markmiði að draga úr skiptingu og mismunun eftir atvinnugreinum.

Menntun

Ein af grundvallarforsendum þess að Íslendingar standist alþjóðlega samkeppni er að þeir séu í fararbroddi í menntamálum og að samspil menntakerfisins og atvinnulífsins sé með þeim hætti að íslensk fyrirtæki geti alltaf haft á að skipa menntuðum starfsmönnum sem efla og styrkja samkeppnishæfni þeirra.

Það er brýnt að iðnaðinum verði tryggð aðkoma að skipulagi og stjórn iðn-, verk- og tæknimenntunar á öllum skólastigum til þess að svo megi verða.

Auka þarf fjárveitingar til iðn-, verk- og tæknimenntunar og ennfremur að stórefla markvissa kynningu meðal ungs fólki á námi og fjölbreyttum og spennandi störfum sem tengjast iðnaði.

Viðfangsefni

Verkefni Samtakanna eru fjölmörg. Sum leysast fljótt og vel, önnur taka lengri tíma og enn önnur eru nánast eilífðarmál en skattamál, efnahagsmál og fleiri í þeim dúr verða ekki leyst í eitt skipti fyrir öll. Ástæðan er einföld. Heimur framleiðslu og viðskipta er síbreytilegur. Hér verður tæpt á örfáum málum sem hafa verið á borðum Samtaka iðnaðarins árið 2001.

Oliuverð

Innan Samtaka iðnaðarins eru fyrirtæki sem nota mikið af olíu á bíla, tæki, tól og við framleiðslutæki. Fyrir mörg þeirra, t.d. verktakafyrirtæki, er þetta snar þáttur í rekstrarkostnaði. Samtök iðnaðarins létu þess vegna þessi mál til sín taka á árinu þegar flest benti til þess að þróun olíuverðs til félagsmanna væri ekki í samræmi við verðlækkunar erlendis. Samtökin öfluðu sér gagna í málinu og vöktu athygli á þeim og kröfðust skýringa og lækkunar. M.a. óskuðu þau eftir því að iðnaðarráðherra beitti sér fyrir því að samkeppnisfyrirvöld lykju rannsókn, sem hafði

staðið um langt skeið, á verðmyndun olíufélaganna. Þá áttu þau fund með forráðamönnum eins olíufélaganna þar sem rætt var um verðlagninguna en þar komu ekki fram fullnægjandi skýringar að mati SI. Samkeppnisfyrirvöld sáu svo síðar ástæðu til þess að gera hús-rannsókn hjá olíufélagunum vegna gruns um verðsamráð.

Vextir

Fjármagnskostnaður er mjög háur hér á landi og samkvæmt þeim gögnum sem Samtök iðnaðarins hafa getað aflað sér, hefur vaxtamunur farið vaxandi undanfarið misseri og sömuleiðis ýmis þjónustugjöld bankanna. Því minni sem fyrirtækin eru því meira verða þau fyrir barðinu á þessari þróun. Svo virðist sem sú samkeppni, sem varð í kjölfar frjálsra fjármagnsflutninga og takmarkaðarar einkavæðingar í bankakerfinu, hafi gengið til baka. Samkvæmt ósk Samtaka iðnaðarins hefur iðnaðar- og bankamálaráðherra fyrirskipað að fjármálaeftirlitið skoði þessi mál ofan í kjölinn og hafi þróun síðustu 8 - 10 ára til hliðsjónar. Hitt er svo annað mál að vextir eru hér óbærilega háir í samburði við helstu samkeppnislönd og eru þeim málum gerð ítarlegri skil í umfjöllun um efnahagsmál í næsta kafla árs-skýrslunnar.

Útboðsmál

Framkvæmd útboða og lög og reglur þeim tengdar eru sífellt til umfjöllunar. Talsvert hefur miðað á síðustu misserum í því að koma lagi á regluverkið þegar ríkið á í hlut en því miður var ekki hlustað á kröfur SI um að láta reglurnar taka til sveitarfélaganna líka. Það stendur þó vonandi til bóta. Hitt gengur verr að fá menn til þess að fylgja settum reglunum og líka, sem ekki er síður mikilvægt, að beita heilbrigðri skynsemi við framkvæmdir. Þar eru uppi hin sígildu vandamál. Verk eru ekki fullhönnuð þegar þau eru boðin út, útboðsfrestur

er alltof stuttur og verktími sömuleiðis og þess er ekki gætt að dreifa verkefnum á vegum ríkisins með nægilega skynsömum hætti. Allt leiðir þetta til óþarfra vandræða, dýrari framkvæmda og mikilla sveiflna í verkefnum verktaka. Það er löngu tímabært að þessi mál verði færð til betri vegar öllum til hagsbóta.

Hafnamál

Enn hefur samgönguráðherra ekki lagt fram frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum þrátt fyrir ábendingar samkeppnisstofnunar í kjölfar kærur Samtaka iðnaðarins árið 1998 og tillögur nefndar sem hefur skilað ráðherranum tillögum sínum um breytt hafnalög. Hafnalögin hindra samkeppni og mismuna atvinnugreinum. Þá hafa þau í för með sér að ráðist er í óarðbærar framkvæmdir í og við hafnir víða um land. Það var sérlega dapurlegt að sjá hvernig stjórnmalamenn kepptust við að ausa út ríkisstyrkum til hafna og upptökumannvirkja sl. vor vitandi að yfirvofandi væru lagbreytingar sem myndu banna þessa ráðstöfun opinbers fjár. Samtök iðnaðarins vænta þess að yfirvöld sjái sóma sinn í því að breyta hafnalögum þegar í upphafi ársins 2002.

Samkeppnismál

Samtök iðnaðarins hafa í mörg ár reynt að fá samkeppnisfyrirvöld til þess að hafa virkt eftirlit með markaðsráðandi fyrirtækjum á neysluförumarkaði. Það hefur borið lítinn árangur enn sem komið er. Samtök iðnaðarins hafa verið og eru enn þeirrar skoðunar að sjálfsagt sé að hafa öflugt eftirlit með markaðsráðandi fyrirtækjum. Að sama skapi eru þau algjörlega mótfallin því að samkeppnisfyrirvöld banni samruna fyrirtækja nema e.t.v. í algjörum undantekningartilvikum þegar miklir þjóðhagslegir hagsmunir eru í húfi. Í samræmi við þetta gagnrýndu SI harkalega

bann samkeppnisyfirvalda við því að prentsmiðjan Oddi hf. keypti Steindórsprent-Gutenberg hf. Það var því sérstakt fagnaðarefni að úrskurðarnefnd samkeppnismála skyldi fella úrskurð samkeppnisráðs úr gildi og leyfa samrunann.

Europe's 500

Árangur íslenskra fyrirtækja í harðri

alþjóðlegri samkeppni er sem betur fer í mörgum tilvikum mjög góður og fjöldi fyrirtækja er í fremstu röð á sínu sviði. Gott dæmi um þetta er sá árangur sem náðst hefur undanfarin ár þegar settur er saman listi yfir 500 fram-sæknustu frumkvöðlafyrirtæki Evrópu. Á listanum 2001 voru sjö íslensk fyrirtæki, þar af þrjú úr röðum Samtaka iðnaðarins, þau GoPro Landsteinar



Group, TölvuMyndir hf. og Delta hf. Önnur fyrirtæki úr röðum SI hafa á undanföllum árum náð frábærum árangri í útrás og alþjóðavæðingu.

Efnahagsmál

Á Iðnþingi í mars kynnti nýr hagfræðingur Samtakanna, Þorsteinn Þorgeirsson, niðurstöður úr skýrslu sem hann vann ásamt öðrum hjá OECD um vænlegar breytingar á íslenska skattkerfinu. Þær leiðir sem bent var á í skýrslunni til að bæta skattakerfið - að afnema eignarskatta, hátektjuskatta og stimpilgjöld, lækka fyrirtækjaskatta og fækka vörugjöldum - vörðuðu atriði þar sem skattkerfi okkar hefur skorð sig úr miðað við skattkerfi í nágrannalöndunum. Frumvarp ríkisstjórnarinnar um breytingar á skattalögum, sem lagt var fram og samþykkt á haustmánuðum, náði til flestra þessara þátta þótt frekari breytinga sé þörf.

Sköðanakönnun Gallup á vormánuðum leiddi í ljós að mikill meirihluti félagsmanna var fylgjandi ESB aðild og helmingur þeirra vildi að evran yrði tekin upp hér á landi. Í sumarbyrjun hófu Samtökin að beita sér fyrir upplýstri umræðu í fjölmiðlum um kosti og galla aðildar Íslands að Evrópusambandinu og upptöku evrunnar. Í september var haldin myndarleg og vel sótt ráðstefna um evruna á Grand Hótel þar sem valdir sérfræðingar frá nágrannalöndunum komu og töluðu um fengna reynslu af ESB aðild og sameiginlegri

mynt. Það kom berlega í ljós hversu mikill akkur þátttaka í sameiginlegum markaði og hagstjórn hefur verið fyrir efnahagslíf þessara landa. Samtökin kölluðu ítrekað eftir vandaðri úttekt á kostum og göllum aðildar að ESB og upptöku evrunnar en stjórnvöld hafa daufheyrst við þeirri beiðni. Á seinni helmingi ársins sýndu sköðanakannanir að meirihluti Íslendinga var fylgjandi ESB aðild og upptöku evrunnar.

Á árinu settu Samtökin fram þá ósk að yfirvöld hröðuðu rannsókn á verðlagningu olíu en þrjú fyrirtæki hafa ráðandi stöðu á þessum markaði hérlandis. Einnig óskuðu Samtökin eftir að Viðskiptaráðherra léti athuga verðlagningu í bankabjónustu en allt bendir til að vaxtamunur og þjónustugjöld, sem

eru mun hærri hér en í Evrópu, hafi hækkað nýverið. Þess utan gerðu ýmsir aðrir athugasemdir um að álagning í smásöluverslun væri óhófleg. Samkeppnisvandamál virðast vera fylgiskur lítilla markaða.

Í umræðunni um efnahagsmál bar stjórn peningamála hæst. Ábending Samtakanna, sem m.a. kom fram í árskýrslu SI fyrir 2000, um nauðsyn þess að lækka vexti og breyta ramma peningastefnunnar var samhljóma aðgerðum Seðlabankans í lok mars. Gengisfall krónunnar á árinu og verðbólguástandi, sem fylgdi í kjölfarið, töfðu fyrir frekari lækun vaxta fram í nóvember. Raunvextir héldust háir á árinu og drógu úr þenslunni sem gerði mörgum fyrirtækjum erfitt fyrir. Á haustmánuðum


Tafla 1

Próun hagvaxtar (Magnbreytingar frá fyrra ári %)

	1999	2000	2001*	2002*
Einkaneysla	7.2	4.2	-2.0	-1.5
Samneysla	4.8	3.2	3.4	2.7
Fjárfesting	-2.4	12.8	-6.3	-14.0
Útflutningur vöru og þjónustu	4.8	6.3	5.7	-1.8
Innflutningur vöru og þjónustu	5.7	9.3	-6.8	-7.1
Verg landsframleiðsla	3.9	4.9	2.2	-1.0

Heimild: Þjóðhagsstofnun
* Áætlun/spá

Starfsskilyrði iðnaðar



var bent á að of hátt vaxtastig gæti dregið úr trúverðugleika efnahagsstjórnarinnar og leitt til enn lægra gengis krónunnar.

Samtökin ræddu einnig í fjölmiðlum undanlátssemi í ríkisfjármálum, sérstaklega hina öru launabólgu í opinbera geiranum. Sú þróun hefur haft óheppileg áhrif á launamyndun fyrirtækja og er hluti af þeim vanda að laun hækka hraðar en framleiðnin eykst en það kyndir undir verðbólguna. Þegar uppsögn kjarasamninga bar á góma í nóvember var bent á nauðsyn þess að stuðla að stöðugu verðlagi með aðhaldi í launum og búa jarðveginn undir frekari lækkun vaxta sem væri besta kjarabótin fyrir skuldsett heimilin.

Harðnar á dalnum

Árið 2001 urðu snörp umskipti í íslensku efnahagslífi. Uppsveifla undan-genginna ára einkenndist af lánadrifinni umframfyrirspurn og hagvexti á bilinu 4 til 5 prósent. Í kjölfar langvarandi hárra vaxta og falls krónunnar á gjaldeyrismarkaði byrjuðu þjóðarútgjöld að dragast saman á fyrri hluta ársins 2001. Samdráttar tók að gæta í mörgum innlendum greinum en þar sem samkeppnisstaða útflutningsgreina hafði lagast mikið jukust útflutningstekjur til muna og hagvöxtur hélst jákvæður á árinu eða tæp tvö prósent. Eins og tafla 1 sýnir er samsetning hagvaxtarins hins vegar gerólik því sem áður var því að nú gætir einkenna tveggja hraða hagkerfis þar sem fyrirtæki á heimamarkaði eiga

erfitt um vik en fyrirtæki í útflutningi blómstra. Efnahagsstjórn hinna háu vaxta bitnar því meira á fyrirtækjum á heimamarkaði.


Hægir á erlendra skuldasöfnun

Samdrátturinn í þjóðarútgjöldum, virkari gengisáhætta og hátt vaxtastig lögðust á eitt að hægja á lánastarfsemi eftir að útlán höfðu aukist óvenjuhratt í uppsveiflunni. Fyrirtæki og heimili fóru að grynna á skuldum og laga útgjöld að tekjum. Eins og mynd 1 sýnir eru þjóðarútgjöld tekin að nálgast landsframleiðsluna. Þetta sést einnig á því að erlend vöruskipti, sem voru með miklum halla undanfarin ár, stefna nú í átt að meira jafnvægi. Eins og mynd 2 sýnir þarf þjóðarþúð að greiða vexti af söfnuðum erlendum lánunum og erlend

viðskipti verða því með halla enn um sinn. Þessi aðlögun í átt til jafnvægis í erlendum viðskiptum er brýn og leggur nauðsynlegan grunn að auknu jafnvægi í þjóðarþúðskapnum á komandi árum.

Langvarandi spennan á vinnumarkaði

Með minnkandi þjóðarútgjöldum jókst atvinnuleysi á seinni hluta ársins. Eftir að hafa lækkað fram eftir ári náði atvinnuleysið lágmarki í ágúst, varð um eitt prósent, sem er með því lægsta sem þekktist í heiminum. Vegna minnkandi veltu í þjóðfélaginu jókst atvinnuleysi hratt á haustmánuðum og náði 2,5 prósentum í árslok. Þrátt fyrir það er atvinnuleysið enn undir því stigi sem nefnt er náttúrulegt (launabólguhlaut) atvinnuleysi en nýlegar mælingar benda til að það sé á bilinu 3 til 3,5 prósent héraendis. Við atvinnuleysi undir þessu stigi er líklegt að fyrirtæki og hið opinbera keppi um hæft starfsfólk. Afleiðingin verður óhóflegar launahækkanir sem sést vel á launum opinberra starfsmanna sem hafa hækkað langt umfram laun á almennum markaði. Á árinu fór launabólgan yfir 9 prósent sem er langt umfram framleiðni vinnuafis. Eins og mynd 3 sýnir hefur launabólgan verið langt umfram tæplega tveggja prósent



aukningu í framleiðni undanfarin ár og því leitt til meiri verðbólgu. Meiri verðbólga er nú farin að draga úr hinni miklu kaupmáttaraukningu undanfarinna ára. Þetta sýnir að innistæðulausar launahækkningar leiða til aukins atvinnuleysis, óstöðugleika og þverrandi kaupmáttar.

Verðbólga allt of mikil

Verðbólga hélt áfram að aukast vegna áframhaldandi lækkunar á gengi krónunnar og launaskriðs. Þó eru vísendingar um að megnið af launaskriði og gengisfalli sé þegar komið út í verðlagið. Ef framleiðsluslaki myndast á árinu 2002 mun öldur verðhækkana lægja. Samt bendir margt til þess að takmörkuð samkeppni á sumum sviðum á innlendum markaði leiði til þess að verð hækki umfram kostnað. Meðan Ísland býr við sína litlu mynt er viðbúið að verðlagning hérlendis verði ekki nægilega gegnsæ og samkeppni þar af leiðandi minni en ella. Þátttaka okkar á hinum sameiginlega markaði EES gagnast okkur því ekki nema að takmörkuðu leyti. Upptaka evrunnar mun fjarlægja þá viðskiptahindrun sem krónan er og stækka heimamarkað Íslendinga. Það mun auka samkeppni á innlendum markaði og gera verð- og launamyndun áþekkari því sem gerist á Evru-svæðinu, en við það mun verðbólga minnka. Jafnframt mun verðlag verða stöðugra þegar dregur úr áhrifum gengisbreytinga. Evran mun því bæta mikið allar forsendur hagrænna athafna.

Versnandi afkoma fyrirtækja

Eftir fjögurra prósentu hagnað árið 1999, breyttist afkoma fyrirtækja á árinu 2000 til hins verra þegar gengismunur af erlendum lánum fyrirtækja vegna lækkunar á gengi íslenskrar krónu og lægra gengis verðbréfa breytti jákvæðri afkomu fyrir afskriftir og fjármagnsliði í tap. Vegna samdráttar í þjóðarútgjöld-

um, hárra vaxta, frekari lækkunar gengisins og launabólgu langt umfram aukningu framleiðninnar er líklegt að arðsemi margra fyrirtækja hafi haldist lítil árið 2001. Þetta á aðallega við fyrirtæki á heimamarkaði því að fyrirtæki í útflutnings- og samkeppnisgreinum hafa getað bætt sér tjónið með auknum útflutningstekjum. Það fer ekki á milli mála að sveiflur í gengi krónunnar, há laun og krónuvextir hafa undanfarin ár skaðað fyrirtæki sem hafa átt í virkri samkeppni undanfarin ár. Þótt lægra gengi krónunnar hjálpi nú mörgum þeirra að ná arðsemi á ný mun samkeppnisstaða þeirra versna aftur ef launa- og verðbólga hjaðnar ekki mikið á árinu.

Hagkvæmar breytingar á skattalögum

Á haustmánuðum lagði ríkisstjórnin fram frumvarp til laga um breytingar á skattkerfinu. Ákvæði, sem varða fyrirtækin, taka gildi skattárið 2002. Skattahlutföllum og viðmiðunarfjárhæðum var breytt þannig að tekjuskattur fyrirtækja lækkar úr 30% í 18%, eignarskattur lækkar úr 1,2% af stofni í 0,6%, tryggingagjald hækkar að vísu á móti úr 5,23% í 5,85%, sérstakur eignarskattur er afnuminn og viðmiðunarmörk fyrir eigna- og hátekjuskatt hækkar. Um leið er verðbólguleiðrétting í skattskilum afnumin til að gera bókhald hérlendis sambærilegt við það sem tíðkast annars staðar. Þá var ákveðið að gefa fyrir-

tækjum valkost á að nota fyrri aðferðina út árið 2003. Einnig var einstaklingum í atvinnurekstri auðveldað að breyta rekstri sínum yfir í einkahlutafélag. Fyrirtækjum er jafnframt gert kleift að færa bókhald og ársreikninga í erlendri mynt en þó með skilyrðum um erlend eignatengsl eða að þau hafi tekjur eða skuldir í erlendri mynt. Um leið verða slík fyrirtæki að telja fram til skatts í krónum en það útheimtir tvöfalt bókhald. Kostnaðurinn verður því nokkur og auk þess losna fyrirtækin ekki við þá gengisáhættu sem tengist rekstri hérlendis. Að lokum verður leyft að skrá verð hlutafélaga í erlendri mynt.


Allar þessar breytingar eru af hinu góða og eiga eftir að auka umsvif fyrirtækja hérlendis en hafa ber í huga að lækkun tekjuskatts nýtist ekki nema fyrirtæki séu rekin með arði. Að auki er nauðsynlegt að verðbólga haldist lítil til að tryggja að nýjar reikningsskilaaðferðir leiði ekki til aukinnar skattheimtu. Að lokum þarf að breyta reglum um fyrningar og meðferð söluhagnaðar til að þær verði sambærilegar því sem gerist í nágrannalöndunum.


Peningastjórnin er of aðhaldsöm

Ljóst er að nauðsynlegt var að draga úr þjóðarútgjöldum árið 2001 til að skapa traustari grundvöll fyrir sjálfbær- an hagvöxt. Hátt vaxtastíg Seðlabankans hefur stuðlað að þessu þótt byrðin

Mynd 3

Óhófleg launaþróun (Meðaltal 1998-2001)





hafi lagst miðþungt á einstakar greinar en mest á fyrirtæki á innlendum markaði. Um leið varð landsframleiðslan jákvæð vegna aukinna útflutningstekna. Það tvennt hefur dregið hratt úr því misvægi sem birtist í stórkostlegum viðskiptahalla undanfarin ár. Nú er útlit fyrir að hagvöxtur verði neikvæður árið 2002. Þar með skapast forsenda til að lækka vexti, sem eru mun hærra hér en erlendis, jafnvel þótt verðbólguáhrifin hafi verið lengur að hjaðna en búist var við. Þegar vaxtastigið er metið út frá verðbólguvæntingum til eins árs kemur í ljós hve hátt það í raun er. Mynd 4 sýnir að raunvextir hafa verið töluvert hærra hérlendis en í viðskiptalöndum okkar undanfarin sjö ár, eða frá því að frelsi til fjármagnsflutninga var aukið til muna. Þótt framleiðsluslakinn skapi forsendu fyrir frekari vaxtalækkun er ekki víst að þessi munur á raunvaxtastiginu hér og erlendis minnki verulega vegna gengisáhættu þeirri sem fylgir krónunni.

Ekki nægilegt aðhald í ríkisfjármálum

Vandi íslenskrar efnahagsstjórnar hefur verið nátengdur vaxandi samneyslu en hún hefur aukist úr 16,5 prósentum af landsframleiðslunni árið 1980 í tæp 24 prósent árið 2001. Nú er því spáð að þetta hlutfall nái 24,5 prósentum árið 2002 en það er með því hæsta sem þekktist innan OECD ríkjanna. Margar ástæður eru fyrir því að

snúa þessari þróun við. Minnkað vægi hins opinbera dregur úr óheppilegum áhrifum þess á hagkerfið í gegnum skatta-, launa- og lántökukostnað. Aukið aðhald í ríkisútgjöldum dregur einnig úr þörf Seðlabankans fyrir að hækka vexti til að sporna við því að hagkerfið ofhitni. Um leið minnkar það líkurnar á því að til hallareksturs komi við skilyrði samdráttar í efnahagslífinu, sem er sérstaklega mikilvægt eftir að skattahlutföll hafa verið lækkuð. Því er ljóst að hóflegri samneysla mun stuðla að auknu jafnvægi í þjóðarþúskaðum og meiri hagvexti.

Batnandi horfur en nokkrir áhættuþættir

Ýmislegt bendir til þess að það versta sé afstaðið hvað varðar niðursveifluna, gengislækkun og verðbólgu tengda henni. Verðbólgan ætti að halda áfram að hjaðna vegna myndunar framleiðsluslaka, þótt óvissa tengd þeirri þróun sé nokkur. Gengi krónunnar virðist vera að styrkjast. Hækkun Úrvalsvisítölunnar bendir jafnframt til aukinnar bjartsýni í viðskiptalífinu. Örvöxtur útflutningsgreina árið 2001 og hugsanlegar álvers- og virkjanaframkvæmdir á komandi árum geta viðhaldið háu framleiðslu- og atvinnustigi en um leið haft þau áhrif að verðbólgan verður skammt undan. Því er viðbúið að vaxtastigið haldist nokkuð hátt sem mun gera fyrirtækjum á heimamarkaði áfram erfitt fyrir. Fyrirtæki í útflut-

ingsgreinum eru þó betur í sveit sett vegna gengisfellingarinnar og það vegur upp á móti.

Í hinu litla hagkerfi okkar eru nokkrir áhættuþættir. Langvarandi hátt vaxtastíg, lausafjárskortur og samdráttur í einkaneyslu gerir mörgum fyrirtækjum erfitt fyrir. Slíkt eykur hættu á gjaldþrotum sem hefði keðjuverkandi áhrif á framvinduna. Þótt hætta á slíku virðist ofmetin, miðað við að málin þróuðust betur en á horfðist á haustmánuðum 2001, er hugsanlegt að ekki séu öll kurl komin til grafar. Þá eru líkur á slakri tekjuþróun á útflutningsmörkuðum okkar í ár, sem getur valdið meiri samdrætti í útflutningi en nú er gert ráð fyrir. Á hinn bóginn getur ferðamannastraumur til landsins orðið meiri en reiknað hefur verið með á árinu sem mun hafa jákvæð áhrif á hagvöxtinn. Því getur brugðið til beggja vona.

Ef framleiðsluslakinn verður meiri á árinu en núverandi spár gera ráð fyrir hjaðnar verð- og launabólga hraðar en nú er útlit fyrir. Á móti kemur að hætta af uppsögn kjarasamninga er ekki liðin hjá. Ef til uppsagnar þeirra kemur mun það skapa óhagræði bæði fyrir fyrirtæki og launþega. Samt er ekki útlit fyrir frekari launahækkunir miðað við líklega framvindu efnahagslífsins á árinu.

Mikil óhagkvæmni vegna krónunnar

Þegar á heildina er litið er óumdeilanlegt að tap þjóðarþúskaðs af því að gera út á litla mynt er verulegt. Þetta birtist ekki bara í tíðum gengissveiflum, heldur langvarandi háum vöxtum og verðbólgu. Eins og mynd 5 sýnir hafa íslensk fyrirtæki mátt búa við miklar sveiflur í gengi krónunnar. Áður fyrr var mikil verðbólga helsta afleiðingin af gengisfalli. Hin síðari ár hefur afleiðingin orðið bæði herra vaxtastíg og meiri verðbólga en í nágrennanríkjum okkar.

Á síðust öld fylgdi krónunni mikil

Starfsskilyrði iðnaðar

verðbólga sem hafði margvísleg skadleg áhrif á hagrænar athafnir sem erfitt er að meta til fjár. En íslensk fyrirtæki og heimili hafa þolað margt annað óhagræði vegna krónunnar, tengt ónógrri samkeppni í verðlagningu á vöru og þjónustu og erfiðleikum við að lada erlenda fjárfesta að innlendri starfsemi. Það sem upp úr stendur er að fjármögnun efnahagsstarfseminnar hefur um árabil verið mjög dýrkeypt. Bæði er þetta vegna gengisáhættu, sem hefur aukist eftir að krónan var sett á flot og að það skortir á samkeppni á fjármagnsmarkaði vegna þess að krónan virkar sem hindrun á aðkomu erlendra fjármálastofnana að innlendum markaði.

Frá 1994, þegar fjármagnsflutningar urðu frjálssir, hafa raunvextir hérlendis að meðaltali verið um 2,4 prósentum hærri en í viðskiptalöndum okkar. Miðað við innlendar skuldir á tímabilinu, sem jukust úr 530 í um 1200 milljarða krónur, hefur sá kostnaður, sem hlýst af þessum mun á stýrivöxtum seðlabanka numið 90 milljarða og þá er vaxtastigið tengt verðbólgunni ekki tekið með inn í reikninginn. Þar á ofan má svo bæta þeim vaxtamun sem er að finna í íslenska bankakerfinu en hann hefur verið áberandi mestur í Evrópu (ESB þjóðir ásamt Noregi og Sviss) frá 1990. Eins og mynd 6 sýnir var vaxtamunur

íslenska bankakerfisins tvöfalt meiri en meðaltal vaxtamunar hjá evrópskum bönkum árin 1996 og 1999. Flest bendir nú til að vaxtamunurinn hafi aukist hérlendis árið 2001. Ofan á þetta bætist að þóknatekjur og gengishagnaður íslenska bankakerfisins er hlutfallslega einnig tvöfalt hærri en í Evrópu. Með tilkomu evrunnar hurfu þóknarir tengdar gengisviðskiptum milli þjóða Evrópu. Því er útlit fyrir að bankakostnaður Íslendinga haldist mjög hár á meðan hann lækkar frekar víðast hvar í Evrópu. Við þetta er að bæta að skortur á samkeppni á öðrum mörkuðum birtist í herra verði hérlendis.

Af framangreindu má sjá að kostnaður hérlendra fyrirtækja er hærri en þeirra sem þau keppa við alþjóðlega. Að auki verður óstöðugleiki í gengis- og

verðlagsmálum meiri hérlendis en í ESB á meðan við notumst við litla mynt. Við þær aðstæður verður hagkvæmni í ráðstöfun fjármagns og vinnuafli minni hérlendis, fjárfesting og útflutningur eiga undir högg að sækja. Allt leggst þetta á eitt að gera hagvöxt hér minni en hann gæti verið.

Varleg áætlun bendir til þess að þjóðin greiði um þrjú prósent af landsframleiðslunni árlega í aukakostnað sem má rekja til krónunnar. Áhrifin á hagvöxt þarf að meta með haglíkani en víst má telja að þjóðin förne mikilvægum hagvexti á ári hverju í þá óhagkvæmni sem fylgir krónunni.

Evrar mun auka hagvöxt

Uptaka evrunnar mun eyða vaxtamuninum gagnvart Evrópu og færa verðlag hérlendis nær því sem þar er vegna þess að samkeppnin á hinum stóra sameiginlega markaði verður virkari án krónunnar.


Þótt virkjana- og stóriðjuáform eða aukið sjávarfang geti vegið upp á móti þessu óhagræði breyta þau ekki þeirri staðreynd að hagkerfi Íslands verður seint samkeppnisfært meðan krónan er við lýði. Skattabreytingarnar vega vissulega upp á móti þessu óhagræði fyrir fyrirtækin en þær geta ekki talist varanleg lausn þar sem alþjóðleg skattasamkeppni er líkleg til að halda áfram.

ESB aðild og uptaka evrunnar

Mynd 5

Kostnaðurinn við krónuna:

meiri verðbólga, gengisveiflur og vaxtamunur




Heimild: Seðlabanki Íslands og OECD

Mynd 6

Dýrt bankakerfi á Íslandi*

Hreinar rekstrartekjur í %



Heimild: OECD Bank Profitability 2001

* Meðaltal Evrópu nær yfir 15 ríki ESB ásamt Noregi og Sviss

munu hins vegar auka hagkvæmni í hagkerfinu varanlega. Þessi aukna hagkvæmni er ein meginástæðan fyrir samrunaferlinu í Evrópu og eðlileg viðbrögð við aukinni samkeppni á tímum alþjóðavæðingar. Evran mun færa þjóðarþúinu aukinn verðstöðugleika og heimilum, fyrirtækjum og hinu opinbera það lága verðlag og vaxtastig sem tíðkast á hinum stóra heima-

markaði Evrópusambandsins. Það mun jafnframt auka hagkvæmni í ráðstöfun fjármagns og vinnuafis. Allt þetta mun auðvelda fyrirtækjum okkar að fóta sig í alþjóðlegri samkeppni. Þátttaka í Peninga- og myntbandalaginu mun síðan bæta efnahagsstjórnina með því að stuðla að því að ríkisfjármálin séu í samræmi við peningastefnu sambandsins. ESB aðild og upptaka evr

unnar munu því færa okkur mun betri skilyrði til að hámarka sjálfbæran hagvöxt og lífsskjör í landinu. Jafnvel þótt hagvöxtur aukist bara um eitt prósentustig árlega við það að ganga í ESB og taka upp evruna nægir slíkur hagvöxtur til að tvöfalda landsframleiðsluna á einum mannsaldri.

Nýsköpun og þróunarmál

Mikilvægi rannsókna og þróunarstarfs fyrir fyrirtæki og í þágu almennrar velferðar hefur líklega aldrei verið meira en einmitt nú. Fáir efast lengur um að fjárfesting í rannsóknum og þróun geti verið arðvænleg forsenda framfara og bættra lífsgæða en verðmætin í þessu ferli verða helst til í höndum einstaklinga og fyrirtækja. Skynsamleg fjárfesting í þessum efnum skilar sér þannig inn í þjóðarþúinu með margföldunaráhrifum. Það er því engin tilviljun að þær þjóðir, sem náð hafa lengst í lífsgæðum og verðmætasköpun, standa efst á þeim kvarða sem mælir útgjöld til rannsókna og þróunarstarfs sem hlutfall af þjóðarframleiðslu.

Árangurinn af rannsókna- og þróunarstarfsemi mælist þó ekki í útgjöldum, heldur í þeim verðmætum og lífsgæðum sem hún skilar. En hvernig tryggjum við sem besta skilvirkni þróunarstarfs og nýtingu þess takmarkaða fjármagns sem er til ráðstöfunar í þessu skyni.

Menn verða þó seint sammála um einföld svör við þessari spurningu en eitt af því sem hefur haft mikil áhrif er tenging rannsókn- og þróunarstarfsins við þarfir þeirra sem geta hagnýtt sér niðurstöð-urnar eða með öðrum orðum „þarfir viðskiptavinanna.“

Það hefur einnig sýnt sig að rannsóknir og þróunarstarf, sem unnið

er á vegum fyrirtækja, skila sér mun fyrir í formi seljanlegrar vöru og þjónustu en rannsóknir á vegum háskóla- og rannsóknastofnana. Með þessu er þó ekki verið að fullyrða að rannsóknir háskóla- og rannsóknastofnana eigi síður rétt á sér enda leiða þær margar hverjar til stofnunar nýrra sprotafyrirtækja.

Eins og sjá má á myndinni hefur íslenskt atvinnulíf tekið vel við sér í rannsókn- og þróunarstarfi á undanförunum árum. Þetta er hagkvæm þróun sem hefur skipað okkur í fremstu röð þjóða á þessu sviði. Meginaukninguna má rekja til aukinna umsvifa þekkingarfyrirtækja sem eru mörg hver í fremstu röð í heiminum á sínum sviðum. Þá hefur smærri þekkingarfyrirtækjum stórfjölgað að á sama tíma, ekki síst á sviðum upplýsinga-, líf- og heilbrigðistækni.

Fjármögnunar- og starfsumhverfi þessara fyrirtækja á Íslandi var nokkuð gott fram á síðasta ár en með hrúni hlutabréfamarkaða og samdrætti á síðasta ári hafa aðstæður slíkra fyrirtækja stórversnað. Því er brýnt að finna nýjar leiðir til að hlúa að þeim og það fyrir en seinna ef við viljum ekki að þessi grasrót veslist upp og hverfi.

Á síðasta ári vann stjórn Samtaka iðnaðarins að því að skerpa afstöðu sína og áherslur varðandi rannsókn- og þróunarstarf. Tilfnið var m.a. að á

ársfundi Rannís setti menntamálaráðherra fram tillögur sem fela í sér nokkuð róttækar breytingar á skipulagi og starfsemi Rannís og sjóða á vegum ráðsins.

Samtök iðnaðarins telja að vel þurfi að skoða heildarmynd nýsköpunar- umhverfis atvinnulífsins áður en ráðist verður í umfangsmiklar breytingar á einum afmörkuðum þætti hennar. Þau telja nauðsynlegt að skilgreina þau markmið og mælikvarða árangurs, sem ætlunin er að ná fram með þessum breytingum, til að tryggja sem víðtækasta sátt um framkvæmdina. Í þessu sambandi þarf að huga sérstaklega að sjálfu stefnumótunarferlinu og aðkomu atvinnulífs og annarra hagsmunaaðila að því. Inn í þá mynd þarf að taka framtíðarþróun rannsókna- og menntastofnana, samspil þeirra í milli og tengslin við atvinnulífið. Fleiri sjóðir og stuðningsaðilar koma líka inn í þá mynd.

Megintillaga SI er fólgin í að efnt verði til víðtæks samráðs og stefnumótunar um þá framkvæmd þar sem áhersla verði lögð á að skilgreina þann árangur sem að er stefnt og þær forsendur sem þurfa að vera fyrir hendi í umhverfi nýsköpunar og rannsókna í landinu til að árangur verði sem mestur.

Breidd atvinnulífsins er hins vegar meiri en svo að hægt sé að skipa öllum

Starfsskilyrði iðnaðar

fyrirtækjum á sama bás þegar aðkoma þeirra og þarfir varðandi rannsóknir og þróunarstarf eru skilgreindar. Skipta má fyrirtækjunum í a.m.k. fjóra meginhópa m.t.t. þátttöku þeirra og hagsmuna í rannsókn- og þróunarstarfi:

Í fyrsta hópnum eru lítil fyrirtæki sem hvorki stunda rannsóknir né tæknilegt þróunarstarf. Sjálfstætt þróunarstarf þessara fyrirtækja er lítið og einkum fólgið í að laga sig að breytingum á markaði og að tileinka sér nýjungar í tækni, vöru- og þjónustuframboði auk ýmiss konar stjórnunar- og verklagsverkefna. Slík fyrirtæki geta þó verið notendur niðurstaðna rannsókn- og tækniverkefna og haft mikla hagsmuni af því að slíkar niðurstöður séu sem aðgengilegastar.

Í öðrum hópnum eru stærri fyrirtæki sem hvorki stunda sjálfstætt rannsókn- né tæknilegt þróunarstarf um þessar mundir en hafa bolmagn til þess og hagsmuni af því, m.a. í tengslum við eigin framleiðslutækni-, vöruþróunar- og markaðsstarf. Þessi fyrirtæki geta verið með mikið vöruþróunar- og markaðsstarf en eru frekari í hlutverki


notenda tækni- og rannsóknaniðurstaðna. Þau eru þannig áhugaverðir samstarfsaðilar þeirra sem þróa tækni, þekkingu og nýjar aðferðir.

Í þriðja hópnum eru lítil en oft vaxandi þekkingarfyrirtæki sem byggjast á tækni- og rannsóknastarfi. Það sem einkennir þau er að stór hluti starfsemi þeirra er bundinn í rannsókn-, þróunar- og tæknistarfi. Hins vegar eru mörg þeirra nýstofnuð og hafa ekki haft ráðrúm til að byggja upp mikið tekjustreymi. Bolmagnid er því oft en ekki takmarkað og mikið markaðs- og þróunarstarf óunnid. Þessi fyrirtæki þurfa fyrst og fremst aukið fjármagn í þróunar- og markaðsstarfið en þurfa auk þess á stuðningi að halda í ýmsu öðru formi. Áhætta og óvissa í rekstri slíkra fyrirtækja er talsverð en ef vel gengur eiga þau góða möguleika á vexti á alþjóðlegum markaði á næstu árum. Þessi fyrirtæki skiptir einnig miklu máli að eiga góðan aðgang að vel menntuðu fólki.

Í fjórða hópnum eru öflug þekkingarfyrirtæki með eigin rannsóknir og öflugt tækni- og þróunarstarf. Þau eru

sum hver í fremstu röð á sínu sviði á alþjóðlegum markaði og eiga að baki langt og árangursríkt þróunar- og markaðsstarf. Fjárhagslegt og þekkingarlegt bolmagn þeirra er mikið og mörg vinna að metnaðarfullum og stórum rannsókn- og þróunarverkefnum í fjölbreyttu samstarfi bæði innan lands og utan. Samstarf þessara fyrirtækja við háskóla- og rannsóknastofnanir getur orðið þeim mjög til framdráttar sem og að virkja nemendur til verkefnavinnu tengda rannsóknanami. Þau fjármagna verkefni sín að töluverðu leyti úr eigin rekstri, á hlutabréfamarkaði eða úr norrænum eða evrópskum rannsóknasjóðum. Mótframlög fyrir leiðbeiningu, kostnaði og aðstöðu vegna nemenda eru þó æskileg til að hvetja til samstarfs. Hér á landi eru þekkingarfyrirtæki í fremstu röð sem þegar hafa sýnt fram á að þau nýta þróunarfjármagn sitt vel. Þau reida sig á vel menntað starfsfólk en stuðningur við slík fyrirtæki hér á landi er hins vegar ekki sambærilegur því sem stendur til boða annars staðar á Norðurlöndum. Sem dæmi má nefna að stærstu þekkingarfyrirtæki á Norðurlöndum, s.s. Nokia og Ericsson njóta, þrátt fyrir stærðina, talsverðs stuðnings þróunar- sjóða í sínum heimalöndum. Þetta þarf- nast frekari athugunar.

R & Þ útgjöld (á verðlagi 1999) og hlutfall R & Þ af VbF 1971-2001




Rannsóknarráð Íslands

Starfsemi Rannís, og þá sérstaklega Tæknisjóds, hefur skipt mörg fyrirtæki í þekkingariðnaði, og reyndar líka í almennum iðnaði miklu máli þannig hafa nokkur þeirra fyrirtækja, sem nú eru í fremstu röð íslensks þekkingariðnaðar, notið mikilvægs stuðnings Tæknisjóds meðan þau voru lítil og vaxandi.

Vissulega má margt betur fara í starfsemi sjóðsins og mörgum finnst t.d. umsóknar- og matsferlið flókið miðað við það fjármagn sem í boði er. Eftir því sem umsóknum fjölgar minnka líkurnar á því að fá stuðning. Það þykir

Ný skipan vísinda- og tæknimála samkvæmt nýjum lagafrumvörpum



Því varla fyrirhafnarinnar virði lengur að sækja um. Ástæðan er sú að framlög til sjóðsins hafa ekki haldið í við verðlag og alls ekki þróast í takt við fjölda þeirra fyrirtækja sem nú eru verðugir umsækjendur. Til þess að mæta þörfum þessa ört vaxandi hóps fyrirtækja þyrfti því að stórauka ráðstöfunarfé Tæknisjóðs og þá ekki síst í ljósi þess hruns sem orðið hefur á hlutabréfamarkaði og hjá áhættufjármagnssjóðum undanfarið. Ein besta fjárfestingin, sem ríkið gæti lagt í við núverandi aðstæður, væri að öllum líkindum að tvö- til þrefalda framlög sín til Tæknisjóðs. Samhliða auknum fjárfraumlögum ætti að fara fram endurskoðun á verklagsreglum sjóðsins m.t.t. þess að mæta betur þörfum fyrirtækja, t.d. varðandi opnari umsóknarfresti, svo að nokkuð sé nefnt.

Starfsemi Vísindasjóðs hefur til þessa verið fjarlægari fyrirtækjunum en Tæknisjóður og einkennst af takmörkuðu fjármagni sem reynt hefur verið að skipta „bróðurlega“ milli fjölmargra rannsóknaverkefna á vegum háskólanna og í takmörkuðum mæli rannsóknastofnana. Í reynd hefur sjóðurinn verið eins konar framlengt launakerfi háskólanna og þá fyrst og fremst Háskóla Íslands til að fylla í launaumslög prófessora og ungra vísindamanna sem starfað hafa við fremur kröpp kjör.

Sjóðurinn hefur alls ekki megnad að mynda kjölfestu í stórum rannsóknaverkefnum og fjarlægð hans frá fyrirtækjaumhverfinu takmarkar og hægir á árangri á mælikvarða verðmætasköpunar. Það væri vissulega þess virði að virkja betur þá krafta sem búa í ungum vísindamönnum og efla tengsl þeirra við fyrirtæki. Ef slík tenging væri eflað, yrðu aukin framlög til Vísindasjóðs án efa góð og arðbær fjárfesting. Auknu fjármagni þyrftu þó að fylgja aukin stjórnunarleg tengsl og aðgengi atvinnulífsins að fagráðum Vísindasjóðs.

Auk fjármögnunar rannsóknasjóðanna hefur Rannís þjónað fyrirtækjum með ýmsum öðrum hætti sem einnig væri mikilvægt að efla. Þar má nefna kynningu og hvatningarstarf varðandi alþjóðlegt rannsóknasamstarf, forverkefni fyrir Evrópusamstarf, tækniáætlunir í fyrirtæki og á vettvangi, markáætlanir auk ýmiss konar upplýsingaþjónustu. Þetta eru allt þættir sem skipta máli og mikilvægt er að efla í ljósi nýrra þarfa og tækifæra í alþjóðlegu umhverfi. Þá væri áhugavert að skoða sérstaklega þann kost að efla markáætlanir á tilteknum styrkleikasviðum (clusters), þar sem möguleikar okkar til að skapa verðmæti og ná markaðslegum árangri eru fyrir hendi. Í þessu sam-

bandi má nefna svið eins og tækni fyrir sjávarútveg og matvælavinnslu, heilbrigðistækni, mannvirkjagerð á norðurlóðum, tækni- og vörubrúun sem tengist nýtingu jarðhita auk upplýsinga- og líftækni. Með samstilltu átaki ólíkra aðila (notenda og þróunaraðila) sem tengjast viðkomandi sviðum, mætti lyfta stærra taki í tækniþróun og uppbyggingu þekkingar en unnt er með litlum afmörkuðum verkefnum. Samstarfsvettvangur sjávarútvegs- og iðnaðar og Heilbrigðistæknivettvangur eru góð dæmi um samstarf af þessum toga sem þegar hefur sannað gildi sitt.

Yfirstjórn rannsókna- og þróunarmála á hærra stig

Að frumkvæði menntamálaráðherra liggja nú fyrir þrjú lagafrumvörp sem snúa að skipulagi á þessu sviði, þ.e. frumvarp forsætisráðherra um „Vísinda- og tækniráð Íslands“, frumvarp menntamálaráðherra um „opinberan stuðning við vísindarannsóknir“ og frumvarp iðnaðar- og viðskiptaráðherra um „opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins.“ Í þessum tillögum er gert ráð fyrir 18 manna Vísinda- og tækniráði með þátttöku forsætisráðherra auk ráðherra menntamála, iðnaðar og fjármála. Auk þess er gert ráð fyrir að ráðherrar sjávarútvegs, landbúnaðar, heilbrigðis- og umhverfismála tilnefni í ráðið ásamt aðilum vinnu- markaðarins og háskóla. Fyrirhugað skipulag kemur fram á meðfylgjandi mynd.

Það eru vissulega jákvæð merki um aukinn metnað og vilja stjórnvalda til að auka veg rannsókna- og þróunarstarfs að færa yfirstjórn málaflöksins efst í stjórnkerfi landsins eins og fram kemur í tillögum ráðherranna. Sú ráðstöfun ætti að draga úr togstreitu milli atvinnugreina, rannsókna- og menntastofnana inni í ráðinu. Átján manna ráð virðist að visu nokkuð stórt og árangur mjög

kominn undir skilvirku verklagi. Þá skiptir líka miklu máli að vel takist til með tilnefningar og mönnun í ráðinu. Þá er mikilvægt að ráðið efni til viðtæks samráðs um stefnumótun og framtíðarsýn og skapi starfseminni fjárhagslegan ramma til að takast á við metnadarfulla uppbyggingu og nýjungar.

Grunnrannsóknir og menntun ungra vísindamanna

Í upphaflegum tillögum menntamálaráðherra eru þau markmið höfð að leiðarljósi að efla grunnrannsóknir og menntun ungra vísindamanna. Menntun ungra vísindamanna er vissulega verðugt verkefni sem má tengja starfsemi Vísindasjóðs (eða nýs Rannsóknasjóðs) og þá sérstaklega í þeim tilgangi að nálgast með því starfsemi fyrirtækja. Þá er einkum horft til grunnrannsóknaverkefna sem geta leitt af sér hagnýtt gildi. Enginn deilir um mikilvægi menntunar en eðlilegra er að sá þáttur sé á ábyrgð menntamálaráðuneytis og flokkist með útgjöldum til menntamála í stað rannsókna og þróunar. SI vara hins vegar við því að blanda viðfangsefnum rannsókna og menntunar of mikið saman þar sem það getur dregur úr skilvirkni, sérstaklega þar sem markmið eru ólík.

Sameining Tæknisjóðs og Vísindasjóðs – til hvers?

Í upphaflegum tillögum menntamálaráðherra kom fram að sameina ætti Tæknisjóð og Vísindasjóð og leggja þá fjármuni í grunnrannsóknir og menntun ungra vísindamanna og vísa svo fyrirtækjum, sem leita fjármagns í rannsókn- og nýsköpunarverkefni, alfarið á Nýsköpunarsjóð án þess að leggja fram neina nýja fjármuni.

Í endurnýjuðum tillögum, sem kynntar hafa verið nýlega, stendur enn til að sameina Tæknisjóð og Vísindasjóð í nýjan Rannsóknasjóð undir yfirstjórn menntamálaráðherra en til við-

bótar er sett fram sú hugmynd að í stað Tæknisjóðs verði stofnaður nýr sjóður, „Tækniþróunarsjóður,“ undir yfirstjórn iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Ekkert hefur hins vegar gefið upp um stærð eða fjármögnun þessa sjóðs. Ennþá þarf því að geta í eyðurnar til þess að reyna að átta sig á áhrifum þessara breytinga á starfsskilyrði iðnaðar og atvinnulífsins. Það má jafnvel furða sig á tilgangi þess að sameina sjóði og stofna svo nýjan á sama tíma án þess að fyrir liggi skýr markmið með slíkum breytingum. Hver á svo að vera heildarniðurstaðan af þessum breytingum? Miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar verður ekki betur séð en að þær 200 milljónir, sem Tæknisjóður hafði áður til ráðstöfunar og fyrirtæki gátu sótt um, verði enn vandsóttari en áður og þótti mörgum fyrirtækjum þetta nógu erfitt fyrir.

Ofan á þetta bætist að mjög hefur dregið úr áhættuvilja og getu fjárfestingarsjóða og áhættufjárfesta og aðgangur að áhættufé gegnum hlutabréfmarkaðinn hefur gerbreyst til hins verra að undanfögnu. Því er ljóst að aðgangur nýsköpunar- og þekkingar-fyrirtækja að fjármagni er nú þegar orðinn mjög erfiður um þessar mundir og gæti versnað enn ef ekkert nýtt fjármagn kemur inn í það ferli. Að þessu þarf því að huga sérstaklega og það strax áður en ráðist er í breytingarnar. Annars er hætta á stórslysi í íslensku nýsköpunarumhverfi.

Byrjum á réttum enda!

Samtök iðnaðarins ítreka að vænlegast sé að byrja slíkt breytingaferli á því að skilgreina þann árangur sem sóst er eftir. Hér þarf að skoða heildarmyndina en ekki bara afmarkaða þætti hennar. Þannig er auðveldara að átta sig á hverju þarf að breyta til að ná þeim árangri. Hlutverk hinna ólíku aðila málsins þarf einnig að vera vel skilgreint ef færa á verkefni milli þeirra. Allt þetta

þarf að móta í opnu og öflugum stefnumótunarferli áður en ráðist er í að njörva skipulagsbreytingar í lög.

Rannsóknastofnanir atvinnuveganna

Á síðasta ári kynnti iðnaðarráðherra nýja stefnu um hlutverk rannsóknastofnana iðnaðarins. Samtök iðnaðarins fögnuðu þeirri viðleitni sem fölst í því að rétta hlut stofnana iðnaðarins í samanburði við aðrar rannsóknastofnanir í landinu. Hins vegar bentu Samtökin á að verulegar breytingar hafa átt sér stað í skipulagi og starfsumhverfi íslensks atvinnulífs á undanfögnu árum og að löngu sé tímabært að fækka og stækka rekstrareiningar í þessari starfsemi eins gerst hefur víða annars staðar í atvinnulífinu. Því miður virðist blasa við uppgjöf hvað þennan þátt varðar í útspli ráðuneytisins.

Það hefur lengi verið stefna Samtaka iðnaðarins að tímabært sé að brjóta niður þá múra sem allt of lengi hafa staðið milli rannsóknastofnana og ráðuneyta og ná fram raunverulegri sameiningu og endurskipulagningu í íslensku rannsókn- og þekkingarumhverfi. Þrátt fyrir þetta fjölgar stöðugt gráum svæðum í samkeppni og samstarfi milli margra smárra rekstrareininga og stuðningsumhverfi fyrirtækjanna varðandi rannsóknir, þróun og þjónustu verður óþarflega flókið.

Í mörgum stærri ríkjum, t.d. Finnlandi, hafa menn fyrir löngu tekið á þessum málum og eru með eina öfluga rannsóknastofnun, VTT, sem starfar á flestum sviðum atvinnulífsins. Hvers vegna getum við ekki gert slíkt hið sama í miklu minna samfélagi?

Samtök iðnaðarins lýstu hins yfir sérstökum stuðningi við þau áform í tillögum ráðherra að vinna að eflingu framleiðni í íslenskum iðnaði bæði hjá Iðnteknistofnun og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins. Starfsemi IMPRU hefur að mati Samtakanna farið vel af

Starfsskýrði iðnaðar

Þjónusta/fjöldi erinda (þar af samþykkt)	1998	1999	2000	2001
Stofnsjóður - styrkir	41(24)	60(34)	57(21)	40(16)
Stofnsjóður – fjárfestingar (hlutafé)	164(25)	87(20)	137(32)	176(63)
Stofnsjóður - áhættulán	ekki í boði	120(62)	132(52)	149(59)
VöMa – styrkir	143(74)	89(55)	42(23)	24(14)
Tryggingadeild útlutningslána	14(5)	10(4)	6(3)	5(1)
Þjónusta/heildarfjárhæð afgr. erinda	1998	1999	2000	2001
Stofnsjóður - styrkir	74,8	75,7	108,7	97
Stofnsjóður – fjárfestingar (hlutafé)	946,6	630	725	1664
Stofnsjóður - áhættulán	ekki í boði	146	185	175,5
VöMa - styrkir	124,5	60,8	15,1	13,5
Samtals	1145,90	912,5	1033,80	1950

stað og bera að efla. Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins þarf hins vegar að skilgreina betur hlutverk sitt varðandi þjónustu við framleiðendur byggingarvара. SI hafa í þessu samband unnið að tillögum um CE-merkingar byggingarvöru m.a. í samstarfi starfsmenn Rb.

Samtök iðnaðarins eiga aðild að stjórnnum Iðntæknistofnunar og Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og geta með þeirri aðild komið sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi einstaka þætti. Samtökin hafa hins vegar engin formleg tengsl við Orkustofnun, sem er miður, því að sú staðreynd blasir við að á þeim sviðum, sem stofnunin starfar, felast miklir möguleikar í iðnaði. Eitt þeirra sviða, sem mjög þyrfti að efla, er t.d. framleiðsla tækja og búnaðar sem tengist nýtingu jarðvarma. Þá þarf að efla rannsóknir á nýtingu jarðvarma í iðnaði og ferlum sem tengjast hreinum orkugjöfum. Þetta er dæmi um svið sem á vissan hátt hefur orðið útundan e.t.v. vegna þess að það lendir á gráu svæði milli tveggja stofnana - Iðntæknistofnunar og Orkustofnunar í þessu tilviki.

Um leið og Samtök iðnaðarins taka undir vitleitni iðnaðarráðherra til að efla rannsóknir og þjónustu stofnana iðnaðarins er bent á það tækifæri sem

felst í að endurskoða um leið skipulag og jafnvel að sameina starfsemi þeirra. Samtök iðnaðarins lýsa yfir fullum vilja til að taka þátt í slíkri umræðu, þar með talið um rekstrarform og tengingar við tæknimenntun í landinu.

Þótt nokkur tími sé liðinn frá því að iðnaðarráðherra lagði fram framangreinda stefnuyfirlýsingu ber enn lítið á aðgerðum í því sambandi og enn minna á fjármunum. Það er því líkt með þessum áformum og tillögum menntamálaráðherra í málefnum Rannís að nettóáhrifin eru vandséð meðan engir nýir fjármunir fylgja yfirlýsingunum.

Nýsköpunarsjóður

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hefur nú starfað í rúmlega fjögur ár. Samtök iðnaðarins fylgjast sem fyrr með starfsemi sjóðsins og eiga aðild að stjórn hans auk þess að koma að rekstri Vöruþróunar- og markaðsdeildar. Sjóðurinn starfaði á síðasta ári samkvæmt nýju skipuriti og áherslum sem lagðar voru í stefnumótun hans á árinu 2000 þar sem góð sátt náðist um starfsemina.

Árið 2001 bárust Nýsköpunarsjóði 406 erindi og hafa þau aldrei verið fleiri. Af þessum fjölda voru 188 vegna hlutafjárþátttöku en voru 143 árið áður. Helstu skýringar á fjölgun erinda má

rekja til minna framboðs á fjármagni til framtaksfjárfestinga hér á landi í kjölfar erfiðleika á hlutafjármörkuðum. Sjóðurinn samþykkti þátttöku í 29 fyrirtækjum á síðasta ári og hefur nú fjárfest í liðlega 80 fyrirtækjum frá því að hann var stofnaður árið 1998.

Eftirfarandi tafla sýnir umsvif NSA á ólíkum starfssviðum sjóðsins á undanförunum árum.

Ljóst er að mikil umskipti hafa orðið á fjármagnsmarkaði frá nánast offramboði til mikils skorts. Ávöxtun á þessum markaði hefur hrunið og á síðasta ári varð sjóðurinn fyrir nokkru tapi eins og aðrir fjárfestar á þessum markaði. Endanlegt uppgjör Nýsköpunarsjóðs fyrir árið 2001 liggur þó ekki fyrir þegar þetta er skrifað. Mikilvægi sjóðsins hefur þó sennilega aldrei verið meira því að á meðan aðrir áhættufjármagnsjóðir hafa nánast dregið sig út af markaðnum þá hefur Nýsköpunarsjóður enn veitt áhættulán, styrki og fé til hlutafjárkaupa í nokkrum mæli þótt auðvitað hafi menn orðið sýna aukið aðhald í samdrættinum.

Þannig liggur einnig fyrir að sjóðurinn mun draga verulega úr nýfjárfestingum sínum á þessu ári.

Norrænt samstarf

Formannafundir

Formenn norrænu iðn- og atvinnurekendafélaganna áttu árlegan fund í ágúst og var hann haldinn í Helsinki. Efnahagsmál voru að venju rædd en að öðru leyti var mikið rætt um alþjóðavæðinguna og áhrif hennar. Menn voru sammála um mikilvægi þess að halda jafnvægi í þeirri umræðu og að nauðsynlegt væri að koma á framfæri jákvæðum atriðum alþjóðavæðingarinnar til mótvægis við þá mynd sem birtist þegar greint er frá mótmælum og óeirðum sem beinast gegn alþjóðavæðingunni. Einnig var rætt um þann lýðfræðilega vanda sem er að skapast vegna aldursdreifingar þjóðanna í Vestur-Evrópu og meðfylgjandi skorti á vinnuafli.

Framkvæmdastjórafundir

Framkvæmdastjórar Norrænu iðnaðar- og atvinnurekendasamtakanna hittast að jafnaði þrisvar á ári. Á þessum fundum bera menn saman bækurnar og upplýsa um þróunina í efnahags- og stjórnmálum hver í sínu landi. Einnig eru á dagskrá málefni á borð við alþjóðlega viðskiptasamninga, stækkun ESB og ýmis mál er varða vinnumarkað og starfsskilyrði fyrirtækja á Norðurlöndum. Fyrir okkur Íslendinga er sérlega mikilvægt að vera þátttakendur í þessari samvinnu Norðurlandþjóða þar sem afstaða er mótuð til þeirra mála sem eru á dagskrá hjá UNICE en á þeim vettvangi er okkar eina tækifæri til að koma á framfæri skodunum okkar á stefnu ESB í þessum málaflokkum.

Ráð litilla og meðalstórra fyrirtækja

Að þessu sinni var fundur haldinn í Tromsø í Noregi í september og var Håndværksbedriftenes Landsforening í Noregi gestgjafi en formaður þar er hárgreiðslumeistarinn Aud Fredriksen. Á fundinum var einkum fjallað um starfsskilyrði smáfyrirtækja en þar voru

efst á baugi sameiginlegar áhyggjur af miklum fjármagnskostnaði og versnandi þjónustu bankakerfisins þegar smáfyrirtæki eiga í hlut. Þá var skoðaður stór tæknigarður sem er miðstöð nýsköpunar- og þróunarstarfs í Norður-Noregi og fundað með forsvarsmönnum þar. Ljóst er að Norðmenn veita miklu fjármagni til þessara málafna.

Viðskiptapólitik

Svo vildi til að árlegur fundur sérfræðinga um alþjóðleg viðskiptamál var haldinn í Helsinki daginn eftir hina hörmulegu atburði í New York og Washington hinn 11. september. Þeir atburðir settu mark sitt á fundinn og varð mönnum tíðrætt um hvaða áhrif þeir myndu hafa á þróun viðskipta í heiminum, ekki síst innan WTO. Þá var rætt um viðskiptaumhverfið í Rússlandi sem er mjög erfitt, samfélagslega ábyrgð fyrirtækja erlendis, áhrif stækkunar ESB. Loks var rætt um EES samninginn og voru menn sammála um að framtíð hans væri tæpast björt eða löng.

Fyrirtækja- og viðskiptalöggjöf

Árlegur fundur lögfræðinga samtaka í iðnaði um fyrirtækja- og viðskiptalöggjöf var haldinn í Helsinki í júní. Rætt var um samkeppnisrétt, hlutafélagalöggjöf, hugverkarétt, rafræn viðskipti og margt fleira. Þetta er ómetanlegur vettvangur til þess að fylgjast með þróun löggjafar á öðrum Norðurlöndum og raunar ekki síður Evrópuréttarins. Mönnum varð tíðrætt um þróun samkeppnisréttar innan ESB og verkskiptingu milli framkvæmdastjórnarinnar og samkeppnisyrivalda í einstökum ríkjum.

Staða Íslands í Evrópu - skoðanir iðnaðarins

Það verður sífellt brýnna að íslenskir



stjórnmálamaður og íslensk stjórnvöld taki af skarið í Evrópumálunum. Iðnaðurinn hefur gert upp hug sinn og vill láta til skarar skriða. Í ræðu sinni á Iðnþingi 2001 sagði Vilmundur Jósefsson: „Í þessum efnun dugar ekki lengur að bíða og sjá. Það á að taka ákvörðun um að sækja um aðild að ESB án tafar og hefjast handa við að undirbúa samningaviðræður og búa okkur undir aðildina og þær breytingar sem hún hefur í för með sér.“

Vilmundur færði rök fyrir þessari niðurstöðu sinni m.a. með þessum orðum: „Jafnvægið hefur raskast og samningurinn þróast ekki í takt við það sem gerist innan ESB. Allt veldur þetta því að það er óviðunandi fyrir íslenskan iðnað og atvinnulífið almennt að standa utan ESB og er heldur varla boðlegt fyrir Íslendinga sem sjálfstæða þjóð að búa við EES-samninginn eins og málin hafa þróast á undanförunum misserum. Enn er þó ótalin ein veigamesta ástæðan fyrir því að við gerumst aðilar að ESB. Hún er sú að íslenska krónan er orðin okkur of dýrkeypt. Hún skapar vandamál í hagstjórn, vaxtabyrði og gengissveiflur sem bitna á fyrirtækjunum og gera rekstrarskilyrði þeirra óbærileg. Krónan kemur í veg fyrir eðlilegar fjárfestingar innlendra og erlendra fyrirtækja á Íslandi. Hún er orðin okkur sem myllusteinn um háls. Við þurfum að kasta krónunni og taka upp evru. Til þess þurfum við aðild að ESB. Það er eina leiðin til þess að tryggja stöðugt gengi gagnvart helstu viðskiptalöndum okkar, ná niður vöxtum og tryggja fjárfestingar í atvinnurekstri á Íslandi.“

Það sem gerst hefur á árinu 2001 eftir að Vilmundur flutti ræðu sína hefur allt bent til sömu áttar og það er orðið enn skýrara en áður hve efnahagslega mikilvægt það er fyrir Ísland að ganga í ESB og taka upp evru. Gildir það bæði um atvinnulífið og almenning í landinu.

Árið 2001 gerði Gallup nokkrar kannanir fyrir Samtök iðnadarins um viðhorf til Evrópumála. Í febrúar sögðust 43% landsmanna fylgjandi aðild að ESB, 36% andvígir og 21% sögðust hvorki fylgjandi né andvígir.

Í júlí gerði Gallup könnun meðal félagsmanna SI og sögðust 58% fylgjandi aðild að ESB, 30% á móti en 12% sögðust hvorki fylgjandi né andvíg. Tæp 70% töldu aðild góða fyrir efnahag Íslands og 67% eru hlynnt því að taka upp evru í stað krónunnar.

Í ágúst sögðust 50% landsmanna hlynnt aðild að ESB, á móti voru 37% en 13% hvorki fylgjandi né andvíg. Í sömu könnun kom í ljós að 45% eru á

móti því að taka upp evru, 44% eru hlynnt því en 11% taka ekki afstöðu.

Þessar kannanir sýna svo að ekki verður um villst að iðnadirinn og fólk-ið í landinu er reiðubúið til þess að láta reyna á aðild að ESB. Efnahagslegar staðreyndir benda til sömu áttar. Stækkunarferli ESB, stækkun Evrusvæðis og vandræði með framtíð EES-samningsins gefa hið sama til kynna.

Rannsóknir, þróun og tæknimenntun á háskólastigi

Árlegur fundur systursamtaka SI á Norðurlöndum um rannsóknir, þróun og tæknimenntun á háskólastigi fór fram í Helsinki í ágúst sl. Að venju var rætt um rannsókn- og nýsköpunarkerfið og tengsl atvinnulífs, háskóla og rannsóknastofnana í því sambandi. Þá var farið yfir stöðu mála í evrópskum rannsóknáætlunum og samstarfi Norðurlanda á þessum sviðum. Samstarf systursamtakanna á þessu sviði hefur staðið lengi og er mikilvægur vett-

vangur skoðanaskipta, yfirsýnar og þekkingaruppbyggingar á sviðinu.

Að þessu sinni var umræðan fyrirferðarmikil um tæknimenntun á háskólastigi og þann skort sem er alls staðar á tæknimenntuðu fólki. Atvinnulífið er alls staðar að koma með virkari hætti inn í stjórnun og stefnumótun háskóla. Veruleg uppstokkun var t.d. gerð á stjórnfyrirkomulagi danska tækniháskólans DTU sem á síðasta ári var gerður að sjálfseignarstofnun með aðild atvinnulífsins. Það má því segja að Danir hafi orðið fyrri til og hrundið í framkvæmd því sem stefnt var að hér á landi á síðasta ári að stofna nýjan tækniháskóla. Umræðan um þau áform vakti einmitt mikla athygli starfsbræðra okkar á fundi hópsins árið áður. Þótt ekkert hafi enn orðið af þessum breytingum hér á landi getum við kannski yljáð okkur við það að hafa orðið frændum okkar Dönnum hvatning til dáða á þessu sviði.

Ráðgjafanefndir EFTA og EES

Ráðgjafanefnd EFTA hélt þrjá fundi á árinu auk þess að eiga fundi með fastanefnd EFTA og EFTA ráðherrum. Lögð var áhersla á þróun mála innan ESB, áhrif stækkunar, framhald Lissabonfundarins og mögulega uppfærslu EES samningsins. Jafnframt fjallaði nefndin um evruna, samþykktir

fyrir Evrópufyrirtæki og félagslega ábyrgð stjórnenda fyrirtækja. Önnur mál sem vert er að nefna eru tillaga um ESB einkaleyfastofu, uppfærsla EFTA samningsins og ný lota Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar.

Í framhaldi af breyttum áherslum undanfarinna ára hefur verið lögð á-

hersla á að auka samráð og samskipti við þingmannanefndina og stýrindefndir EFTA samstarfsins. Eftir því sem ímynd EES samningsins dofnað vex mikilvægi þess að þeir, sem standa okkar megin að samningnum, leggist á eitt til að tryggja framtíð hans.

Samtök iðn- og atvinnurekenda í Evrópu UNICE

Á árinu var til lykta leidd nokkurra missera endurskoðun á starfsháttum samtakanna. Sú endurskoðun leiddi m.a. til þess að nýr framkvæmdastjóri var ráðinn í stað Dirk Hudig og hóf hann störf 1. janúar 2002. Nýi framkvæmdastjórinn heitir Philippe de Buck og var áður framkvæmdastjóri belgísku

málmiðnarsamtakanna. Binda má vonir við að UNICE geti í framtíðinni einbeitt sér að meginviðfangsefni sínu; að hafa áhrif á ákvarðanir stofnana Evrópusamstarfsins fyrirtækjum og atvinnulífinu til góðs.

Með auknum áhrifum Evrópuþingsins og sífellt vaxandi umsvifum

ESB á sviði félags- og vinnumarkaðsmála hafa áherslur í starfi UNICE breyst á undanförunum árum. Mikilvægi þess að öll aðildarsamtökin sameini krafta sína í erindrekstri gagnvart stofnunum bæði ESB og aðildarríkjanna er öllum ljóst. Sífellt færast í aukana að fulltrúar aðildarsamtaka

UNICE í Brussel starfi sameiginlega að tilteknum hagsmunamálum. Má þar helst nefna vinnu við að fylgja eftir ákvörðunum leiðtogafundar ESB í Lissabon og að sama skapi hefur vinna við atvinnuáætlanir aðildarríkjanna tekið umtalsverðan tíma. Ekki er gert ráð fyrir þátttöku ríkja utan ESB í þessum verkefnum. Þátttaka okkar hefur

þess vegna falist í því að fylgjast með úr fjarlægð. Innan EFTA er hins vegar töluverður áhugi á þátttöku í hvoru tveggja. Fastafulltrúar aðildarsamtaka UNICE í Brussel hafa um nokkurt skeið haft með sér formlegt samstarf um samskipti við þingmenn á Evrópuþinginu. Það hefur gefið góða raun en snertir okkur næsta lítið.



Evrópuskrifstofa atvinnulífsins í Brussel – ESAB

Samtök atvinnulífsins eru að mörgu leyti í svipaðri stöðu og íslensk stjórnvöld á vettvangi Evrópusamstarfsins. Þau þurfa að verja þóftuna, ekki einungis gagnvart nýjum aðildarríkjum ESB heldur og vaxandi minnisleysi stofnana ESB þegar EES samningurinn er annars vegar.

Nýjar áherslur og ný viðfangsefni ESB setja sífellt meiri svip á starfsemi Evrópuskrifstofunnar. Í mörgum tilvikum er staða EFTA/EES ríkjanna gagnvart þessum nýju viðfangsefnum óljós. Það hefur þess vegna í auknum mæli komið í hlut skrifstofunnar að halda merkjum EES samningsins á lofti

í Evrópusamstarfi vinnuveitenda. Innan ræða þeirra gæti aukins skilningsleysis á því að einhverjir geti verið með án þess að axla að fullu ábyrgð og útgjöld sem fylgja samstarfinu. Ekki er þó ástæða til að örvænta um stöðu okkar í samstarfi Evrópusamtaka.

Eðlilega er umfang starfseminnar í Brussel ekkert í líkingu við umsvif samtaka frá aðildarríkjum ESB sem þurfa að beita sér gagnvart öllum stofnunum sambandsins í erindrekstri sínum. Við höfum tök á að velja viðfangsefni eftir þörfum hverju sinni. Fyrir utan vinnu- markaðs- og félagsmál bar málefni upplýsingasamfélagsins og hugsanlega

einkaleyfastofu ESB hátt. Umfang upplýsingasamfélagsins eins og það er rekið innan ESB er mikið og innan íslensku samtakanna er stefnt að því að ná utan um þann málaflokk á skikkannlegan hátt.

Fastir liðir eins og venjulega voru þátttaka í fundum hjá UNICE og ESB auk hefðbundinnar forfallaþjónustu á fundum sem fólk hafði ekki tök á að sækja.

Malta sótt heim

Samtök iðnrekenda og Verslunarráð Möltu buðu Jóni Steindóri Valdimarsyni, aðstoðarframkvæmdastjóra Samtaka iðnaðarins, til Möltu dagana 21. - 22. júní síðastliðinn. Á opnum fundi iðnrekenda og Verslunarráðsins flutti Jón Steindór erindi sem hann nefndi: European Intergration, The Case of Iceland.

Haldnir voru fundir með fulltrúum stjórnvaldaflokkanna tveggja á Möltu,

Nationalist Party og Labour Party en þá greinir mjög á í Evrópumálinum. Að síðustu var svo fundað með aðstoðarmanni forsætisráðherra og aðal- samningamanni Möltu í viðræðum við ESB.

Tilgangur þessarar heimsóknar var fyrst og fremst sá að kynna stöðu Íslands í Evrópumálum út frá sjónarhóli Samtaka iðnaðarins, kosti og galla EES-samningsins og hver væri líkleg

framvinda varðandi hugsanlega aðild Íslands ESB. Það var ákaflega fróðlegt að ræða þessi mál og það kom vissulega á óvart hversu umræðan er um margt keimlík hér og á Möltu enda þótt löndin virðist við fyrstu sýn eiga fátt annað sameiginlegt annað en að vera á útjaðri Evrópu og íbúar þeirra meðal fámennustu þjóða álfunnar.

Mannvirkjagerð - byggingariðnaður

Fyrirtækjum í byggingariðnaði hefur vegnað með betra móti undanfarin ár. Verkefnastaðan hefur verið góð og gefið tilefni til að fyrirtæki geti haft stjórn á starfsemi sinni með auðveldari hætti en oft áður. Þegar þetta er skrifað eru ýmsar blikur á lofti sem benda til þess að framkvæmdir kunni að draga saman og fyrirtækin þurfa því að halda vöku sinni og bregðast við með aðhaldsaðgerðum í samræmi við það. Verkefnastaðan næstu misseri ræðst að nokkru af ákvörðunum sem teknar verða um framkvæmdir við virkjanir og stóriðju.

Naumur verktími

Þótt verkefnastaðan hafi verið með betra móti hefur það ekki skilað sér í betri afkomu fyrirtækja í byggingariðnaði. Ástæður þess má einkum rekja til þess að verkkaupar hafa í vaxandi mæli skammtað verktímann svo naumt að verktakar eiga fullt í fangi með að skila verki á tilsettum tíma. Til þess að svo megi verða hafa þeir orðið að lengja vinnudag starfsmanna sinna og því hefur hagkvæmni ekki orðið eins mikil og ella gæti verið. Því hefur stundum verið haldið fram að eðlisfræðilega séð geti verktakar ekki unnið verkin innan hins þrönga tímaramma sem þeim er ætlaður. Þar að auki þarf oft á tíðum að sinna mörgum verkum samtímis á sama stað sem getur verið tafsamt og gerir

öllum óhægt um vik. Þetta vinnulag verkkaupa þarf að breytast til batnaðar og ennfremur það sem snýr að útboðum almennt. Ekki síst þarf að sjá til þess að verktakar fái ráðrúm til að reikna þau. Samtök iðnaðarins hafa á árinu haft afskipti af nokkrum slíkum útboðum fyrir félagsmenn sína.

Endurskoðun byggingarlaga

Fyrir nokkru boðaði umhverfisráðuneytið að skipulags- og byggingarlög yrðu endurskoðuð. Skipaður verður starfshópur til að endurskoða lög og þar munu Samtök iðnaðarins eiga fulltrúa og má búast við að sú vinna hefjist á þessu ári. SI hafa oft lýst yfir því að nokkrir hnökur væru á lögnum og munu því vinna að því að koma athugasemdum sínum á framfæri í starfshópnum. Í kjölfar endurskoðunar laganna er ætlunin að endurskoða byggingarreglugerðina.

CE merkingar

Á árinu var unnið að breytingum á 120. gr. byggingarreglugerðarinnar en þar er fjallað um vottanir og CE merkingar byggingarvara. Þeirri vinnu er að ljúka og telja SI að náðst hafi viðunandi árangur

Innra starf

Starfsemi SI á byggingasviði snýst fyrst og fremst um tvo hópa, starfs-

greinahóp í byggingariðnaði og Félag byggingaverktaka sem stofnað var á árinu. Á þeim vettvangi hefur verið fjallað um ýmis mál sem varða byggingariðnað og þar hafa félagsmenn fengið tækifæri til að móta starf Samtakanna í byggingamálum. Þá hafa stjórnir meistarafélaganna staðið fyrir fundum vor og haust þar sem rædd hafa verið mál sem snúa að iðngreinum, námi og starfsréttindum.

Á árinu hafa Samtök iðnaðarins tekið þátt í tveimur rannsóknaverkefnum á byggingasviði. Þau varða byggingaúrgang og framleiðni í byggingariðnaði og eru jafnframt hluti af norrænu verkefni. Þátttaka fyrirtækja innan Samtakanna í rannsóknaverkefnunum hefur verið mjög mikilvæg og má segja að þau hafi verið þungamiðja starfsins.

Erlent samstarf

Samtökin áttu nokkuð gott samstarf við systurfélögin á Norðurlöndum og sátu meðal annars nokkra fundi með fulltrúum þeirra þar sem skipst er á upp-lýsingum og skoðunum um byggingariðnaðinn og möguleika hans í hverju landi fyrir sig. Gegnum þessi tengsl hafa einnig fengist gagnlegar upplýsingar af ýmsu tagi sem komið hafa að góðu gagni í árána rás.

Jarðvinnuverktakar - Félag vinnuvélaeigenda

Það er fátt sem eykur bjartsýni á jarðvinnuarkaði nema helst að biða þar til ráðist verður í stóriðjuframkvæmdir með tilheyrandi virkjunarframkvæmdum. Þangað til verður vandlifað fyrir fyrirtækin og þá sem atvinnu hafa af starfsemi tengdri jarðvinnu. Í könnun, sem SI gerðu sl. haust

meðal iðnfyrirtækja innan sinna raða um ástand og horfur, kom í ljós að flest fyrirtæki í jarðvinnu sjá sig knúin til að fækka starfsfólki verulega.

Um margra ára skeið hafa jarðvinnuverktakar kallað eftir jafnara verkframbóði en markaðurinn hefur alla jafna verið á þann veg að framboð verkefna

er mjög árstímabundið. Verkefni hrannast upp á mjög skömmum tíma yfir hásumarið. Að sumarlagi er markaðurinn yfirspenntur en strax á fyrstu haustdögum dregur úr verkefnaframboði. Í haust var samdrátturinn bæði harkalegri og víðtækari en áður. Nær ekkert var boðið út af nýjum verkefnum

og þau fáu verk sem komu til útbóðs voru unnin fyrir verð sem er langt undir kostnaðaráætlun eða á hálfvirði. Einna verst er ástandið nú á suðvesturhluta landsins enda var spennan þar mest. Á liðnu þenslutímabili virtist góðærið aldrei ná til jarðvinnunnar. Á þeim markaði voru og eru tilboð lág og framboð langt umfram eftirspurn. Þenslan færði atvinnugreininni ekki herra verð eða betri afkomu. Hún jók hins vegar kostnað fyrirtækjanna. Það gerir ástandið nú enn verra því að ekki tókst sem skyldi að styrkja eiginfjárstöðu þeirra og því er tapþol nú lítið. Við fyrstu merki samdráttar neyðast fyrirtækin til þess að segja upp starfsfólki.

Ný mæling á rekstrarkostnaði vörubifreiða og vinnuvéla

Á miðju ári hófu SI í samvinnu við Vegagerðina að birta á heimasíðu SI vísitölur fyrir rekstrarkostnað vörubifreiða og tækja sem eru í eigu Vegagerðarinnar. Vegagerðin reiknar vísitölurnar á grunni kostnaðarbókhalds stofnunarinnar og eru hlutföll eða vægi einstakra kostnaðarliða ákvörðuð samkvæmt reynslu hennar. Vakin er sérstök athygli á að bæði kostnaður og hlutföll einstakra kostnaðarliða eru mismunandi frá einum rekstrararaðila til annars. Þannig mæla vísitölurnar aðeins verðlag á rekstri tækja og vörubifreiða Vegagerðarinnar og eiga að skoðast sem slíkar. Þessar vísitölur eru því enginn allsherjar sannleikur um rekstrarkostnað, fremur vísbending um þróun verðlags á rekstri vinnuvéla og bifreiða. Vísitölurnar eru reiknaðar út á fyrstu

dögum hvers mánaðar og birtast á vef Samtaka iðnaðarins um miðjan næsta mánuð.

Verðbætur lengri verk-samninga

Verksamningar í jarðvinnu spanna oft á tíðum langan tíma. Í kjölfar hækkana á rekstarkostnaði vinnuvéla var á síðasta ári óskað eftir að stærstu verkkaupar verðtrygguðu samninga sem gerðir eru til sex mánaða eða lengur. Ógerlegt hefur verið fyrir verktaka að áætla langtímaþróun verðlags á kostnaði tengdum rekstri vinnuvéla. Fagaðilar á fjármagnsmarkaði hafa ekki með neinu móti getað spáð um þróun verðlags en engu að síður hefur jarðvinnuverktökum verið gert að gera langa verksamninga þar sem þeir verða að sjá fyrir og gera ráð fyrir verðhækkunum í bindandi samningum við verkkaupa. – Enn hafa opinberir verkkaupar s.s. Vegagerðin ekki léð þessum sjónarmiðum eyra og fást ekki til að gera verðtryggða samninga nema þeir séu til tveggja ára eða lengri tíma og vilja þá aðeins verðbæta þann hluta samnings sem er umfram fyrstu tvö árin. Hér er verk að vinna, því að engin sanngirni er fólgin í því að þvinga verktaka til að bjóða fast verð meðan verðlag er svo ótryggt að færustu menn á sviði efnahagsmála geta ekki einu sinni spáð einn mánuð fram í tímann.

Fræðslumál

Samtök iðnaðarins stóðu sl. vor fyrir stuttum námskeiðum sem ætluð voru verkstjórum. Námskeiðin stóðu hluta úr degi og þar var tæpt á nokkrum



mikilvægum þáttum í rekstri jarðvinnu-fyrirtækja. Starfsmenn Samtaka iðnaðarins önnuðust kennslu og fengu Hákon Sigursteinsson sálfræðing til liðs við sig.

Haldinn var fundur í Félagi vinnuvélaeigenda þar sem farið var yfir reglur um útreikning vinnutíma. Gestur fundarins var Ragnar Árnason lögfræðingur SA og fór hann yfir helstu lög og reglur sem varða útreikning vinnutíma. Umfjöllun Ragnars var mjög þörf því að mikil verðbólga hefur hlaupið í tímaútskriftir. Ragnar fór yfir ýmis atriði í tengslum við reglur um þær og útlitastað ýmis hugtök eins og frítökurétt.

Félag vinnuvélaeigenda fékk styrk úr Starfsmenntasjóði félagsmálaráðuneytisins til að útbúa námskeið fyrir vinnuvélstjóra. Menntafélag byggingariðnaðarins tók að sér að semja námsefni og annast kennslu. Fyrsta námskeiðið var haldi í maí og þar var fjallað var um helstu jarðefni og eiginleika þeirra, grunnatriði mælinga og lestur teikninga svo að nokkuð sé nefnt. Stefnt er að því að halda fleiri slík námskeið.

Húshluta-, húsgagna- og innréttingaiðnaður

Félag íslenskra húshlutaframleiðenda hefur barist fyrir því um margra ára skeið að ákvæði byggingarreglugerðar um vottun verksmiðjufram-

leiddra byggingahluta verði framfylgt. Reglugerðin er skýr hvað varðar kröfur til seljenda húshluta en engu að síður hafa yfirvöld verið treg til að framfylgja

henni.

Innlendir framleiðendur hafa á undanförunum árum unnið að átaksverkefnum til að mæta breyttum og auknum



kröfum kaupenda og til að vera færari um að mæta kröfum um aukid og skilvirkara eftirlit. Fyrirtækin hafa því lagt í umtalsverða fjárfestingu bæði í tækjum og nýjum verkferlum til að mæta kröfum reglugerðarinnar. Nú eru t.d. þrír helstu framleiðendur glugga og hurða búnir eða í þann veginn að öðlast gerðarviðurkenningu. Að mati framleiðenda hefur nokkuð skort á að byggingafrulltrúar krefjist gagna um vottun. Af því tilefni var umhverfisráðuneytinu sent bréf í september og það beðið að beita sér fyrir því að embætti byggingafrulltrúa framfylgi byggingarreglugerðinni þegar í stað eins og lög kveða á um. Í kjölfarið sendi ráðuneytið öllum bygg-

ingafulltrúum áskorun um að taka gr. 121 byggingarreglugerðarinnar alvarlega.

Tímamóta minnst

Félagið minnst 70 ára afmælis síns í lok október en það var stofnað 1. október árið 1931 í þeim tilgangi að gæta sameiginlegra hagsmuna stéttarinnar. Um 50 manns komu til afmælisfagnaðar í uppgerðri Baðstofu iðnaðarmanna sem skapaði samkvæminu glæsilega umgjörð. Formaður félagsins, Guðmundur Ásgeirsson, bauð gesti velkomna með stuttu ávarpi. Því næst flutti Sverrir Hallgrímsson, fyrrverandi formaður, fróðlegt erindi um sögu félagsins. Þá tók til máls Vilmundur Jósefsson, formaður SI og færði félaginu peningagjöf til að kynna starfsemi sína á vettvangi Netsins. Því næst ávarpaði Örn Guðmundsson, formaður Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík, samkomuna og færði félaginu listilega útskorna fánastöng að gjöf. Þá barst

félaginu gjöf frá Meistarafélagi bólrara. Í tilefni tímamótanna ákvað stjórn félagsins að gera Eyjólf Axelsson og Ásgeir J. Guðmundsson að heiðursfélögum fyrir mikið og heilladrjúgt starf í þágu iðngreinarinnar á liðnum áratugum.

Fyrstu nemar í bólstrun brautskráðir eftir 16 ára hlé

Í árslok brautskráðust fyrstu nemar í bólstrun að loknu hefðbundnu námi eftir 16 ára hlé. Nemarnir luku námi sínu í iðnskólanum í Skive að loknu fyrrihlutanámi í Iðnskólanum í Reykjavík. Tveir nemar héldu utan í haust til að ljúka námi en þrír eru við nám héraendis en halda til í Skive í framhaldsnám eftir áramót. Samstarf við skólann í Skive er með miklum ágætum og mikil velvild ríkir gagnvart íslenskum bólstrurum. Meistarafélag bólrara stefnir að því að efna til endurmenntunarferðar til Skive árið 2002.

Plast- og veiðarfæraíðnaður

Menntamál starfsmanna í plastiðnaði hafa nokkuð verið til umræðu. Síðastliðið haust var námskeið í boði fyrir ófaglærða í plastiðnaði með stuðningi frá Starfsmenntasjóði. Í lok ársins var haldið námskeið í einu fyrirtæki en haldin verða fleiri námskeið

á næsta ári.

Aðalfundur Landssambands veiðarfæragræða var haldinn sl. haust. Á fundinum tilkynnti Magni Guðmundsson að hann hygðist taka sér frí frá formennsku enda hefði hann gegnt starfi formanns í 13 ár. Nýr formaður var

kjörinn Guðmundur Gunnarsson hjá Hampiðjunni. Á komandi árum leggur landssambandið einkum áherslu á fræðslu- og kynningarmál.

Málmiðnaður

Á ýmsu hefur gengið innan málmiðnaðarins síðasta árið. Verkefni hafa verið mismikil eftir einstökum faggreinum. Þannig hefur skipaiðnaðurinn og þau fyrirtæki, sem einkum vinna við mannvirkjagerð, búið við misjafnt gengi að þessu leyti en framleiðendur véla og tækja svo og blikkiðnaðurinn alla jafna haft næg verkefni.

Samkeppnishæfni fyrirtækjanna gagnvart erlendum keppinautum hefur að sönnu batnað talsvert undanfarið og kemur þar til lækkun íslenska gjaldmiðilsins gagnvart erlendum, meiri tæknivæðing og aukin framleiðni í fyrirtækjunum.

Helsta áhyggjuefni manna í greininni er lítil endurnýjun fagmanna þrátt

fyrir aukna eftirspurn eftir hæfum mönnum, einkum í smíðagreinunum. Of fáir sækja í nám í málmiðnaðargreinunum og verkmenntaskólarnir virðast síður höfða til ungs og efnilegs fólks. Af þeim ástæðum hafa Samtökin og aðild-arfélögin, Málmur og Félag blikksmiðjueigenda ásamt sveinafélögunum, síðustu árin lagt enn þyngrri áherslu á

umbætur í iðnnáminu og símenntun starfsmanna. Ef fram heldur sem horfir er einsýnt að tvennt gerist: Erlendir fagmenn verða fluttir til landsins í auknum mæli og fyrirtækin leita til útlanda með starfsemi sína.

Samstarf við yfirvöld menntamála hefur hingað til verið með ágætum og lofað góðu. Fyrir skömmu hljóp þó mjög alvarleg snurða á þennan samstarfsþráð og vaknað hafa umræður innan félaganna og Samtakanna um stefnu stjórnvalda þegar kemur að því að efla verk- og tæknimenntun. Hún er þó sannarlega ein undirstaða þess að okkur takist að standast erlenda samkeppni og nýta lítilleg atvinnutækifæri.

Smíði véla og tækja

Mikil gróska er hjá framleiðendum véla og tækja fyrir matvælavinnslu. Allmörg fyrirtæki í greininni, sem hafa sérhæft sig í að þjóna sjávarútveginum, hafa nýtt sér sóknarfæri vel og selja vörur sínar um víða veröld. Þau, sem eru lengst komin, hafa að haslað sér völl á öðrum sviðum matvælavinnslu á heimsmarkaði.

Samtökin stóðu fyrir því að framleiðendur á þessu sviði mótuðu viðtæka stefnu undir kjörorðinu: „Íslensk tækni í forystu fyrir sjávarútveg og matvælavinnslu á alþjóðamarkaði. Til að ná þessu markmiði árið 2006 var einnig skilgreint hvað þarf til og hvaða forsendur skipta sköpum. Eitt þeirra atriða, sem sett voru á oddinn í þeim efnunum, var aukin menntun og þjálfun starfsmanna. Lögð var áhersla á að styrkur þessara fyrirtækja liggur í mannaudi, skilvirkri stjórnun, gæðum og að nýta nýjustu tækni hvers tíma.

Ljóst er að ekkert af þessu gengur eftir ef ekki tekst að stórefla verk- og tæknimenntun í samræmi við nýjar námskrár í málmiðnaðargreinum og fylgja því eftir með öflugu endurmenntunarstarfi. Hitt er líka jafnljóst að í þeim efnunum verða samtök fyrirtækjanna að beita sér af alefli því að ekkert eitt

fyrirtæki getur komið á nauðsynlegum umbótum í iðnnáminu en það er grundvöllur þess að endurmenntun skili því sem þarfir fyrirtækjanna kalla eftir á hverjum tíma.

Blikkgreinin


Töluverð gróska hefur verið í blikkgreininni undanfarið og næg verkefni. Þess er þó að vænta að eitthvað slakni á spennunni á næstu mánuðum. Ekki er þó ástæða til að örventa ef marka má könnun sem Félag blikksmiðjueigenda gerði í lok síðasta árs á verkefnastöðunni næstu mánuði.

Blikksmiðameistarar hafa haft áhyggjur af því að nýliðun sé of hæg og ekki leiti nægjanlega margir ungir menn og konur til náms í greininni. Kemur þá að sama vandamálinu og nefnt var hér að framan. Enginn verkmenntaskóli er búinn þeim tækjum sem til þarf til að taka að sér nema í faginu og kenna þeim verklegan hluta námsins í samræmi við nýsamþykktá námskrá. Þær vonir, sem menn gerðu sér með stofnun og rekstri kjarnaskóla fyrir málmiðngreinarnar, eru nú brostnar þar sem menntamálaráðuneytið telur „að vandi vegna þessa náms (málmgreina – innskot) verði ekki leystur með því að auka fé til tækjakaupa.....“ (sjá bréf menntamálaráðherra dags. 21.12.01). Þegar þess er gætt að engin tæki eru til vegna kennslu í blikkgreininni er vandséd hvernig vandin verður þá leystur.

Afleiðingin er nú þegar að koma fram. Blikksmiðjur eru í auknum mæli farnar að treysta á vinnuframlag erlendra iðnaðarmanna, einkum þegar mikið er að gera. Ýmislegt bendir til að sumar þeirra stefni auk þess að því að hafa slíka starfsmenn staðaldri. Spyrja má hvort þessi þróun sé æskileg og hvaða áhrif hún hafi á jafna stöðu fyrirtækja í samkeppni.

Skipaðnaðurinn

Sú grein iðnaðar skiptist að meginhluta í viðhald og viðgerðir annars veg-



ar og nýsmíði hins vegar.

Síðustu árin hefur sífellt dregið úr viðhalds- og viðgerðarverkefnum skipa. Það stafar bæði af því að útgerðir hafa þurft að draga úr útgjöldum eftir fongum og einnig vegna þess að fiskiskipum hefur fækkað mjög. Við slíkar aðstæður er auðvitað æskilegt að opinberir aðilar reyni að stuðla að því að verk á þeirra vegum haldist hér á landi en séu ekki flutt að öþörfu til útlanda. Því miður gerðist það á síðasta ári þegar víðamikil viðgerð á tveimur varðskipum var beinlínis reiknuð til útlanda. Þetta hefði tæpast gerst nokkur staðar nema hér á landi.

Allur sá máltilbúnaður varð þó til þess að augu stjórnvalda opnuðust fyrir því að ekki var allt með felldu. Nauðsynlegt væri að kanna raunverulega samkeppnisstöðu innlands skipaðnaðar og hvað aðrar þjóðir, einkum á EES-svæðinu, gera til þess að treysta stöðu fyrirtækja sinna í þessari grein án þess að brjóta í bága við alþjóðasamþykktir. Því var ákveðið að iðnaðarráðuneytið og Samtökin færu af stað með verkefni á þessu sviði og gerður var samningur við Deloitte&Touche um að vinna það í nánú samstarfi við aðstandendur þess. Þegar þetta er skrifað hefur miklum upplýsingum verið safnað saman, að stilla þeim upp og móta tillögur til stjórnvalda um aðgerðir sem jafna stöðu íslensks skipaðnaðar gagnvart erlendra samkeppni. Þess er að vænta að stjórnvöld taki væntanlegum tillögum vel og í hönd fari betri tímar enda hafa þau óvæntu tíðindi gerst undanfarna mánuði að erlendir útgerðarmenn eru farnir að leita til Íslands um smíði minni fiskiskipa og ætti það að vera hvatning



til að sækja fram og miða þá sókn ekki eingöngu við innlendan markað. Á sama tíma og þetta gerist hafa innlendar útgerðir keypt skip frá fjarlægum löndum. Reynsla þeirra sýnist þegar hafa stöðvað frekari viðskipti af því tagi.

Íslenskur skipaiðnaður stendur nú á tímamótum og stefnir að því að tryggja jafna stöðu í samkeppninni og nýta hana til nýrrar sóknar.

Mannvirkjagerð

Síðustu ár hafa stálmannvirki rutt sér til rúms hér á landi. Ef áætlanir um byggingu nýrra orkuvera og stóriðju ganga eftir má ljóst vera að mikil verkefni eru framundan á þessu sviði málm- iðnaðarins. Á miklu veltur að fyrirtæki og fagmenn búi sig vel undir þessi verk- efni. Málm- iðnaðarfyrirtæki á Aust- fjörðum hafa t.a.m. þegar hafði undir- búning með því að kynna sér sameigin- lega, undir forystu SI, hvernig fyrirtæki í greininni á Suðvesturlandi hafa komið að slíkum verkum og hvernig þau þjóna stóriðjufyrirtækjum sem eru í rekstri.

Hin austfirsku fyrirtæki eru nú að undirbúa sameiginlega aðkomu sína að væntanlegum verkefnum sem kunna að vera á næsta leiti og hvernig þau geta með því bætt samkeppnisstöðu sína og nýtt til frekari þróunar til framtíðar.

Fyrirtæki og starfsmenn þeirra verða að geta þess að hafa þau hæfnisréttindi sem krafist er við slíkar framkvæmdir. Að öðrum kosti verður þeim vísað frá. Þetta leiðir enn og aftur hugann að hinni nýju námskrá í stálsmiði og nauð- syn þess að koma henni í framkvæmd sem víðast í iðn- og fjölbrautaskólum. Allt ber því að sama brunni, að megin- viðfangsefnið til að efla málm- iðnaðinn er að bæta iðnnámið og færa það til nútímahátta í samræmi við nýjar náms- skrár.

Fræðslumál

Menntamálaráðherra hefur nú stað- fest fjórar nýjar námskrár í málm- iðnaði: Blikksmiði, rennismiði, stál- smiði og vélvirkjun. Auk þess liggja fyrir drög að námskrá í málmsuðu og þess er að vænta að hún verði einnig staðfest fljótlega.

Síðustu þrjú ár hafa staðið yfir viðræður milli Fræðsluráðs málm- iðnaðarins (FM) og menntamálaráðuneytisins um að sjálfseignarstofnun á vegum FM taki að sér rekstur kjarnaskóla málm- iðnaðarins sem ráðuneytið hafði ákveð-

id að yrði við Borgarholtsskóla í Reykjavík. Samningsaðilar höfðu orðið sammála um grundvallaratriði þessara viðræðna og mikil vinna, fé og fyrirhöfn var lögð í þær af hálfu beggja aðila. Þegar sameiginleg niðurstaða lá fyrir hafnaði ráðherra henni og sneri baki við þeim forsendum sem hann hafði sjálfur ýmist lagt til eða samþykkt. Þessi kúvending varð til þess að samn- inganefnd FM skilaði umboði sínu og lagði fram ítarlega greinargerð um málið. Í niðurlagi hennar segir m.a.: „Niðurstaða allra fulltrúa FM í þessum samningaviðræðum er því sú að mikil og knýjandi þörf er á að taka alla fram- kvæmd starfs- og verknáms á Íslandi til alvarlegrar umræðu í þjóðfélaginu og auka skilning á þýðingu þess fyrir velferð þjóðarinnar. Þá er von til þess að stjórn málaöflin skynji loks ábyrgð sína í þessu efni og kosti kapps um að vinna með atvinnulífnum að því að gera verkmenntun eins hátt undir höfði og gert er meðal samkeppnisþjóða okkar. Að öðrum kosti drögumst við aftur úr með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.”

Nú hefur stjórn Samtak iðnaðarins ákveðið að beita sér fyrir slíkri umræðu og gera allt sem hægt er til þess að færa verk- og tæknimenntun til öndvegis.

Matvæla- og fóðuriðnaður

Starfsgreinahópur í matvæla- iðnaði kom saman reglulega á mánaðarlegum fundum á árinu. Fundirnir voru ýmist haldnir úti í fyrirtækjum eða á skrif- stofu SI og alltaf tekið eitthvert tiltekið málefni til umræðu á hverjum fundi. Tíu fulltrúar eru skráðir sem eins konar stjórn hópsins og reyna að sækja alla fundi en öllum öðrum félagsmönnum í matvæla- iðnaði er velkomið að koma á

fundina og öllum eru sendar fundar- gerðir. Fyrirtæki, sem hóstu fundi árið 2001, eru Kaffitár, Mjólkursamsalan í Reykjavík og Móna. Málefni, sem tekin hafa verið fyrir, eru m.a. sameiginleg markaðsmál matvæla- iðnaðarins, lög- gildingar á vogum, heilbrigðismál starfsmanna í fyrirtækjum, áfallastjórn- un, þ.e. hvernig stjórnendur og starfs- menn geti best búið sig undir að

bregðast við óvæntum atburðum til að þeir valdi sem minnstu tjóni og ímynd fyrirtækisins skaðist ekki. Sami háttur verður hafður á starfsemi hópsins árið 2002 og umfjöllunarefni framundan verða m.a. framtíðarskipan matvæla- eftirlits í landinu, mótun gæðastefnu fyrirtækja og umfjöllun fjölmiðla um matvöru.

LABAK

Starfsemi Landssambands bakarameistara var með líflegasta móti á árinu. Fyrirferðarmest voru markaðsmálin. Samkeppni um köku ársins var haldin í janúar og verðlaunakakan kynnt í öllum aðildarbakaríum félagsins á konudaginn, 18. febrúar. Átaksverkefni um smárétti og smurt brauð frá árinu áður var endurvakið í lok september með myndarlegru auglýsingaherferð og útgáfu veggspjalda. Þá var efnt til sameiginlegrar auglýsingaherferðar fyrir jólin til að minna á jólavörurnar og þátt bakara í undirbúningi jóllanna og að lokum kynnt kransakaka um áramótin. Þá má geta þess að félagið tók þátt í undirbúningi Nemakeppni Kornax ásamt Kornaxmönnum, Bakaradeild Menntaskólans í Kópavogi og Klúbbi bakarameistara. Þar vann Daníel K. Ármannsson fyrstu verðlaun. Félagið stóð fyrir hópferð á bakarásýninguna Nordbag í Herning í Danmörku. Þátttakendur í ferðinni voru 30. Þar kepptu tveir ungir bakarar á vegum félagsins í norrænni bakarakeppni en þeir voru báðir fyrrverandi verðlaunahafar úr Nemakeppni Kornax. Þeir stóðu sig mjög vel þótt ekki kæmust þeir á verðlaunapall. Þá er ótalið eitt umfangsmesta verkefni ársins, stefnumótun fyrir félagið, sem hafin var í Borgarnesi dagana 16.-17. október. Þangað komu bakarar, birgjar þeirra og fræðslufrömuðir ásamt starfsmönnum SI til að móta stefnu félagsins. Þar kom fram fjöldi áhugaverðra verkefna sem stuðla eiga að framgangi iðngreinarinnar. Verkefnum hefur verið skipt niður í fjóra

flokka eftir efni, menntamál, framleiðsla og samstarf, markaðsmál og nýsköpun og vöruþróun. Skipaðir hafa verið vinnuhópar til að fjalla um þessa fjóra verkefnaflokka, forgangsraða verkefnum og gera tillögur að framkvæmd. Vinnuhóparnir munu skila tillögum sínum á aðalfundi félagsins sem verður haldinn 9. mars 2002.

Evrópusamstarf

Samtök iðnaðarins taka þátt í tveimur stórum Evrópuverkefnum sem miða að því að auka þátttöku fyrirtækja í rannsóknasamstafi sem styrkt er af Evrópusambandinu. Bæði þessi verkefni falla undir lífsgæðaáætlun ESB en af íslenskum fyrirtækjum á því sviði er matvælaíðnaðurinn langfyrirferðarmestur.

Starfið felst í því að kynna fyrir fyrirtækjum möguleika á samstarfi og hvaða kostir eru í því fölgir. Aðaláhersla er lögð á svokölluð CRAFT verkefni sem eru sérstaklega ætluð litlum og meðalstórum fyrirtækjum sem ekki stunda öflugan rannsóknastarfsemi sjálf en vilja notfæra sér niðurstöður rannsókna eða þróunarverkefna. Styrkir Evrópusambandsins felast í því að borga fyrir rannsóknvinnu sem fyrirtækin láta vinna fyrir sig á stofnunum eða í háskólum.

Í þessu skyni stóðu samtökin fyrir fjölda kynningarfundu með fyrirtækjum og stofnunum á matvælasviði, í samvinnu við Rannsóknarráð Íslands, bæði í Reykjavík og utan höfuðborgarsvæðisins. Fyrirtæki, sem vildu, voru heimsótt og farið yfir hugmyndir þeirra um þörf



fyrir tækniframfarir. Einnig hefur miklum fjölda erlendra verkefnishugmynda, þar sem leitað var eftir samstarfsaðilum, verið miðlað áfram til íslenskra fyrirtækja sem talið var að getu haft gagn af þátttöku. Þátttaka fyrirtækja hefur til þessa verið heldur dræm en nú vita þó flest þeirra mun meira um rannsóknáætlanir ESB en þau vissu fyrir ári. Haldið var fjölsótt námskeið í umsóknatækni í lok nóvember í samstarfi við Rannis þar sem erlendir sérfræðingar voru fengnir til að leiðbeina.

Samtök iðnaðarins eru aðilar að Kynningarmiðstöð Evrópurannsóknna, KER, ásamt Rannsóknarráði Íslands, Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands og Evrópumíðstöð Impru. KER hefur m.a. með höndum að kynna rammaáætlanir Evrópusambandsins hér á landi. Fimmtu rammaáætluninni lýkur á árinu 2002 og síðustu umsóknafrestir um styrki innan hennar eru að renna út á næstu mánuðum. Starf KER og starfsemi Samtaka iðnaðarins á sviði rannsóknasamstarfs með öðrum Evrópuríkjum mun því árið 2002 einkennast af undirbúningi fyrir 6. rammaáætlunina sem hefst um áramótin 2002-2003 og má vænta þess að byrjað verði að auglýsa eftir styrkumsóknum á haustmánuðum 2002.

Prent- og pappírsiðnaður

Starfsgreinahópur prent- og pappírsiðnaðar hefur fundað að jafnaði tvisvar í mánuði að vetrinum en sjaldnar á sumrin. Að venju hafa umræður um

útboð og verðlagningu prentverks verið fyrirferðarmiklar sem og umfjöllun um menntun bókagerðarfólks og nýliðun. Starfsgreinahópurinn hefur áhyggjur af

því hve fátt ungt fólk sækir inn í greinina en vonast er til að nýtt nám í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum muni auka aðsókn. Þá hafa há vaxtastefna,



óstöðugt gengi og minnkandi verkefnastaða aukði á rekstrarvanda fyrirtækjanna.

Námsskiplag

Miklar framfarir hafa orðið í prentiðnaðinum á liðnum árum, t.d. með tilkomu nýs vél- og hugbúnaðar og er tölvustýring orðin allsráðandi í nútímaprentun. Nám í prentun þarf í auknum mæli að taka tillit til þessarar þróunar. Nýju námsskiplagi upplýsinga- og fjölmiðlagreina er ætlað að taka mið af þessari þróun og mikil vinna hefur verið lögð í að skipuleggja vinnustaðanám.

Stefnumótun og starfsskilyrði

Umfangsmikil stefnumótunarvinna í prentiðnaði átti sér stað í byrjun ársins og var unnið að ýmsum málum því tengdu á árinu. Stærstu málin verða þó ekki til lykta leidd á einu ári og mikil vinna er framundan við að skapa þá framtíðarsýn sem fram kom í stefnumótunarvinnunni. Þar var m.a. lögð rík áhersla á endurmenntun, nánara samstarf menntastofnana í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum, umhverfismál, gæðastjórnun og vottun, samræmingar og staðla, tölfræðilegar upplýsingar og markaðs- og kynningarmál svo að nokkuð sé nefnt.

Í byrjun árs setti menntamálaráðherra reglugerð m.a. í um innheimtu höfundarréttargjalda af óskrifuðum geisladiskum. Samtök iðnaðarins og fleiri mótmæltu þessari álagningu í bréfi til ráðherra og var henni breytt hinn 6.

mars á þann hátt að gjöldin voru lækkuð um helming. SI mótmæltu því að hins vegar að álagningin skyldi ekki felld niður með öllu.

Í byrjun október könnuðu Samtökin stöðu og horfur 87 meðalstórra og stórra fyrirtækja. Könnunin leiddi í ljós að verkefnastaðan var að meðaltali svipuð og á sama tíma í fyrra. Samt hefur hægt á veltu fyrirtækja í flestum greinum. Raunaukning í veltu þessara iðnfyrirtækja er áætluð um 1% á þessu ári. Til að mæta hægari vexti innlendrar eftirspurnar, gengistapi og háum vöxtum hafa mörg fyrirtæki byrjað að hagræða í rekstri með því að draga úr fjárfestingu og fækka starfsmönnum.

Könnunin náði m.a. til 15 fyrirtækja í prentiðnaði og þar kom fram að verkefnastaða þeirra var í flestum tilvikum verri en á sama tíma í árið 2000. Talsvert hefur hægt á veltu og mikill samdráttur er í starfmannahaldi. Þannig hafði um 90 starfsmönnum verið sagt upp í þessum 15 fyrirtækjum á einu ári og stjórnendur þeirra gerðu ráð fyrir að segja um 50 manns upp störfum til viðbótar fram að áramótum og jafnvel enn fleirum eftir áramót.

Launakönnun

Samkvæmt kjarasamningum Samtaka iðnaðarins við Félag bókagerðarmanna (FBM) skal gera launakannanir með reglubundnum hætti og hefur það verið gert um langt árabil. Síðustu árin hefur skrifstofa SI annast þessa könnun en nú var ákveðið að fela þriðja aðila að annast framkvæmd hennar. Niðurstaða SI og FBM varð sú að fá PriceWaterhouseCoopers til þess að annast verkefnið.

Könnunin fór fram í apríl 2001 og voru laun fyrir marsmánuð það ár lögð til grundvallar en einnig var spurt um árslauð árið 2000. Spurt var um laun allra starfsmanna sem eru félagar í Félagi bókagerðarmanna ef frá eru taldir verkstjórar og millistjórnendur. Alls

bárust upplýsingar frá 17 fyrirtækjum um laun 440 starfsmanna í prentiðnaði. Niðurstöður könnunarinnar er að finna á vefsetri SI, www.si.is.

Umhverfismál

Umhverfismál eru ávallt ofarlega í huga atvinnurekenda í prentiðnaði og eru íslensk prentfyrirtæki til fyrirmyndar í þessum málum. Í ár hlaut prentsmiðjan Umslag ehf. tilnefningu til umhverfisverðlauna Reykjavíkurborgar. Prentsmiðjan Hjá Guðjón Ó (sem jafnframt varð fyrsta íslenska prentsmiðjan til að hljóta Norræna umhverfismerkið, Hvíta svaninn) hlaut verðlaunin árið 2000 en tvö önnur fyrirtæki í prentiðnaði innan SI hafa áður hlotið þessi verðlaun, Árvakur hf., Morgunblaðið árið 1999 og prentsmiðjan Oddi hf. árið 1997. Nokkrar íslenskar prentsmiðjur eru jafnframt að vinna að því að uppfylla skilyrði fyrir umhverfisstjórnunarstaðla.

Skilahlutfall á prentlitum á árunum 1998 og 1999 var mun hærra en búist hafði verið við eða alls um 11%. Svo virðist sem eitt og annað sé flokkað með prentlitum sem hugsanlega ætti heima annars staðar. Starfsgreinahópur SI í prenti ákvað að skipa vinnuhóp sem er ætlað að vinna, í samstarfi við Spilliefnanefnd og Efnamóttökuna, að því að semja verklagsreglur í þessum efnum. Sú vinna er þegar hafin.

Prentstaður íslenskra bóka

Niðurstöður könnunar Bókasambands Íslands á prentstað íslenskra bóka, sem birtust í Bókatiðindum Félags íslenskra bókaútgefenda 2001, sýna m.a. að hlutfall prentunar hérlendis hefur minnkað árið 2001 en hlutfall prentunar erlendis er 38,3% 2001 en var 33,4% árið áður. Hlutfall prentunar erlendis eykst því um 4,9% milli ára og er það mesta aukning í fjölda ára en hlutfallið var 35,8% 1999 og 36,2% 1998. Heildarfjöldi bókatítla er 496 eða

11,9% færri en var árið 2000 en þá voru þeir 563.

Prentfyrirtæki hafa lagt mikla vinnu í að hagræða í rekstri sínum undanfarin ár og nauðsyn þess kemur æ betur í ljós. Lukning í prentun erlendis sýnir svart á hvítu þá miklu samkeppni sem íslenskar prentsmiðjur eiga í við erlendar og er það áhyggjuefni, ekki síst í ljósi þess að prentfyrirtæki hafa þurft að fækka starfsfólki verulega vegna erfiðrar verkefnastöðu og rekstrarskilyrða. Prentsmiðjustjórar segja þó hina háu vaxta- stefnu, sem rekin er hér á landi, eiga mestan þátt í versnandi samkeppnis- stöðu íslenskra prentfyrirtækja en óstöðugt gengi leggi einnig sitt lóð á vogarskálarnar.

Erilent samstarf

Árlegur fundur framkvæmdastjóra samtaka prentiðnaðarins á Norðurlöndum var haldinn 26. mars í Finnlandi. Þar varð mönnum tíðrætt um samþjöppun, fækkun og miklar breytingar í rekstri fyrirtækja í prenti. Hefðbundnar prentsmiðjur eiga undir högg að sækja, fyrirtækjum fækkar og þau stækka og smátt og smátt að breytast úr framleiðslufyrirtækjum í þjónustufyrirtæki. Prentverkið sjálft verður æ minni þáttur í starfsemi en þjónustan stærri. Til þess að þetta geti orðið verða fyrirtækin að ná tiltekinni stærð. Þessi þróun er á fullri ferð og er hliðstæð því sem er að gerast hér á landi.

Samtök iðnaðarins ákváðu í samráði við prentiðnaðinn að segja sig úr INTERGRAF þar sem það var samdóma álit allra að aðildin skilaði ekki tilætluðum árangri. Henni lýkur í árslok 2002.

Prenttæknistofnun

Framkvæmdastjóranskipti urðu hjá Prenttæknistofnun á árinu þegar Ingi Rafn Ólafsson tók við því starfi af Hirti Guðnasyni sem hafði sinnt því frá árinu 1996. Stofnunin hélt hátíðlegt 10 ára afmæli sitt á árinu. Af því tilefni var blásið til ráðstefnu í Þjóðmenningarhúsinu 6. desember og voru þátttakendur um 60 talsins. Tveir fyrirlesarar komu erlendis frá, þeir Manfred Werfel, rannsóknastjóri Ifra í Darmstadt, sem ræddi um framtíð prentmiðla í heiminum og Tony Kenton, frá CPI í London, sem ræddi um stöðu prentverks og hvernig prentarar gætu nýtt sér breytingar sem nú eiga sér stað í tækninni. Einnig hélt Ingi Rafn Ólafsson, framkvæmdastjóri, fyrirlestur um stöðu íslensks prentiðnaðar.

Námskeiðahald var með minnsta móti á árinu. Johan Leide, litasérfræðingur, kom frá Svíþjóð í tvígang og hélt námskeið í litastjórnun. Einnig skipulagði Prenttæknistofnun nokkur námskeið fyrir fyrirtæki í prentiðnaði og fer sá þáttur greinilega vaxandi í starfi stofnunarinnar.

Í ársbyrjun fluttist starfsemi Prenttæknistofnunar frá Hallveigarstíg 1 að



Faxafeni 10. Ástæðan fyrir þessum flutningum var að farið var í samstarf við Rafiðnaðarskólann um sameiginlegan margmiðlunarskóla en Rafiðnaðarskólinn og Prenttæknistofnun höfðu áður boðið nokkurn veginn sama nám í margmiðlun. Við lok ársins 2001 var ljóst að verulegir erfiðleikar voru í rekstri Margmiðlunarskólans og starfsemin hafði ekki staðið undir væntingum. Vegna þessa er starfsemi skólans, fjárhagsstaða hans og samstarfið við Rafiðnaðarskólann nú í endurskoðun.

Prenttæknistofnun hefur séð um skipulag við undirbúning námskrár í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum. Samningaviðræður um hvernig vinnu við skipulagningu starfsnámsins skuli hagað voru tímafrekar á haustmánuðum.

Prenttæknistofnun mun kappkosta að sinna umbjóðendum sínum eins vel og kostur er á ári komanda líkt og gert hefur verið á undanförunum árum.

Upplýsingatækniiðnaður

Síðastliðið ár hefur einkennst af mikilli niðursveiflu á hlutabréfamarkaði og í kjölfarið hefur nánast verið skrufað fyrir aðgang fyrirtækja að áhættufjármagni. Sú þróun hefur komið illa niður á fyrirtækjum á sviði upplýsingatækniiðnaðar. Gera má ráð fyrir að sá mikli

vöxtur, sem einkennt hefur þennan iðnað síðustu ár, hafi hægt á sér vegna þessara ytri aðstæðna en fyrirtækin hafa hvert um sig reynt að bregðast við þeim. Mörg fyrirtæki hafa sameinast, önnur hafa einbeitt sér að markaðs- og sölustarfi, sum tekið á gæðamálum og

enn önnur sótt fram á erlendum mörkuðum. Til langs tíma lítið mun þetta leiða af sér enn sterkari fyrirtæki sem munu halda áfram að sækja fram á erlendum vettvangi með íslenskt þjóðfélag sem bakhjarl í þróunarstarfi sínu.



Fróðlegt er bera saman þær breytingar, sem átt hafa sér stað í upplýsingatækniiðnaðinum síðustu ár, við þá framtíðarsýn sem mótuð var fyrir greinina í Hveragerði í febrúar 1998. Margt af því, sem þar var sett á blað, hefur gengið eftir. Fyrirtæki hafa sameinast, Netið er vettvangur alls, hugbúnaðarfyrirtæki eru skráð á verðbréfa-markaði, þau hafa stofnað fyrirtæki erlendis og sótt inn á nýja markaði og svo mætti lengi telja. Nú stendur fyrir dyrum að endurskoða framtíðarsýn UT-iðnaðar og fróðlegt verður að sjá hvernig fulltrúar úr greininni sjá framtíðina og á hvað verði að leggja áherslu til að sýnin verði að veruleika.

Starfsgreinahópur

Á árinu gerðust átta ný upplýsingatæknifyrirtæki aðilar að SI og eru nú um 35 fyrirtæki aðilar að Samtökum íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja (SÍH) sem mynda starfsgreinahóp í upplýsingatækniiðnaði. Á síðasta aðalfundi SÍH voru eftirtaldir kosnir í stjórn: Ingvar Kristinsson, GoPro group, var kjörinn formaður en aðalmenn eru Páll Freysteinnsson, EJS hf., Ágúst Guðmundsson, Tölvumiðlun ehf., Gardar Jóhannsson, Streng hf. og Guðni B. Guðnason, ANZA hf. Varamenn eru Guðmundur Óskarsson, Form.is ehf. og Davíð Stefánsson, Vef - samskiptalausnum ehf.

Haldnir voru tíu stjórnarfundir á árinu en stjórnin leggur meginlínur í þeirri starfsemi sem unnið er að fyrir upplýsingatækniiðnað innan SI. Öllum fyrirtækjum innan hópsins er haldið upplýstum um starfið með því að senda

út reglulega svokallaða „rafræna fréttapunkta“ en þeir voru sendir út sjö sinnum á árinu. Einnig er vefur upplýsingatækniiðnar ut.is nýttur til upplýsingagjafar um starfsemina.

Helstu málefni og verkefni

Á síðasta starfsári var tekið á fjölda mála sem snerta starfsskilyrði greinarnar. Skattamálin voru rædd þó nokkuð í upphafi starfsársins, VSK málið, skattlagning valréttarsamninga, ýmis leyfisgjöld, tekjuskattar fyrirtækja, og fleira. Áherslum hópsins var komið til stjórnar SI og þaðan til sérstaks hóps á vegum SA í skattamálum.

Á árinu var gerður samstarfs-samningur við verkfræðideild Háskóla Íslands um að efla kennslu og auka gæði náms í hugbúnaðarverkfræði- og tölvunarfræðum. Í því samstarfi tilnefndi SÍH tvo aðjúnkta sem hafa setu og atkvæðisrétt á fundum tölvunarfræðiskorar og koma þannig beint að stjórnun hennar. Á vegum Ríkiskaupa og SÍH var skipaður starfshópur sem vinnur nú að tillögum um endurbætur á verklagi við opinber útboð á sviði hugbúnaðarlausna. Margar ábendingar hafa komið frá félagsmönnum um atriði sem betur mættu fara í þeim efnunum. Starfshópurinn stefnir að því að skila tillögum sínum snemma á þessu ári.

Stjórn SÍH gerði allnokkrar athugasemdir við svokallaða ríkisvæðingu í upplýsingatækni. Þar er um að ræða þá tilhneigingu, sem uppi hefur verið, að þenja út opinber fyrirtæki og deildir sem starfa við hugbúnaðargerð og aðra upplýsingatæknivinnu. Vakin hefur verið athygli stjórnvalda á þessari ríkisvæðingu sem á sér stað mitt í allri einkavæðingunni. Þegar hafa stjórnvöld skipt gersamlega um stefnu í nokkrum málum vegna athugasemda frá SÍH og má þar nefna rekstur nýs bókasafnskerfis í eigu ríkis og sveitarfélaga.

Reglugerð um innheimtu höfundaréttargjalda á geisladiska og annan

tölvubúnað var harðlega mótmælt. Hlustað var á rök SÍH en því miður náðist ekki fullnaðarsigur í því máli. Athugasemdir þessar leiddu m.a. til þess að menntamálaráðuneytið leitaði til SÍH um að tilnefna fulltrúa í höfundaréttarnefnd.

Lokið var við vinnu við fyrirmynd að ráðningarsamningi fyrir upplýsingatæknifyrirtæki en unnið var að gerð hans í samvinnu við SA. Þjónustudeild SA hefur í framhaldi af því aðstoðað nokkur fyrirtæki við að innleiða samningana. Stefnt er að frekari samvinnu á þessu sviði.

Stjórn SÍH mótmælti þeirri ákvörðun félagsmálaráðuneytis að beita sér ekki fyrir nauðsynlegum lagabreytingum til að sveitarfélögum yrði gert kleift að kjósa til sveitarstjórna með raf-rænum hætti. Bent var á að samkvæmt stefnu ríkisstjórnarinnar er markmiðið að Íslendingar verði í fremstu röð þjóða við að nýta sér möguleika upplýsingatækninnar. Þess vegna sé óskiljanlegt ef horfið verður frá því að rafrænar kosningar fari fram við komandi sveitarstjórnakosningar.

Í samvinnu við Útflutningsráð Íslands er unnið að ýmsum verkefnum á sviði útflutningsmála. Nú er unnið að því að kanna áhuga upplýsingatæknifyrirtækja á að sameinast um markaðsstjóra erlendis.

Í framhaldi af Nordika verkefninu um skráningu þekkingarverðmæta hefur komið upp sú hugmynd að fyrirtæki innan SÍH komi sér upp svokölluðum þekkingarprófil sem er stöðluð skráning á óefnislegum eignum fyrirtækjanna. Þetta mál hefur talsvert verið til umræðu innan SÍH.

Vefur upplýsingatækniiðnaðar ut.is

Á vef upplýsingatækniiðnaðar www.ut.is, sem er helsti upplýsingamiðill starfsgreinahópsins, er að finna ýmsa fróðleik um upplýsingatækniið-

naðinn og þá þjónustu sem fyrirtækjum stendur til boða hjá Samtökum iðnaðarins.

Á lokuðum hluta vefjarins er m.a. að

finna fundargerðir stjórnarfundna SÍH, rafræna fréttamola, ýmis bréf og fyrirspurnir sem tengjast starfinu svo og umsagnir um lagafrumvörp. SÍH reynir

að fylgjast vel með málefnum sem varða hagsmunamál greinarinnar og hluti af því er að skila umsögnum um lagafrumvörp sem hana varða.

Stóriðja

Sementsverksmiðjan hf.

Sementssalan varð um 124.800 tonn sem er tæplega 13% minna en árið áður en hafa ber í huga að innflutt sement var á markaðnum allt árið. Mikil umsvif voru í flestum þáttum framkvæmda fram undir lok ársins.

Rekstur fyrirtækisins var frekar erfiður þar sem ýmis aðföng hækkuðu verulega, m.a. vegna mikils gengisfalls krónunnar á árinu og vaxandi verðbólgu.

Sementsverð hækkaði um 7% undir lok ársins. Framleiðslugeta brennsluofns var nýtt að fullu en ekki þurfti að flytja inn gjall.

Árið 2002 er gert ráð fyrir minni umsvifum í byggingariðnaði en verið hefur undanfarin ár.

Kísiliðjan hf.

Árið 2001 var viðburðaríkt fyrir Kísiliðjuna hf. Hinn 30. mars skipti félagið um eigendur þegar fjárfestingarfélagið Allied Efa keypti öll hlutabréf ríkisins ásamt hlutabréfum World Minerals. Síðar á árinu keypti félagið önnur hlutabréf þannig að nú er Kísiliðjan hf. í 100% eigu Allied Efa. Við þessa breytingu var jafnframt ákveðið að breytingar verða gerðar á rekstri fyrirtækisins í náinni framtíð. Kísilgúrvinnslu verður hætt á næstu 4 - 6 árum en í staðinn er áformað að reisa nýja verksmiðju, við hlið þeirrar gömlu, sem framleiða mun kísilduft. Verið er að þróa nýja framleiðsluáðferð á kísildufti í Noregi og markaðssetning er þegar hafin. Áætlanir miðast við að tekin verði ákvörðun um að reisa nýju

verksmiðjuna í Mývatnssveit á fyrri helmingi ársins 2002 og að byggingarframkvæmdir hefjist árið 2003.

Rekstur Kísiliðjunnar gekk mjög vel á árinu. Í upphafi árs urðu nokkrar verðhækkningar á mörkuðum eftir verðstöðnun árin þar á undan. Vegna gengis-lækkunar íslensku krónunnar gagnvart evru vænkaðist hagur Kísiliðjunnar verulega á árinu og reksturinn skilaði viðunandi hagnaði.

Framleidd voru 30434 tonn en tæplega 29300 voru seld þannig að bæði framleiðsla - og sölumet voru slegin á árinu. Í nóvember voru framleidd 2940 tonn sem er meira en nokkru sinni hefur verið framleitt í einum mánuði frá því að fyrirtækið var stofnað. Segja má að það sé afrek út á fyrri sig í ljósi þess að ekki hefur verið mikil endurnýjun í vélbúnaði fyrirtækisins á undanförunum árum einkum vegna þeirrar óvissu sem ríkt hefur um framtíð fyrirtækisins um langt árabil.

Þennan góða árangur ber ekki síst að þakka góðu starfsfólki sem kann vel til verka en einnig góðum aðstæðum á markaði.

Íslenska Álfélagið hf.

Framleiðsla ársins nam 168.264 tonnum sem er nýtt framleiðslumet og afkoman var góð. Álverð og eftirspurn héldust viðunandi fyrri hluta ársins. Álverð fór lækkandi og í lok ársins var heimsmarkaðsverð komið niður í um 1360 dollara á tonn en heimsmarkaðsverð ársins var um 1450 dollarar á tonn að meðaltali. Eftirspurn eftir börrum til völsunar fór líka minnkandi


þegar leið á árið og framleiða varð um 21.000 tonn af hleifum til endurbæðslu.

Í lok ársins 2000 leit út fyrir að þörfin fyrir barra til völsunar í hinni nýju samsteypu Alcan í Evrópu héldi áfram að aukast og því var ákveðið að kaupa ofn sem gæti brætt um 30.000 tonn af áli á ári. Sá ofn verður tekinn í notkun snemma á árinu 2002 en kostnaður við framkvæmdina nemur um 200 milljónum króna.

Lokið var við að setja upp stóra sög sem afkastar um 300.000 tonnum á ári. Hér er um bandsög að ræða en sagarblöð hennar eru þynnri en hjólsagarinnar sem notuð hefur verið yfir 30 ár. Við þetta minnkar magn spóna sem þarf að endurbæða og nýting barra í söluframleiðslu eykst. Kostnaður við þessa framkvæmd nam um 400 milljónum króna.

Á árinu lauk vinnu við síðasta áfangu stórrar framkvæmdar sem einfaldar hreinsun og meðferð skautleifa og einfaldar flutning skauta milli keraskála og skautsmiðju svo að skautvagnar þurfa ekki lengur að fara út undir bert loft. Eftir hreinsun skautleifa eru þær brotnar af tindum og falla beint niður í flutningsgáma. Kostnaður við alla þessa framkvæmd var rúmar 700 milljónir króna en vinna við hana tók um þrjú ár.

Stóriðjuskólinn hélt áfram starfsemi sinni og hafa nú samtals verið brautskráðir 75 nemendur, þar af þrjár konur sem voru allar í síðasta útskriftarhópi. Menntamálaráðuneytið hefur heimilað að nám við Stóriðjuskólann verði metið



Starfsgreinahópar



til 24 eininga í hinu almenna skólakerfi.

Á árinu veitti umhverfisráðherra ISAL viðurkenningu fyrir góðan árangur í umhverfismálum og félagsmálaráðherra veitti fyrirtækinu verðlaun fyrir góðan árangur í vinnuverndarmálum. ISAL hlaut einnig Jafnréttisverðlaun Hafnarfjarðar fyrir að hafa fylgt jafnlaunastefnu og unnið að því að útrýma mismunun karla og kvenna í starfi.

Íslenska járnblendifélagið hf.

Á árinu 2001 voru allir þrír öfnar Íslenska járnblendifélagsins hf. reknir með fullum afköstum. Framleidd voru 112.930 tonn af 75% kísiljárn sem er mesta framleiðsla á einu ári í sögu fyrirtækisins. Framleiðsla á kísilryki nam 21.035 tonnum sem er um 25% minna magn en árið áður en það endurspeglar

betri nýtingu hráefnanna við framleiðslu á kísiljárn. Áfram var kapp lagt á að auka framleiðslu á verðmeiri afurðum, einkum hreinsuðum málm. Sú framleiðsla nam um 28% af heildarframleiðslu en var 23% árið 2000. Engin alvarleg vinnuslys urðu á starfsfólki en alls urðu fjögur vinnuslys sem leiddu til fjarvistar. Það er svipað og árið á undan og mjög áþekkt því sem gerist í sambærilegum iðnaði. Sala á afurðum var góð allt árið, bæði á kísiljárn og kísilryki. Verð á kísiljárn var hins vegar áfram mjög lágt allt árið og fór reyndar lækkandi seinni hluta ársins í kjölfar atburðanna í New York í september. Í lok ársins var hlutafé félagsins aukið til að bæta eiginfjárstöðu og tryggja þannig skilmála á lánunum, sem tekin voru vegna stækkunar verksmiðjunnar. Á árinu fækkaði ársverkum um 20 án þess að til uppsagna kæmi. Ekki var ráðið í stað þeirra sem hættu. Það er liður í aðgerðum félagsins til að lækka rekstrarkostnað við mjög erfiðar markaðsaðstæður og lélega afkomu.

Steinullarverksmiðjan hf.

Tekjur Steinullarverksmiðjunnar hf.

námu um 720 milljónum króna á síðasta ári og varð hagnaður ársins tæpar 80 milljónir en nam 88 milljónum króna árið áður.

Heildarsala fyrirtækisins varð um 187 þúsund rúmmetrar sem er um 2,5% meira magn en árið áður og er þetta mesta sala frá upphafi rekstrar árið 1985. Sala á innanlandsmarkaði nam um 122 þúsund rúmmetrum sem er 1,5% aukning frá fyrra ári en út voru fluttir um 65 þúsund rúmmetrar sem er u.þ.b. 5% aukning milli ára. Sem fyrr var mest flutt út til Bretlands og Færeyja.

Á árinu var þökkunarbúnaður fyrirtækisins endurnýjaður en við það gjörbreytist meðhöndlun afurðanna bæði í verksmiðjunni og á byggingarstað auk þess sem mikil hagræðing verður í flutningum og öllu lagerhaldi. Samtals var fjárfest fyrir um 175 millj. króna á árinu.

Rekstraráætlun gerir ráð fyrir að nokkur samdráttur verði á innlendum byggingamarkaði árið 2002 og þar af leiðandi er búist við minni sölu og lakari afkomu en árið 2001.

Þjónustuiðnaður


Til þjónustuiðnaðar innan Samtaka iðnaðarins teljast hárið, snyrtifræði, gullsmíði, ljósmyndun, úrsmíði, tannsmíði og fataiðnaður.

Í öllum framantöldum greinum starfa sérstök félög. Samtök iðnaðarins veita stjórnnum félaganna ráðgjöf og upplýsingar sem óskað er eftir. Jafnframt hafa SI tekið að sér að halda bókhald, sjá um innheimtu og ýmislegt fleira í daglegum rekstri félaganna. Einstakir félagsmenn þessara félaga fá aðstoð leiti þeir eftir henni.

Starfandi er sérstakur tengslahópur þessara félaga við SI. Þar koma saman a.m.k. einn fulltrúi frá hverju félagi og Ólafur Helgi Árnason starfsmaður SI. Hópurinn reynir að koma saman mánaðarlega. Þá er rætt það sem efst er á baugi í starfsemi SI hverju sinni og jafnframt eiga félögin kost á að koma hugðarefnum sínum á framfæri. Að slíkum fundi loknum er ætlast til að hver fundarmaður geri sinni stjórn grein fyrir því hvað fer fram hefur farið til að hvert félag geti fylgst með starf-

semi SI með sem skilvirkustum hætti. Á slíkum fundum er jafnframt ætlast til þess að félögin komi á framfæri við SI því sem helst brennur á þeim hverju sinni. Ekki ber þó svo að skilja að félögin og einstakir félagsmenn þeirra geti ekki rætt milliliðalaust við starfsmenn SI heldur er meiningin að samstarfið sé á þessum formlega grundvelli til að tryggja að það eigi sér stað.

Ekki hefur enn tekist að gera samninga við iðnnema innan margra þessara þjónustugreina. Mikið ber í



Starfsgreinahópar

milli í viðræðunum og því óvíst hvenær niðurstaða fæst. Einn hópur iðnnema, þ.e. nemandur í hársnyrtiðni, ber sig ákaflega illa og hafði jafnvel uppi hótanir um „verkfall“ fyrir síðustu jólin en vandséð er hvernig nemandur geta farið í verkfall í námi sínu.

Hver iðngrein þarf að meta hver endurmenntunarförfin er og svo er gott að félögin beri saman bækur sínar um hvað þau gætu sameinast um í þessu efni. Því fleiri sem sækja námskeið, því

ódýrara verður það fyrir þátttakendur. Hugsanlegt væri að félögin huguðu að meira og betra samstarfi á þessu sviði.

Starfsgreinahópurinn hafnaði því að fara þá leið, sem margir hópar hafa farið, þ.e. að kjósa sér stjórn sem gæti stýrt vinnu hópsins og viðkomandi starfsmaður SI á hverjum tíma starfaði í nánum tengslum við þá stjórn í stað þess að stýra hópnum eins og nú er raunin. Starfsemi hópsins þarf að vera í sífelldri endurskoðun til að félagsmenn



verði ánægðir og starfið skili þeim og félögum þeirra sem bestum árangri

Markaðs- og kynningarmál

Markaðsdeildin starfar á þverfaglegum grunni fyrir starfsgreinar og aðildarfyrirtæki innan vébanda SI. Af mörgu er að taka þegar fjalla á um verkefni liðins árs og hér verður ekki tæpt á nema broti af því sem fram fór árið 2001. Einna helst má líkja starfsemi markaðsdeildar við auglýsingastofu sem veitir heildarþjónustu í ráðgjöf, áætlanagerð, skipulagningu og framkvæmd átaksverkefna hvers konar. Að meðaltali starfa þrjár auglýsingastofur fyrir markaðsdeildina auk þess sem sótt er í smiðjur félagsmanna með prentun og aðra verkþætti sem frekast er kostur. Markaðsdeildin sér einnig um skipuleggja ráðstefnur, sýningar, kynningar í fjölmiðlum og fræðslu- og upplýsingamiðlun á vefjum SI ásamt því að taka þátt í ýmsum þróunarverkefnum innanlands og utan.



Risandi stjarna

Vefur SI um náms- og starfsmöguleika, IDAN.IS, sló öll aðsóknarmet á haustmánuðum 2001. Átak var gert í að auglýsa vefinn í sjónvarpi og kvikmyndahúsum og það vakti athygli unga fólksins. IDAN.IS var áberandi í skólablöðum og dagbókum nemenda á árinu.

Markviss markaðssetning

Unnið var markviss að því að kynna félagsmenn og koma grunnupplýsingum um þá inn í helstu upplýsingamiðla og gagnagrunna á Íslandi. Birting þessara upplýsinga var félagsmönnum að kostnaðarlausu og tók gildi ýmist strax árið 2001 eða er væntanleg í bókum, á vefjum og í margmiðlunarefni árið 2002. Búast má við að sú miðlun haldi áfram næstu árin. Meðal þeirra

sem unnu að verkefninu með SI má nefna:

Íslensk fyrirtæki, Iceland Export Directory, Miðlun/Gula línan, Skerpla/Sjómannaalmanak og Meistarinn.is.



Meistarinn.is

Meistarinn.is er vefræn útgáfa grunnupplýsinga um meistara og fagmenn innan SI. Markmiðið er að auka aðgengi verkkaupa og neytenda að upplýsingum um fagmenn og hvar þá er að finna með því að byggja upp einn tiltekinn stað á vefnum með nafni sem auðvelt verður að leggja á minnið. Þess er vænt að sérhver félagsmaður njóti þeirra margföldunarhrifa sem kynning hvers fagfélags skilar í aukinni aðsókn á vefnum.



Láttu ekki rúlla yfir þig!

Málarameistarafélag Reykjavíkur, Samtök iðnaðarins, Meistarinn.is, Harpa-Sjófn, Málning og Slippfélagið málningarverksmiðja - blésu í lúðra á árinu og hófu umfangsmikla herferð til að minna fólk á að láta ekki fúskara rúlla yfir sig heldur leita frekar til fagmanna þegar vanda skal til verks. Verkefnið heldur áfram á komandi misserum.

Bakariin í sókn

Landssamband bakameistara og um 60 útsölustaðir innan félagsins efndu að venju til fjölmargra



átaksverkefna á árinu. Kaka ársins 2001 var kynnt á konudaginn, átakið Smurt brauð og smáréttir kitlaði bragðlauka landans á haustmánuðum, minnt var á ómissandi þjónustu bakara við undirbúning jóla og fyrir áramótin glæsileg Partybomba á boðstólum.

Hver er þinn markhópur?

Markaðsdeild SI undirbjó nýja tegund þjónustu fyrir félagsmenn á sviði markhópavinnslu. Hún felst í greiningu, vinnslu úrtaka og útgáfu límmiða sem aðildarfyrirtækin geta óskað eftir. Unnið er með stærstu fyrirtækjaskrá á Íslandi, byggða á mánaðarlega uppfærðum gögnum, m.a. frá Hagstofu Íslands, úr félagatali SI sem og úr öðrum skráum sem markaðsdeildin hefur aðgang að. Sú þjónusta hefst árið 2002.

Hagnýt hönnun

SI tekur, ásamt öðrum norrænum samtökum iðnaðar-, atvinnurekenda- og hönnunar, þátt í verkefni þar sem ýmis tæki og tól úr heimi hönnunar eru tekin og hagnýtt sem verkfæri fyrir stjórnendur í fyrirtækjum til að auka árangur þeirra á markaði. Afrakstur þeirrar vinnu er svokölluð verkfærataska, eða „Nordic Design Toolbox – for Business Development,“ en í henni eru fjölmörg verkfæri sem geta komið fyrirtækjum að gagni, m.a. við skipulagningu reksturs, vöruþróun, þjónustu, markaðssetningu og uppbyggingu ímyndar svo að dæmi séu tekin. Verkefnið, sem unnið er fyrir tilstyrk Norræna iðnaðarsjóðsins, er á lokastigi og er fyrirhugað að kynna það á árinu 2002.



Góð stjórnun lyklatríðið

Á árinu var mikil vakning fyrir gæðastjórnun og mögulegum ávinningi af innleiðingu gæðakerfa meðal aðildarfirmatækja SI. Eftir var til ráðstefnu um ISO9000 gæðastjórnun, meðal framleiðenda matvæla og byggingavöru sem og í upplýsingatækniiðnaði. Framsögumenn úr þessum greinum eru á einu máli um að innleiðingin hafi skilað sér margfalt til baka. Verktakar innan SI, blikksmiðjur, pípulagningameistarar,

málarameistarar, verkfræðistofur o.fl. hafa einnig sýnt gæðakerfi SI í byggingariðnaði mikinn áhuga og aðsóknin eykst stöðugt. Ljóst er að góð stjórnun leiðir til betri árangurs, framlegðar og afkasta fyrirtækisins. Starfsfólki gengur betur að sinna verkefnum, gæði vöru og þjónustu aukast og ánægja viðskiptavina að sama skapi.

Nýir vindar - ný áhersluatriði

Matartíminn 2001 var haldinn í maí á Grand Hótel Reykjavík við góðar undirtektir aðildarfirmatækja SI. Fulltrúum tiltekinnar starfsgreina var sérstaklega boðið að koma til að kynna nýjungum og kitla bragðlaukana þennan dag. Eftir aðsókninni að dæma var



áhugi gesta með eindæmum góður. Búast má við að Matartíminn verði haldinn árlega með þessum hætti þar sem fagfólki og fulltrúum stórra kaupenda matvæla, drykkjarvöru og hráefnis til stóreldhúsa og mötuneyta, verður boðið að koma og hitta forráðamenn aðildarfirmatækja SI á þessu sviði.

Nýsköpun og þróunarmál

Samstarfsvettvangur sjávarútvegs og iðnaðar

Árið 2001 var sjöunda starfsár Samstarfsvettvangs sjávarútvegs og iðnaðar. Upphaflega var vettvangurinn rekinn verkefnabundið til þriggja ára en vegna þess árangurs og reynslu, sem hann hefur skilað, er hann nú rekinn með varanlegri sniði. Vettvangurinn hefur komið að u.þ.b. 100 samstarfsverkefnum, bæði stórum og smáum. Í lok síðasta árs stóð vettvangurinn fyrir stefnumótunarvinnu með fyrirtækjum, stofnunum og samtökum á sviði sjávarútvegs og iðnaðar. Sú vinna tókst vel og skapar góðan grunn að starfsemi vettvangsins á næstu árum.

Rekstrarfyrirkomulag vettvangsins var með svipuðu sniði og áður, þ.e. sérstök verkefnisstjórn skipuð fulltrúum aðstandenda í iðnaði og sjávarútvegi ásamt fjármögnunaradilum, sér um mat verkefna og áherslur í daglegri starfsemi en stjórnarnefnd skapar mikilvægt bakland hans og stuðning við fjármögnun.

Aðilar Samstarfsvettvangs sjávarút-

vegs og iðnaðar eru auk Samtaka iðnaðar, Samtök fiskvinnslustöðva, LÍÚ, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, sjávarútvegsráðuneytið og iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið. Ráðstöfunarfé vettvangsins nemur 10-12 milljónum króna á ári.

Heilbrigðistæknivettvangur

Starfsemi Heilbrigðistæknivettvangs, sem hófst árið 2000, komst vel á veg á síðasta ári. Hann sækir fyrirmynd sína í Samstarfsvettvang sjávarútvegs og iðnaðar en markaðsaðstæður og tengsl þróunaraðila og notenda eru með allt öðrum hætti innan heilbrigðisgeirans. Á Heilbrigðistæknivettvangi hefur verið lögð áhersla á að þróa samstarfsform fyrirtækja og stofnana, auk menntamála og almennra samstarfsverkefna. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að leiða saman fyrirtæki og aðila innan heilbrigðiskerfisins á öllum sviðum heilbrigðistækni. Vettvangurinn stóð m.a. að tveim stefnumótum fyrirtækja og stofnana á síðasta ári. Hið fyrra fór

fram í mars með innlendum þátttakendum en hið síðara var alþjóðlegt og haldið í október með þátttöku 60 fyrirtækja víðs vegar að úr Evrópu.

Myndað hefur verið sérstakt norrænt samstarfsnet aðila sem þjóna litlum og meðalstórum fyrirtækjum á þessu sviði. Norræna ráðherraráðið hefur veitt Netinu styrk til forverkefna, m.a. til að kortleggja norræna samstarfshópa á sviðinu til að kanna hvernig nýta má slík sambönd til að efla fyrirtækjatengsl á sviðinu. Þá er hafinn undirbúningur að stórra heilbrigðistækniþýningu í tengslum við alþjóðlega ráðstefnu og fyrirtækjastefnumót sem haldið verður á Íslandi í sumar. Í tengslum við þessa atburði er einnig stefnt að því halda sérstakan norrænan vinnufund með stuðningi Norræna iðnaðarsjóðsins til að ræða stuðningsaðgerðir og verkefni sem nýtast fyrirtækjum á sviðinu.

Að samstarfsvettvanginum standa auk Samtaka iðnaðar, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, iðnaðar- og



viðskiptaráðuneytið, Rannís og Heilbrigðistæknifélag Íslands. Þessir aðilar hafa gert með sér þriggja ára samstarfs-samning um að standa að fjármögnun

hans og rekstri til næstu þriggja ára eða samtals 15 milljónir á ári. Auk þess leggur Landspítali – háskólasjúkrahús vettvanginum til aðstoðu og tengsl.

Markmið samstarfsvettvangsins er að stuðla að þróun og markaðssetningu heilbrigðistæknilausna til hagsbóta fyrir íslensk fyrirtæki og stofnanir. Stefnt er að þróun aðferða og tæknilegra lausna sem leiða til betri lækninga og bættrar heilsu sjúklinga, meiri hagræðingar í

íslensku heilbrigðiskerfi og aukinnar verðmætasköpunar og útflutnings íslenskra heilbrigðistæknifyrirtækja. Hér á landi starfa nú 40 – 50 fyrirtæki, bæði stór og smá, á þessu sviði og námu heildarumsvif þeirra á síðasta ári um 30 milljörðum króna. Umsvif þeirra hafa rúmlega sjöfaldast frá árinu 1998.

Gæðamál

Árið 2001 var unnið áfram að uppbyggingu gæðastjórnunar í ýmsum greinum sem tengjast byggingar- og verktakaiðnaði. Samtök iðnaðarins hafa eins og áður starfað náið með Gæðastjórnunarfélagi Íslands á sviði gæðamála. Ný útgáfa ISO-9000 staðlanna kom út í íslenskri þýðingu á árinu. Samtök iðnaðarins tóku virkan þátt í þeirri vinnu og ennfremur kynningu staðlanna. Þá var unnið áfram að uppbyggingu Íslensku/Evrópsku ánægjuvogarinnar og hafið nýtt verkefni um samanburðarviðmið (Benchmarking).

Gæðstjórnunarátakið hjá verktökum og verkkaupum

Mikil vakning varð fyrir gæðastjórnun á árinu 2001 bæði hjá verkkaupum og verktökum. Nú hafa alls 61 fyrirtæki innan Samtaka iðnaðarins tekið þátt í verkefnum eða námskeiðum í gæðastjórnun og kynning á gagnsemi gæðastjórnunar hefur náð til stærri hóps innan SI en nokkru sinni fyrr.

Á síðasta ári bættust nokkur af stærstu byggingafyrirtækjum landsins í hóp þeirra sem nýta sér gæðastjórnunarkerfið og aðstoð Samtakanna í þessum málaflokki.

Mikil breyting hefur orðið á allri tölvulegri umgjörð kerfisins sem nú er orðið aðgengilegra en áður og þá

sérstaklega fyrir þá sem ekki búa yfir mikilli tölvukunnáttu enda er tölvu-umhverfið orðið mun myndrænna en það var.

Þeir verktakar, sem hafa tileinkað sér gæðastjórnunarkerfið og þau vinnubrögð, sem það býður upp á, hafa átt mjög auðvelt með að leggja fram trúverðug gögn þegar verkkaupar hafa gert kröfu um slíkt, sem gerist nú í auknum mæli, áður en gengið er endanlega til samninga.

Þetta eru kröfur um að væntanlegur verktaki lýsi skriflega því verklagi sem hann hyggst nota við framkvæmd á tilteknu samningsverki ásamt tilheyrandi eyðublöðum til samskipta, eftirlits og fleira. Kröfurnar hafa hingað til verið með ýmsum hætti og því hafa verktakar oft átt erfitt með að átta sig á því nákvæmlega hvaða gögnum verkkaupi óskar eftir.

Á síðastliðnu ári komu fram í mörgum af stóru útboðunum mjög skýrar og greinargóðar kröfur um hvers var óskað varðandi gæðamál. Þær kröfur voru mjög einsleitar og eiga mjög líklega uppruna sinn hjá sama höfundi. Það er öllum aðilum mjög til hagsbóta að verkkaupar sammælist um að þessar eða álíka kröfur um að verktakar leggi fram áætlun um gæðatryggingu í formi verklagsreglna og eyðublaða er varða

tiltekna framkvæmd, verði sem líkastar frá öllum verkkaupum og frá einu útboði til annars. Með þeim hætti eiga verktakar auðveldara með að leggja fram slíkar upplýsingar um eigið verklag og geta markvisst þjálfað starfsfólks sitt í skipulögðum vinnubrögðum í samræmi við það.

Þess vegna hafa starfsmenn SI heim-sótt nokkra helstu verkkaupa landsins og rætt þá hugmynd að þeir samræmi þessar kröfur sín á milli þannig að verktakar geti búist við svipuðum kröfum í útboðum í framtíðinni. Þessari hugmynd hefur verið vel tekið og Samtök iðnaðarins hafa því boðist til að koma á fót námskeiðum sem munu hefjast snemma á árinu 2002 og eru ætluð hönnuðum, verkkaupum, verktökum og eftirlitsmönnum. Þannig er hægt að samræma skilning þeirra á þessum kröfum og auka þannig líkurnar á að tilgangur þeirra komist til skila og að hagnýtt gildi þeirra sem tæki til gæðastjórnunar verði sem best og farsælast fyrir bæði verkkaupa og verktaka.

Samtök iðnaðarins buðu stjórnendum og almennum starfsmönnum ýmis önnur námskeið á árinu. Námskeiðunum var ætlað að bæta skilning og skilvirkni gæðastarfsins til að auðvelda stjórnendum að innleiða skilvirkt gæðastjórnunarkerfi í fyrirtæki sín.

Unnið hefur verið að því að móta úttektir og viðurkenningar fyrir þau fyrirtæki sem hefur tekist að tileinka sér og beita markvissri og trúverðugri gæðastjórnun í daglegum rekstri. Slíkar viðurkenningar eru fjórar, og miðast við hversu langt viðkomandi fyrirtæki er sannanlega komið í að tileinka sér vinnubrögð góðar stjórnunar.

Ef áætlanir standast má ætla að fyrstu fyrirtækin fái viðurkenningu á fyrsta áfanga gæðastjórnunarkerfis viðkomandi fyrirtækis um mitt þetta ár.

Íslenska og evrópska ánægjuvugin

Samtök iðnaðarins eru meðal stofnenda og aðilar að Íslensku ánægjuvuginni sem er félag í eigu SI, Gæðastjórnunarfélags Íslands og Gallups um þátttöku í Evrópsku ánægjuvuginni. Verkefnið er hluti af stóru evrópsku samstarfsverkefni European Customer Satisfaction Index (ECSI) eða Evrópsku ánægjuvuginni eins og það hefur verið nefnt á íslensku.

Markmið verkefnisins er að láta fyrirtækjum í té samræmdar mælingar á ánægju viðskiptavina. Þá er og markmið verkefnisins að meta nokkra aðra þætti sem tengjast ánægju viðskiptavina – hafa áhrif á hana (t.d. ímynd og mat á gæðum) eða verða fyrir áhrifum hennar (tryggð viðskiptavina). Mikilvægi mælinga á ánægju viðskiptavina og áhrifaþáttum hennar er mikið þar sem rannsóknir hafa sýnt fram á að því ánægðari sem viðskiptavinir fyrirtækis eru því betri afkomu má fyrirtækið búast við.

Á fyrsta ári Íslensku ánægjuvogarinnar árið 1999 komu íslensk fyrirtæki best út í fimm starfsgreinum í heildarsamanburði 11 Evrópuríkja. Hér á landi var mæld ánægja viðskiptavina banka, farsíma-, og tryggingafélaga auk tveggja greina í matvælaíðnaði, framleiðslu drykkjarvöru og kjötáleggi.

Árið 2000 slógust svo viðskiptavinir fastlínusímafélaga og pósthfyrirtækja í

hópin Hinn 2. maí sl. voru niðurstöður Íslensku ánægjuvogarinnar kynntar í annað sinn. Helstu niðurstöður urðu þær að ánægjan minnkaði í öllum starfsgreinum, sem mældar voru, í samanburði við árið áður. Í heildarsamanburði milli landi hröpuðu ís-lensku fyrirtækin úr fyrsta sæti í þriðja á eftir þeim finnsku og írsku. Íslensku bankarnir eru nú í öðru sæti á eftir þeim finnsku en voru í fyrsta sæti og lækkuðu um 2,6 stig frá árinu áður. Framleiðendur kjötáleggs og drykkjarvöru hér á landi fylgja bönkunum enn fast eftir hvað varðar ánægju viðskiptavina en ánægjan viðskiptavina þeirra minnkaði álíka mikið og hjá bönkunum eða um 2,8 og 2,0 stig. Ánægja viðskiptavina farsímafyrirtækja minnkaði mest eða um 4,5 stig og tryggingafélaga um 3,2 stig.


Það veldur vissulega vonbrigðum að þróun ánægju viðskiptavina íslenskra fyrirtækja virðist ganga í öfuga átt. Þetta er niðurstaðan úr einhverjum umfangsmestu markaðsmælingum sem farið hafa fram á íslenskum markaði. Hvort


sem orsakirnar liggja í meiri kröfum viðskiptavina, harðnandi samkeppni eða því að fyrirtækin geti einfaldlega gert betur eru upplýsingar um þessa þróun afar mikilvæg forsenda þess að unnt sé að gera sér grein í hverju vandinn felst.

Niðurstöður mælinga fyrir árið 2001 liggja fyrir þegar þetta er skrifað en vegna samstarfsins við aðrar Evrópuþjóðir verða þær ekki birtar fyrr en sameiginleg samantekt og skýrsla liggur fyrir á næstu vikum. Það verður því spennandi að sjá hvort íslensku fyrirtækjunum hefur tekist að snúa við þeirri þróun sem mæld var á árið 2000.

Nýr samstarfsvettvangur um aðgerðir til að auka framleiðni

Árið 2001 unnu Samtök iðnaðarins að undirbúningi „Samstarfsvettvangs um framleiðniaukandi aðgerðir“ fyrir íslenskt atvinnulíf í samstarfi við Iðntæknistofnun. Leitað var til Samtaka atvinnulífsins, Nýsköpunarsjóðs og Iðnaðarráðuneytis um að taka þátt í fjár-





mögnun og framkvæmd verkefnisins og í árslok var ljóst að allir þessir aðilar koma að hinum nýja vettvangi.

Hlutverk vettvangsins er að stuðla að því að kynna fyrirtækjum samræmdar aðferðir til að mæla og meta á árangur á sviði stjórnunar og framleiðni og hvetja þau til að nýta sér þær. Með aðgangi að alþjóðlegum gagnaböndum er hægt að bera árangur einstakra fyrirtækja saman við viðmið í viðkomandi starfsgrein og þau fyrirtæki sem skara fram úr á heimsvísu. Hinn nýi samstarfsvettvangur byggist á samstarfi við félagasamtök, ráðgjafafyrirtæki og stofnanir á þessu sviði. Starfstími vettvangsins er þrjú ár fyrst um sinn og verður hann starfræktur á Impru, þjónustumiðstöð frumkvöðla og fyrirtækja.

Staðlamál

Samtök iðnaðarins hafa frá upphafi átt fulltrúa í stjórn Staðlaráðs Íslands og tekið drjúgan þátt í starfi flestra fagráða og fagstjórna þess sem starfa á sviði á byggingariðnaðar, upplýsingatækni, raf-tækni, véltækni, auk gæða- og umhverfisstjórnunar. Rúmlega 11.700 Evrópustaðlar hafa nú verið staðfestir sem íslenskir og Staðlaráð heldur skrá

Menntamál

Afskipti Samtaka iðnaðarins af menntamálum hafa sjaldan verið meiri en árið 2001. Undir málaflokkinn heyrir bæði símenntastarfsemi, sem kostuð er af atvinnulífnum og margs konar sam-

Fyrsta verkefni samstarfsvettvangsins er að innleiða hér á landi nýja alþjóðlega aðferðarfræði við samanburðarmælingar (Benchmarking) á mikilvægustu þáttum í starfsemi framleiðslufyrirtækja. Með tilkomu verkefnisins gefst íslenskum fyrirtækjum kostur á að bera sig saman við önnur fyrirtæki á sviði stjórnunar og rekstrar. Til að byrja með er gert er ráð fyrir að 10 til 20 þátttökufyrirtæki fái aðstoð við að hagnýta sér verkefnið en stefnt að því að fleiri en 100 fyrirtæki verði orðnir þátttakendur innan þriggja ára. Aðstandendur fjármagna upphaflegan stofnkostnað þannig að þátttökufyrirtækin greiða eingöngu þann kostnað sem snýr að þeim sérstaklega eða á bilinu 75 til 125 þúsund krónur á hvert þeirra. Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið nemur um 12 milljónum króna á þriggja ára reynslutíma.

Ákveðið hefur verið að vettvangurinn gerist þátttakandi í evrópskum félagskap sem styðst við aðferðafræði Microscope en þar er stuðst við gagnabanka sem ólík fyrirtæki geta hagnýt sér

til að skoða hvernig þau standa innan sinnar atvinnugreinar eða í samanburði við aðrar greinar. Microscope hefur þegar náð mikilli útbreiðslu í mörgum þeim löndum sem við berum okkur saman við og verið er að athuga möguleika á að Nordurlönd eigi sérstakt samstarf um þátttöku í verkefninu í samvinnu við Norræna iðnaðarsjóðinn.

Með stofnun samstarfsvettvangsins og þátttöku í Microscope verður Ísland fullgildur aðili að samstarfshópi sem hefur stýrt þróun aðferðarinnar og útbreiðslu til annarra svæða að gera. Þau ríki sem gengið hafa til þessa samstarfs eru; Írland, Belgía, Þýskaland, Ítalía, Austurríki, Bretland, Svíþjóð og Danmörk. Samstarfsvettvangurinn er jafnframt tengiliður Íslands við önnur félagasamtök eins og European Benchmarking Forum sem er ráðgefandi aðili Evrópusambandsins á þessu sviði og GBN (Global Benchmarking Network) sem er heimssamtök á sviði samanburðarviðmiða.

yfir þá alla á Netinu undir staðlar.is. Þá eru um 60 sérislenskir staðlar virkir.

Á síðasta ári var kosinn nýr formaður Staðlaráðs Íslands, Víglundur Þorsteinsson, B.M. Vallá/Vikurvörum og tók hann við af Friðriki Sigurðssyni, Tölvumyndum. Staðlar á sviði byggingariðnaðar verða mikið í sviðsljósinu á þessu ári og því næsta en þeirra hefur

lengi verið beðið. Þá tók Staðlaráð upp nýtt merki á árinu en sala og notkun staðla hefur aldrei verið jafn mikil og nú. Einnig ber að geta þess að áherslur í starfsemi Staðlaráðs hafa breyst nokkuð í kjölfar stefnumótunarvinnu sem unnin var árið 2000, m.a. í þá átt að hækka þjónustustigið.

starf við opinbera aðila, nefndir og ráð á þeirra vegum. Ávinningur atvinnulífsins af betra menntakerfi og auknu framboði menntunar fyrir fyrirtækin er vafalaus. Hins vegar hlýtur atvinnulífið

að spyrja sig hvaða árangur hafi náðst af auknum afskiptum af menntamálum undanfarin ár.

Samtök iðnaðarins hafa lagt vaxandi áherslu á að menntakerfið þjóni at-

vinnulífínu og möguleikar þess til að efla hag fyrirtækjanna séu nýttir. Samtök iðnaðarins vilja að menntakerfið fylgi eftir þróun atvinnulífsins og sinni þörfum fyrirtækjanna fyrir góða og arðvænlega menntun.

Tiltekin verkaskipting hefur verið að mótast milli Samtaka iðnaðarins og Samtaka atvinnulífsins í menntamálum. SA leggja til almenna stefnu og markmið í þeim þáttum menntamála sem snerta fyrirtæki í flestum atvinnugreinum. SI leggja áherslu á framkvæmd einstakra stefnuþátta og verkefna í samræmi við menntamarkmið atvinnurekenda. Til þess nota SI formlegt langtímasamstarf (t.d. eigin fræðslustofnanir) og tímabundið samstarf margra aðila.

Tækninám á háskólastigi

Samtök iðnaðarins, ásamt rannsóknastofnunum iðnaðarins, Tæknifræðingafélagi Íslands og Alþýðusambandi Íslands unnu að því um tveggja ára skeið að taka við rekstri Tækniskóla Íslands og þróa hann á háskólastigi. Þessir aðilar stofnuðu „Undirbúningsfélag að stofnun Tækniháskóla“ sem átti í viðræðum við menntamálaráðuneytið um þetta mál. Aðilar mótuðu stefnu fyrir nýjan tækniháskóla, gerðu rekstraráætlanir fyrir skólann og unnu málinu fylgi. Það urðu Samtökum iðnaðarins vonbrigði að Undirbúningsfélagið og menntamálaráðuneytið skyldu ekki ná samkomulagi um málið.

Afskiptum Samtaka iðnaðarins af afdrifum Tækniskóla Íslands er fjarri því lokið með þessari niðurstöðu. Samtökin höfðu afskipti af Tækniskólanum vegna þess náms sem þar er boðið fram. Þau leggja áherslu á að frekari innlend tæknipbyggging er forsenda fyrir hagsæld fyrirtækja og einstaklinga. Samtökin leggja einnig áherslu á að leið iðnaðarmanna að tækninámi á háskólastigi haldist greið. Mikilvægt er að tækninámið sé rekið í virkum tengslum við

atvinnulífið. Samtök iðnaðarins munu áfram stuðla að fjölbreytni í framboði verk- og tæknináms á háskólastigi.

Hagsmunafélag um eflingu verk- og tæknimenntunar á háskólastigi

Samtök iðnaðarins, Háskóli Íslands, Tækniskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Verkfræðingafélag Íslands og Tæknifræðingafélag Íslands standa að „Hagsmunafélagi um eflingu verk- og tæknimenntunar á háskólastigi.“

Markmiði sínu hyggst félagið ná með samnýtingu og samstarfi milli háskóla en nauðsynlegt er, í samræmi við niðurstöður könnunar meðal fyrirtækja Samtaka iðnaðarins, að auka framboð á raungreinamenntun á háskólastiginu og laða fleira ungt fólk að raungreinum.

Hagsmunafélagið hefur tekið þátt í ýmsum verkefnum, fundum og viðurkenningum til að vekja athygli á mikilvægi raungreina og stuðla að því að nemendum fjölgi, ekki síst konum, í verk- og tæknifræði. Hagsmunafélagið hefur unnið að markmiði sínu í samstarfi við aðra aðila, t.d. um sérstakt átak til að fjölga konum í verkfræði og um verkefni til að bæta kennsluáferðir og kennslugögn í raungreinum á grunnskólastigi. Frá því að Hagsmunafélagið var stofnað hefur nemendum fjölgað í verkfræði og er nú svo komið að konur eru um helmingur nemenda í verkfræðideild.

Leonardó II

Starfsmenntaáætlun ESB, Leonardó II, hóf formlega starfsemi sína fyrir tveimur árum og verður rekin til 2006. Eins og nafnið bendir til tekur hún við af Leonardó I sem rekinn var 1995-1999.



Samtök iðnaðarins hafa tekið virkan þátt í stjórnun Leonardó hér á landi, auk þess sem fulltrúi Samtaka iðnaðarins hefur setið í stjórnarnefnd Leonardó í Brussel fyrir Samtök atvinnulífsins.

Mannaskiptaverkefni hafa verið einn mesti akkur fyrirtækjanna af Leonardó.

Iðnskólafélagið

Meistarafélag iðnaðarmanna og Samtök iðnaðarins stofnuðu Iðnskólafélagið í nóvember 2001 í samvinnu við Iðnskólann í Reykjavík og átta sveina- og meistarafélög. Tilgangur félagsins er að vera bakhjarl iðnmenntunar á Íslandi, með sérstaka áherslu á starfsemi Iðnskólans í Reykjavík. Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því að vinna einstök verkefni sem styðja við menntun iðnaðarmanna og lyfta ímynd og stöðu iðngreina á Íslandi. Iðnskólafélagið hélt fyrsta félagsfund sinn í febrúar og þar voru lagðar línur í starfsemi félagsins næsta ár.

Sí- og endurmenntunarstofnanir iðnaðarins

Menntafélag byggingariðnaðarins, Fræðsluráð málmíðnaðarins, Fræðsluráð hótél- og matvælagreina og Prenttæknistofnun reka sí- og endurmenntunarstarf fyrir iðngreinaflokkana sína. Þessi félög byggja starfsemi sína á samningi Samtaka iðnaðarins og annarra félaga í atvinnulífínu. Auk endurmenntunarþjónustu hafa félögin gert verktakasamninga við menntamálaráðuneytið um einstök verkefni. Lengi hefur verið til umræðu hvort fræðslustofnanir iðnaðarins ættu að færa út



starfsemi sína og bjóða þjónustu á almennum markaði. Af ýmsum ástæðum hefur dregið úr áhuga á því að undanförmu.

Samskipti SI og menntamálaráðuneytis

Atvinnulífið telur lögin um framhaldsskóla frá 1996 vera mikið framfaraspor í starfsmenntun hér á landi. Með þeim hefur atvinnulífið fengið meira svigrúm og ábyrgð en áður til að móta menntun í þágu atvinnulífsins. En þótt lögin séu góðra gjalda verð hefur framkvæmd þeirra á sumum sviðum dregist úr hömlu. Nýjar námskrár hafa litið dagsins ljós og aðrar eru í vinnslu. Í sumum greinum hefur námskrárvinna enn ekki hafist. Mestu máli skiptir að menntamálaráðuneytið hrindi í framkvæmd þeim námskrám sem þegar hafa verið staðfestar.

Samtök iðnaðarins áttu í viðræðum við menntamálaráðuneytið um að koma með beinum hætti að rekstri annarra skóla en Tækniskóla Íslands. Málmiðnaðurinn hefur verið í margra ára samvinnu við menntamálaráðuneytið við að undirbúa stofnun og rekstur nýs skóla, Mál- og véltækniskóla Íslands. Ráðuneytið sleit þessum viðræðum án þess að skiljanlegar ástæður lægju að baki.

Skyndileg stefnubreyting ráðuneytisins í þessu máli hefur gert að engu mikla vinnu og ýtarlega útfærðar áætlanir í þessu skyni. Vandaður málflutningur Samtakanna og samstarfsaðila

þeirra, jafnt um nýtt rekstrarform Tækniskóla Íslands sem og stofnun og rekstur Mál- og véltækniskóla Íslands, hefur því miður ekki náð tilskildum árangri.

Samtök iðnaðarins eiga í viðræðum við menntamálaráðuneytið um ýmis önnur mál sem miklu máli skiptir að leiða til lykta. Nefna má að ráðuneytið og SI vinna að hugmyndum um nýtt fyrirkomulag vinnustaðakennslu.

Starfsmenntun í atvinnulífinu

Atvinnurekendur, launafólk og stjórnvöld eru í margvíslegu samstarfi um að styðja við símenntun í atvinnulífinu. Starfsmenntaráð félagsmálaráðuneytis, sem starfar samkvæmt lögum um starfsmenntun frá 1992, veitir fjármunum til starfstengdrar endurmenntunar. Haustið 2000 tóku til starfa félögin Starfsafl og Landsmennt sem bæði hafa að markmiði að efla starfsfræðslu ófaglarðra. Verkefni, sem hrundið hefur verið af stað undir handarjaðri þeirra, skipta orðið tugum. Framangreind starfsemi er fjármögnuð af tryggingagjaldi, sérstakri opinberri álagningu á fyrirtæki í landinu. Frekari upplýsingar um þessa starfsemi má finna á eftirfarandi vefsetrum: starfsmenntarad.is, starfsafl.is og landsmennt.is.

MENNT

MENNT – Samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla hefur starfað í um þrjú ár. Að Mennt standa samtök atvinnurekenda og launafólks, framhaldsskóla- og háskólastigið.

Meðal markmiða Menntar er að stuðla að öflugu atvinnulífi þar sem framsýni, þróun og aðlögunarhæfni eru sett í öndvegi með menntun við hæfi. Mennt hefur tekið að sér tiltekin verkefni í samræmi við þessi markmið. Meðal þeirra eru umsjón með nemenda- og mannaskiptaverkefnum innan Leonardóáætlunar ESB, upplýsinga-

veita um menntun og ýmiss konar þjónusta á sviði starfsmenntamála, m.a. við menntamálaráðuneytið.

Fjárhagsleg ábyrgð á vinnustaðakennslu

Mörg fyrirtæki bera mikinn kostnað af vinnustaðakennslu en önnur taka ekki nema í þjálfun og bera því engan kostnað af henni. Þetta skekkir samkeppnistöðuna og á þátt í mismunandi afkomu fyrirtækja. Hvernig er unnt að jafna þennan mun?

Fyrir rúmu ári fól stjórn SI sérstökum starfshópi, sem í eru einnig fulltrúar Samtaka ferðaþjónustunnar, að koma með tillögur til lausnar þessum vanda. Gerð var könnun meðal 49 fyrirtækja í iðnaði og veitingaþjónustu og staðfesta niðurstöður hennar vilja fyrirtækjanna til að jafna fjárhagslega ábyrgð á vinnustaðakennslu.

Í niðurstöðum könnunar, sem SI gerðu meðal fyrirtækja sinna, kemur fram sú skoðun að stjórnvöld beri fjárhagslega ábyrgð á kennslu á vinnustað með sama hætti og þau bera ábyrgð á kennslu í skóla. Starfshópurinn telur því rétt að atvinnurekendur leiti samninga við stjórnvöld um að taka þátt í fjármögnun vinnustaðakennslu. Menntamálaráðherra skipaði sl. vor sérstakan vinnuhóp til þess að gera tillögur um meginþætti málsins og benda á leiðir til að hrinda hugmyndunum í framkvæmd. Bakhópurur SI og SAF í þessu máli óskar eftir því að vinnuhópur ráðuneytisins ljúki verkefni sínu sem fyrst. Samningur atvinnulífs og ráðuneytis um áframhald málsins verði að liggja fyrir snemma á vordögum.

Almenn lögfræðipjónusta

Allir félagsmenn geta leitað sér lögfræðilegrar ráðgjafar hjá SI og er þá reynt að aðstoða viðkomandi eins og kostur er. Eina skilyrðið er að málið tengist starfsemi viðkomandi félagsmanns. Þó er rétt að geta þess að fyrirspurnum sem varða réttindi og skyldur milli atvinnurekenda og starfsmanna eða ráðningu og uppsögn þeirra er yfirleitt vísað áfram til Samtaka atvinnulífsins enda er það þeirra hlutverk að fjalla um þau mál.

Ný lög um þjónustu- og lausafjárkaup

Hinn 1. júní sl. tóku gildi endurskoðuð lög um lausafjárkaup og ný lög um þjónustukaup. Með þessum lögum eru settar skýrari reglur um neytendavernd í tengslum við gildissvið laganna.

Nýmæli í þessum lögum er að í þeim eru ákvæði um tveggja ára ábyrgð á seldum vörum svo og vinnu. Áður náði ábyrgðin aðeins til eins árs. Varðandi byggingarvörur er ábyrgðartíminn mun lengri eða fimm ár. Tveimur nefndum er ætlað að fjalla um brot á þessum lögum, sem þýðir að neytendur eða aðrir sem eiga hagsmuni að gæta, geta leitað til þessara nefnda um úrlausn

mála sinna með ódýrum og skjótum hætti.

Brýnt er að þeir sem eru í slíkum viðskiptum, kynni sér efni laganna. Reyndar hafa verið haldnir fundir með tveimur félögum þar sem löggin voru kynnt.

Félagsmenn í Félagi snyrtifræðinga hafa ritað greinar bæði í blöð og á vef SI um þessi efni. Telja verður að árangursríkasta leiðin til að glíma við slík brot sé að hvert félag fyrir sig og hugsanlega að einhverju leyti í samvinnu við önnur markaðssetji sig og sína iðngrein þannig að neytendur skilji af hverju er betra að eiga viðskipti við fagmenn en þá sem eru ófaglærðir eða í ólöglegum rekstri.

Á heimasíðu SI og heimasíðu iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins er að finna eyðublað sem unnt er að nota í þjónustukaupum. Er félagsmönnum ráðlagt að stýðjast við slíkt form í viðskiptum við neytendur.

Dómur við iðnlagabroti

Ekki virðist iðnlagabrotum fækka neitt að ráði ef miða má við þær fyrirspurnir og athugasemdir sem SI berast. Reynt er að kæra þau mál sem talin eru augljós brot á lögnum. Því er ekki að leyndu að hlutfall þeirra kæra, sem verða

að endingu að dómum, er gríðarlega lágt. Þó hefur nú gengið dómur sem staðfestir að ekki er heimilt að leyfa öðrum ófaglærðum eða sveinum að reka iðnað í skjóli handhafa meistara-bréfs sem ekki kemur nálægt rekstrinum að öðru leyti.

Útboðsreglur

Að venju er mikið spurt um útboðsmál og reglur sem snerta útboð. Í Hæstarétti var á síðasta ári kveðinn upp dómur þess efnis að sveitarfélögum væri ekki heimilt að velja hvaða tilboð sem væri í opnum útboðum þannig að val sveitarfélaga á tilboðum er bundið við tiltekna forsendur, sérstaklega jafnræði bjóðenda. Hart var deilt um skilmála í útboðum Vegagerðar í lok síðasta árs.

Ný lög um opinber innkaup og opinberar framkvæmdir voru samþykkt á vorþingi og vonandi verður næsta skref í útboðsmálum opinberra aðila að sveitarfélög gangist undir sömu reglur og ríkið. Slíkt myndi auðvelda bjóðendum og seljendum vöru, þjónustu og verkframkvæmda að átta sig á eftir hvaða reglum skal fara hverju sinni.


Umhverfismál - efnaiðnaður - orkumál

STENÚR

Á vegum umhverfisráðuneytisins er starfandi starfshópur, með þátttöku atvinnulífsins, um endurnýtingu úrgangs (STENÚR) sem m.a. á að gera tillögur um bættu nýtingu úrgangsefna. Auk þess á hópurinn að gera tillögur um hvort og hvernig beita megi hagrænum hvötum til að auka endurnýtingu og draga þannig úr förgun úrgangs. Vorið 2001 var lagt fram frumvarp þar sem lagt er til að beitt

verði sömu hagrænu aðferðum og lögfestar hafa verið við endurvinnslu, endurnýtingu eða förgun spilliefna og einnota drykkjarvöruumbúða til að ná settum markmiðum. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir að taka á tilteknum umbúðum, hjólbörðum og ökutækjum. Að ósk fjármálaráðuneytisins var frumvarpið tekið af dagskrá umhverfisnefndar Alþingis. Sett var á laggirnar nefnd umhverfisráðuneytis og fjármálaneytis sem unnið hefur að breytingum á

frumvarpinu. Fyrirhugað er að leggja fram frumvarp í sama anda haustið 2002. Frumvarpinu er m.a. ætlað að mæta kröfum sem Evrópusambandið gerir á þessu sviði en það hefur sett ýmsar reglur varðandi úrgangsmál og aðrar eru væntanlegar. Þar má nefna urðunar- og brennslutilskipun, tilskipun um umbúðir og umbúðaúrgang og tilskipun um rafgeyma og rafhlöður. Unnið er að tilskipun um bílflök og rafeindabúnað svo að nokkuð sé nefnt.



Víða erlendis hefur atvinnurekendur verið gert að taka til baka vöruafganga og umbúðir utan af vörum notendum að kostnaðarlausu. Þetta flokkast undir seljanda- eða framleiðanda ábyrgð. Atvinnurekendur hafa brugðist við þessari kröfu með því að stofna félög sem yfirtaka lagalega skyldu atvinnurekenda í þessum efnum. Það fer þannig fram að viðkomandi atvinnurekendur greiða sjálfviljugir gjald til félaganna sem nota það til að standa undir kostnaði við endurvinnslu eða förgun úrgangsins. Ókostur þessarar leiðar er að nokkur hluti atvinnurekenda kemst hjá því að greiða sitt framlag á kostnað hinna (free riders). Hér á landi hefur hins vegar náðst samkomulag, sem síðar hefur verið lögfest, um förgun spilliefna og endurvinnslu tiltekinna drykkjarvöruumbúða. Þar sér innheimta ríkissjóðs um að innheimta gjaldið til að tryggja að allir leggi sitt af mörkum. Hagsmunaaðilar sjá hins vegar um framkvæmdina.

Spilliefnanefnd

Árið 1996 voru sett lög um spilliefnagjald. Tilgangur þeirra er að hvetja til bættra skila á spilliefnum. Við innflutning og framleiðslu á vörum og

efnum, sem geta endað sem spilliefni, er lagt á gjald sem á að nægja til að mæta kostnaði við söfnun og eyðingu slíkra efna. Á ársfundum spilliefnanefndar kom meðal annars fram að spilliefni hér á landi eru um 80 kg á hverja fjögurra manna fjölskyldu og kostnaður við förgun þeirra er innan við 2000 kr. Í skýrslu spilliefnanefndar, sem kynnt var á ársfundinum, er að finna ýtarlegar upplýsingar um spilliefnagjaldskerfið og tölfraðilegar upplýsingar um skiptingu spilliefna.

Orkumál - Raforkumarkaðurinn


Á undanföllum árum hefur skipulagi raforkumála víða verið breytt í nágrannalöndum okkar til að auka samkeppni í framleiðslu og sölu á rafmagni. Hér á landi hafa slíkar breytingar verið undirbúnar og gert ráð fyrir því að samkeppniþættir, sem felast í framleiðslu og sölu á rafmagni, verði greindir frá sérleyfisþáttunum sem eru flutningur og dreifing á rafmagni.

Samtök iðnadarins hafa lengi barist fyrir lægra orkuverði fyrir iðnað og bent á nauðsyn þess að markaðslögmál gildi í viðskiptum með raforku. Breytingar í þá veru að auka samkeppni eru því af hinu góða. Aðalatriði málsins er að auka hagkvæmni sem leiðir til lægra raforkuverðs.

Framleiðsla á polyolum

Á vormánuðum var stofnað félag, IGP, um framleiðslu á polyolum úr

sykri eða sterkju. Nokkur aðdragandi var að stofnun félagsins en hugmyndin hefur verið til skoðunar hjá Ískem ehf. með stuðningi frá iðnaðarráðuneytinu og Nýsköpunarsjóði. Unnin var úttekt á slíkri framleiðslu hér á landi sem sýndi að hagkvæmt er að reisa slíka verksmiðju hér á landi enda þarf mikla gufuorku til framleiðslunnar. Fyrir tveimur árum var reist tilraunaverksmiðja í Suður Afríku til að staðfesta framleiðsluferlið. Rekstri tilraunaverksmiðjunnar var hins vegar hætt tímabundið vegna tæknierfiðleika og fjárskorts. IGP tók yfir rekstur á tilraunaverksmiðjunni og lofa niðurstöður frá rekstri hennar góðu. Rætt hefur verið við aðila í Suður Afríku og Bandaríkjunum um framhald verkefnisins sem lýkur vonandi með því að verksmiðja verði reist hér á landi.



Helstu fundir Samtaka iðnaðarins

Iðnþing 2001 var haldið föstudaginn 15. mars. Vilmundur Jósefsson, framkvæmdastjóri Gæðafæðis, var endurkjörinn formaður. Meðstjórnendur til tveggja ára voru kosnir þeir Hörður Arnarsson, Marel hf., Eiður Haraldsson, Háfelli ehf., Sverrir D. Hauksson, Prentsmiðjunni Grafík hf. og Theodór Blöndal, Stáltaki hf. Fyrir í stjórninni voru þeir Friðrik Andrésón, Múrara-meistarafélagi Reykjavíkur, Hreinn Jakobsson, Skýrr hf. og Jón Albert Kristinsson, Myllunni - Brauði hf.

Þeir sex, sem komust næst því að hljóta kosningu í stjórn, settust í ráðgjafaráð SI.

Þeir voru: Eyjólfur Sigurðsson, Kornaxi hf., Guðlaugur Adólfsson, Fagtaki ehf., Gylfi Þórðarson, Sementsverksmiðjunni hf., Leifur Jónsson, Gullhöllinni, Magnús Ólafsson, Osta- og smjörölunni sf. og Róbert Trausti Árnason, Keflavíkurverktökum hf.

Stjórnarfundir

Stjórn Samtaka iðnaðarins kom saman fimmtán sinnum á árinu. Fjölmörg mál eru á dagskrá hvers fundar enda í mörg horn að líta hjá stórum samtökum eins og Samtökum iðnaðarins. Stjórnin fundaði á Akureyri 31. október og heimsótti fyrirtæki á Akureyri og Dalvík.

Ráðgjafaráð, formenn og stjórnir aðildarfélaga.

Kynningarfundur, sem um 90 manns sóttu, var haldinn 10. maí. Fundur af þessu tagi er árviss viðburður í starfi SI og er haldinn til að auka tengsl Samtakanna við þá sem eru í forystusveit aðildarfélaganna hverju sinni.

Vilmundur Jósefsson, formaður SI, fjallaði um þau verkefni sem stjórn Samtakanna leggur mesta áherslu á að unnið verði að. Sveinn Hannesson, framkvæmastjóri SI, kynnti þjónustu og skipulag Samtakanna. Jón Steindór

Valdimarsson, aðstoðarframkvæmdastjóri SI, skýrði frá helstu niðurstöðum nokkurra starfshópa sem fjallað hafa um ýmis málefni á vegum Samtaka atvinnulífsins fyrir aðalfund SA. Þorsteinn Þorgeirsson, hagfræðingur SI, skýrði frá helstu niðurstöðum stefnumótunar SA í skatta- og efnahagsmálum. Að fundinum loknum þágu fundarmenn léttan kvöldverð í boði Samtakanna.

Fundur um frumvarp til breytinga á skattalögum og svæðisskipulagi

Fundur um frumvarp til breytinga á skattalögum og svæðisskipulagi fyrir höfuðborgarsvæðið var haldinn 15. nóvember. Þar kynnti Árni Harðarson, hdl. hjá Deloitte og Touche hf., frumvarp um breytingar á skattalögum. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, borgarstjóri, kynnti drög að nýju svæðisskipulagi fyrir höfuðborgarsvæðið sem tekur til landnotkunar, samgöngu- og þjónustukerfa, umhverfismála og þróunar byggðar. Svæðisskipulagið skiptir miklu máli fyrir þróun og uppbyggingu atvinnustarfsemi, ekki síst iðnaðar.

Stjórnir aðildarfélaga og starfsgreinahópar.

Auk funda stjórnar og ráðgjafaráðs SI er kjölfestan í starfi Samtakanna kraftmikið starf sem fer fram á fundum á vegum einstakra aðildarfélaga og starfsgreinahópa. Þar fer fram mikilvægt grasrótarstarf og þaðan koma m.a. margar hugmyndir og mál sem stjórn og starfsmenn SI vinna síðan úr og hrinda í framkvæmd.

Útboðsþing

Útboðsþing Samtaka iðnaðarins og Félags vinnuvélaeigenda var haldið á Hótel Loftleiðum föstudaginn 26. janúar. Að vanda var þingið vel sótt enda gefst á þinginu einstakt tækifæri til að fræðast um verkefnaframboð ársins.

Framsögumenn komu frá Reykjavíkurborg, Framkvæmdasýslu ríkisins, Siglingastofnun, Landsvirkjun og Vega-gerðinni.

Opinber innkaup

Efnt var til opins félagsfundar 24. apríl til að kynna og fjalla um frumvarp fjármálaráðherra um breytingar á lögum um opinber innkaup. Frum-mælendur voru Guðmundur Ólason og Skúli Magnússon, hjá fjármálaráðuneytinu, Ari Edwald, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, Helga Jónsdóttir, borgarritari og Þorgeir Baldursson, forstjóri Prentsmiðjunnar Odda.

Samtök iðnaðarins líta svo á að setja eigi skýrar reglur og fyrirmæli um útboðsskyldu við innkaup opinberra aðila, hvort sem í hlut eiga ríki, sveitarfélög stofnanir eða fyrirtæki í meiri hlutaeigu þessara aðila.

Krísustjórnun

Á opnum félagsfundi, hinn 13. júní, fjallaði Áslaug Páldóttir, ráðgjafi í almannatengslum hjá Inntaki, um það sem kallað er krísustjórnun eða áfallastjórnun. Markmiðið Samtakanna var að kynna félagsmönnum sínum hvað felst í krísustjórnun og með hvaða hætti samskiptum við fjölmiðla og aðra hlutadeigendur skuli háttað þegar fyrirtæki þeirra lenda í vanda af einhverju tagi. Markmið slíkrar stjórnunar er að hindra að óvæntur atburður leiði til krísu-ástands sem skaðar ímynd fyrirtækis eða veldur fjárhagslegu tjóni.

Ráðstefna um ESB og evruaðild

Samtök iðnaðarins stóðu fyrir mikilli ráðstefnu á Grand Hótel 10. september. Tilgangurinn var að sjá hvaða lærdóm Íslendingar geta dregið af reynslu og áformum nágrannaþjóða sinna varðandi ESB og evru og sjónarmiðum ESB og reynslu innan sam-

bandsins í heild. Tilgangurinn var líka sá að ýta undir upplýsta umræðu um Evrópumálin.

Virtir sérfræðingar komu frá Finnlandi, Bretlandi, Noregi, Svíþjóð og ESB. Að auki flutti formaður Samtaka

iðnaðarins erindi við opnun ráðstefnunnar og greindi m.a. frá niðurstöðum könnunar Gallup sem leiddi m.a. í ljós að 67% félagsmanna SI eru hlynnt því að taka upp evru. Þorsteinn Þorgeirsson, hagfræðingur SI, stjórnaði ráð-

stefnunni. Fjölmiðlar gerðu ráðstefnunni ágæt skil.

ÁLYKTUN IÐNÆPINGS 16. mars 2001

Iðnþróun byggist á markvissu langtíma vöruþróunar- og markaðsstarfi. Stöðugleiki og friður í íslensku efnahagslífi undanfarin ár hefur skilað raunvexti í almennum iðnaði og byggingariðnaði á árunum 1995-1999 sem er meiri en 6% á ári að meðaltali og enn meiri í upplýsingatækni. Þetta er árangur sem ekki má fórnna.

Hátt gengi, há laun og háir vextir vege að samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja. Markaðshlutdeild þeirra minnkar og halli á viðskiptum við útlönd eykst. Um leið hægir merkjanlega á efnahagslífinu eins og veltutölur fyrirtækja sýna. Spáð er samdrætti í fjárfestingum sem hafa verið miklar undanfarin ár. Stjórnvöld hafa boðað að vænta megi vaxta- og skattalækkana en þær hafa ekki verið tímasettar. Hættan er sú að bedið verði of lengi. Harðar aðhaldsáðgerðir á sama tíma og afkoma fyrirtækja versnar og hlutabréfaverð hriðfellur geta leitt til skyndilegs samdráttar

í fjárfestingum og þar með hættu á harðri lendingu efnahagslífsins.

EES-samningurinn hefur reynst vel en dugir ekki til frambúðar. Til þess eru margar ástæður. Jafnvægið milli aðila samningsins hefur raskast og samningurinn þróast ekki í takt við það sem gerist innan ESB. Enn er þó ótalið veigamesta atriðið. Íslenska krónan er of dýru verði keypt. Hún skapar vandamál í hagsstjórn, veldur óþarfa vaxtabyrði og gengissveiflum sem bitna á fyrirtækjum og rekstrar-skilyrðum þeirra. Lítil og veikur gjaldmiðill hindrar eðlilegar fjárfestingar innlendra og erlendra fyrirtækja á Íslandi. Mikill meirihluti (62%) félagsmanna í Samtökum iðnaðarins er þeirrar skoðunar að aðild að Evrópusambandinu sé efnahagslega hagkvæm. Einungis 15% telja að aðild að Evrópusambandinu yrði efnahag Íslands til tjóns.

Útgáfu- og upplýsingastarf

IDAN.IS

Vefsetrið idnudur.is, sem Samtök iðnaðarins eiga og reka, tók sannkölluðum hamskiptum á árinu. Skipt var um lén og heitir vefsetrið framvegis Iðan (idan.is). Útliti var gjörbylt og aukið við efni, sérstaklega fréttatengdu, frá mbl.is og Gagnasafni Morgunblaðsins. Með þessum breytingum er vonast til að Iðan verði enn áhugaverðari fyrir ungt fólk á öllum aldri sem vill kynna sér íslenskan iðnað frá ýmsum hliðum.

Samtök iðnaðarins leggja áherslu á að kynna almenningi íslenskan iðnað, ekki síst ungu fólki. Á Iðunni er að finna miklar og aðgengilegar upplýsingar um iðnað, sögu, nýsköpun, um-

hverfismál og fleira. Einn mikilvægasti þáttur hans er sá sem lýtur að námi og störfum sem tengjast iðnaði. Hann er unn-inn í nánu samstarfi kennara og nema í náms- og starfsráðgjöf við félagsvísindadeild Háskóla Íslands sem annast uppfærslu efnis og sjá um að svara fjöldamörgum spurningum áhugasamra ungmenna sem velja fyrir sér möguleikum til náms og starfa er tengjast iðnaði. Á vefsetrinu eru nú upplýsingar um 150 fyrirtæki, 115 náms- og starfslýsingar, upplýsingar rúmlega 30 framhalds- og háskóla og ríflega 300 fyrirsprungnum hefur verið svarað.

SI.IS

Upplýsingamiðlun á vefsetri Samtaka iðnaðarins, si.is, hefur vaxið mikið undanfarin ár og Samtökin hafa lagt áherslu á að þróa vefsetrið og uppfæra. Heimsóknir á það hafa aukist jafnt og þétt og greinilegt er að fjölmiðlar fylgjast vel með því sem þar fer fram. Nýir fréttamolar, sem varða rekstrarumhverfi í iðnaði, nýjungar í iðnaði og afskipti Samtakanna af málum sem varða iðnaðinn í heild eða hluta, birtast þar að meðaltali oftast en hvern virkan dag og var aukning þar í ár rúm 30% frá því í fyrra en þá varð aukningin yfir 80%. Það er því vert að fylgjast vel með vefsetri SI.

Skrifstofa atvinnulífsins á Norðurlandi

Eftir mikla uppbyggingu í atvinnulífinu á Akureyri síðustu ár virðist sem nokkurs samdráttar hafi gætt í mörgum greinum iðnaðar síðustu mánuði ársins. Enn eru þó næg verkefni í byggingariðnaði og verður svo að minnsta kosti fram eftir árinu 2002 eins og nú horfir. Það er staðreynd að uppsveifla í efnahagslífinu nær seinna til fyrirtækja á landsbyggðinni en þeirra sem starfa á höfuðborgarsvæðinu. Að sama skapi verða fyrirtæki á landsbyggðinni seinna fyrir áhrifum þegar á móti blæs.

Hinn mikli straumur fólks frá flestum stöðum landsbyggðarinnar hefur mikil áhrif á starfsemi iðnfyrirtækja úti á landi. Sé dreginn hringur með 50 km í radíus og höfuðborgina sem miðpunkt má segja að Akureyri sé nánast eini staðurinn utan hans sem er í vexti. Það segir sig sjálft að byggingariðnaður getur ekki þrífist þar sem ekkert er byggt og þannig er það því miður víða. Öll stærri fyrirtæki hverfa og eftir verða einungis fyrirtæki með einum til tveimur mönnum sem sinna nær eingöngu viðhaldsverkefnum. Þetta er því miður sú staða sem víða blasir við.

Samtök fyrirtækja á Norðurlandi

Þrátt fyrir ýmsa viðleitni gengur hægt að renna nýjum stöðum undir fábreytt atvinnulíf í fámennari byggðum landsins. Framlegð flestra framleiðslufyrirtækja er það lítil að flutningskostnaður til og frá stærsta markaðssvæðinu er þeim ofvíða.

Haustið 2000 voru stofnuð ný samtök atvinnurekenda sem nefnast „Samtök fyrirtækja á Norðurlandi.“ Hugmyndin er að þau starfi sem nokkurs konar regnhlífarsamtök en markmið þeirra eru að vinna að hagsmunum fyrirtækja á starfssvæði félagsins og þrýsta á aðgerðir til að tryggja sem jafnasta stöðu fyrirtækja í landinu.

Kveikjan að stofnun samtakanna varð sá mikli flutningskostnaður sem fyrirtækin búa við en ekki hvað síst nýtt gjald sem Eimskipafélagið ákvað að leggja á framhaldsflutninga. Verkefnið eru hins vegar mörg þar sem ljóst er að fyrirtæki á landsbyggðinni búa á margan hátt við önnur og lakari rekstrarskilyrði en fyrirtæki sem hafa aðsetur á stærsta markaðssvæði landsins. Ákveðið var að Skrifstofa atvinnulífsins á Norðurlandi tæki þátt í starfsemi hinna nýju samtaka og styddi þau til góðra verka.

Átak í Gæðastjórnun

Forráðamenn sjö fyrirtækja í byggingariðnaði á Norðurlandi luku á árinu námskeiði í að koma á gæðastjórnun í fyrirtækjunum.

Verkefnið er hluti af átaksverkefni Samtaka iðnaðarins um að innleiða markvissa gæðastjórnun í iðnfyrirtækjum á Íslandi. Farið var kerfisbundið yfir alla þætti rekstrarins og tekið á þeim vandamálum, sem fyrirfundust í fyrirtækjunum, til að tryggja eins og kostur er að gæði framleiðslu þeirra standist kröfur og væntingar viðskiptavina. Gæðastjórnun á að vera einn af horn-

steinunum hvers fyrirtækis, samofið öllum þáttum í rekstri þess og ákvarðanatöku stjórnenda. Gæðastjórnun eykur gæði framleiðslu og þjónustu, tryggir samkeppnishæfni fyrirtækisins og bætir afkomu þess og þar með möguleika á bættri afkomu starfsmanna.

Stóriðja

Forráðamenn atvinnufyrirtækja á Norður- og Austurlandi vænta mikils af því að nú hillir loks undir að heimilt verði að nýta þá miklu orku sem enn er óbeisluð í fallvötnunum norðan Vatnajökuls til uppbyggingar atvinnulífs á svæðinu.

Um það verður ekki deilt að atvinnulíf á Austfjörðum hefur verið einhæft og m.a. af þeim sökum, hefur byggðin látið undan síga. Að sjálfsögðu verða ekki öll vandamál Austfirðinga leyst með stóriðju en hinu verður ekki á móti mælt að stórframkvæmd sem þessi mun hafa gífurleg áhrif á alla atvinnuuppbyggingu á Austurlandi. Nú þurfa fyrirtæki á Norður- og Austurlandi að fylgjast vel með framgangi mála og nýta það tækifæri, sem þessi framkvæmd kann að skapa, til eflingar atvinnulífs á landsbyggðinni.

Hin almenna starfsemi Skrifstofu atvinnulífsins tekur ekki miklum breytingum frá ári til árs. Þetta er lítil eining sem þrátt fyrir það vill vera öflugur útvörður SI og SA á landsbyggðinni.

Starfsmannamál

Starfsmenn Samtaka iðnaðarins eru 22 og hefur fjöldi þeirra verið stöðugur undanfarin ár. Á síðastliðnu ári lét Guð-

mundur Þór Sigurðsson, byggingafræðingur, af störfum en Eyjólfur Bjarnason, byggingatæknifræðingur kom

aftur til starfa eftir tveggja ára hlé er hann starfaði hjá Háfelli hf.

Ráðgjafaráð SI

Ráðgjafaráð er stjórn Samtaka iðnaðarins til ráðuneytis við meiriháttar ákvarðanir og stefnumótun. Í ráðgjafaráði sitja þeir sex sem komust næst því að ná kjöri í stjórn Samtakanna, fulltrúar tilnefndir af starfsgreinahópum og fulltrúar Samtakanna í stjórn SA. Eftir Iðnþing 2001 er ráðgjafaráðið þannig skipað:

Fulltrúar kosnir á Iðnþingi:

Guðlaugur Adólfsson, Fagtak ehf.
Magnús Ólafsson, Ost- og smjörösalan sf.
Róbert Trausti Árnason, Keflavíkurverktakar hf.
Gylfi Þórðarson, Sementsverksmiðjan hf.
Leifur Jónsson, Skartís
Eyjólfur Sigurðsson, Kornax hf.

Byggingariðnaður:

Andrés Sigurðsson, Loftorka Reykjavík ehf.
Gísli Gunnlaugsson, Félag pípulagningameistara
Haukur Magnússon, Íslenskir aðalverktakar hf.
Loftur Árnason, Ístak hf.
Sigurður R. Helgason, Þjörgun ehf.
Sigurður Sigurðsson, Malb.st. Hlaðbær - Colas hf.
Stefán Jónsson, Meistarafélag byggingamanna á N-landi.

Matvæla-, fóður- og drykkjarvöruiðnaður:

Guðlaugur Björgvinsson, Mjólkursamsalan
Jakobína Sigurðardóttir, Móna ehf., sælgætisgerð

Málmiðnaður:

Brynjar Haraldsson, Frostverk ehf.

Ólafur Friðriksson, Skipalyftan ehf.
Þorgeir Jósefsson, Þorgeir og Ellert hf.
Þröstur Hafsteinnsson, Þ.H. blikk hf.

Prent- og pappírsiðnaður:

Gunnar M. Árnason, Prenttækni hf.
Þorgeir Baldursson, Prentsmiðjan Oddi hf.
Þórleifur V. Friðriksson, Hjá Guðjón Ó efh.
Örn Jóhannsson, Morgunblaðið Árvakur hf.

Húsgagna- og húshlutaiðnaður:

Anton Bjarnason, Glerborg ehf.
Guðmundur Ásgeirsson, Á. Guðmundsson ehf.

Stóriðja:

Helgi Þórhallsson, Íslenska járnblendifélagið hf.
Rannveig Rist, Íslenska álfélagið hf.

Raf-, rafeinda- og hugbúnaðariðnaður:

Hermann Kristjánsson, Vaki - DNG hf.
Ingvar Kristínsson, Hugvit hf.

Gúmmí-, plast, efna-, fata- og leðuriðnaður:

Helgi Magnússon, Harpa hf.
Magni Örvar Guðmundsson, Netagerð Vestfj. hf.
Sigurður Bragi Guðmundsson, Sigurplast ehf.

Þjónustuiðnaður:

Leifur Jónsson, Skartís

Nýir félagsmenn SI árið 2001


Trésmiðja Þráins E. Gíslasonar ehf.	Akranesi	Sveinbjörn Sigurðsson ehf.	Reykjavík
Form.is ehf.	Reykjavík	Ólafur og Gunnar, byggingafélag ehf.	Kópavogi
Landmat International ehf.	Reykjavík	Verði ljós ehf.	Reykjavík
Memphis ehf.	Hafnarfirði	Vefur samskiptalausnir ehf.	Selfossi
Hrímgull sf.	Reykh. í Borgarf.	Sænsk hús ehf.	Kópavogi
Trésmiðjaþjónusta Grétars ehf.	Reykjavík	Stjörnustál ehf.	Seyðisfirði
Auðkenni hf.	Reykjavík	G. Skúlason, vélaverkstæði	Neskaupstað
Stoðverk ehf.	Hveragerði	Eyjablikk ehf.	Vestm.eyjum
Tempra hf.	Hafnarfirði	Hársnyrtistofan Capille	Reykjavík
Kexsmiðjan ehf.	Akureyri		
Grillið sf.	Hafnarfirði		
Heilsukostur ehf.	Hveragerði		
SR-Stuttmyndadagar í Reykjavík ehf.	Reykjavík		
Jón Hlíðdal ehf.	Egilsstöðum		
Net-Album.net hf.	Mosfellsbæ		
Vesturval ehf.	Reykjavík		
Þ.E. Verktakar ehf.	Reykjavík		
G.H. Hönnun ehf.	Reykjavík		

Helstu lög sem samþykkt voru á Alþingi árið 2001 og varða iðnaðinn

13/2001	Lög um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis
16/2001	Lög um lækningatæki
28/2001	Lög um rafrænar undirskriftir
38/2001	Lög um vexti og verðtryggingu
42/2001	Lög um breytingu á lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni
46/2001	Lög um hönnun
73/2001	Lög um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi
84/2001	Lög um skipan opinberra framkvæmda
87/2001	Lög um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum
94/2001	Lög um opinber innkaup
95/2001	Lög um breytingu á lögum nr. 74/1984, sbr. lög nr. 101/1996, um tóbaksvarnir (markaðssetning, tóbaksmengun o.fl.)
133/2001	Lög um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, lögum nr. 83/1989, um Þjóðarþóklöðu og endurbætur menningarbygginga, lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 144/1994, um ársreikninga og lögum nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum
138/2001	Lög um breytingu á lögum um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur, nr. 52/1989. (14. desember) (fellt niður gjald til Náttúruverndarráðs)

Nánari upplýsingar er að finna á vefsetri SI, www.si.is

Skipurit og starfsmenn SI



Árni Jóhannsson
Jarðvinnuverktakar,
húshluta- og húsgagnaframl. ísl.
arni@si.is



Ásgeir Magnússon
Skrifstofa atvinnulífsins
á Norðurlandi
asgeirm@nett.is



Brynjar Ragnarsson
markaðsstjóri
brynjar@si.is



Dagmar Elín Sigurðardóttir
bókari
Álagning félagsgjalda
dagmar@si.is



Davíð Lúðvíksson
forstöðumaður
Starfsgreinar, þjónusta og þróun
david@si.is



Eyjólfur Bjarnason
Byggingariðnaður
eyjolfur@si.is



Ferdinand Hansen
verkefnastjóri
Gæðakerfi í byggingariðnaði
ferdinand@si.is



Guðmundur Ásmundsson
Upplýsingatækni-
iðnaður
gudmundur@si.is

Skipurit og starfsmenn SI



Haraldur D. Nelson
upplýsingastjóri
Tölvumál, prentiðnaður
nelson@si.is



Hulda G. Mogensen
gjaldkeri
hulda@si.is



Ingi Bogi Bogason
Menntamál
ingi.bogi@si.is



Ingólfur Sverrisson
Málmiðnaður, blikk
ingolfur@si.is



Jón Steindór Valdimarsson
aðstoðarframkvæmdastjóri
Starfsskilyrði iðnaðar og
alþjóðlegt samstarf
jon@si.is



María Halbjörnsdóttir
Félagatal
maria@si.is



Ólafur Helgi Árnason
lögfræðingur
Samkeppnis- og ágreiningsmál
olafurh@si.is



Ólafur Kjartansson
Orku- og umhverfismál, fata-, vefja-,
veiðarfæra- og plastiðnaður
olafur@si.is



Ragnheiður Héðinsdóttir
Matvæla- og fæðiðnaður,
efnaiðnaður
ragnheidur@si.is



Sveinn Hannesson
framkvæmdastjóri,
Yfirstjórn, fjármál, félagatengsl
og stjórnun
sveinn@si.is



Þorsteinn Þorgeirsson
hagfræðingur
Efnahagsmál
thorsteinn@si.is



Þóra Guðmundsdóttir
Símarvarsla
thorag@si.is



Þóra Kristin Jónsdóttir
Málfarsráðgjöf
Fjölmiðlatengsl
thorak@si.is



Þóra Ólafsdóttir
Fréttabréf og önnur útgáfumál
thora@si.is

Fulltrúar SI í stjórnnum og nefndum

Aflvaki Reykjavíkur
Aukefnanefnd
Bókasamband Íslands
EAN á Íslandi
Fræðsluráð málmíðnaðarins

Fræðslusjóður bókagerðarmanna
Fulltrúaráð Landverndar
Fulltrúaráð Lagnakerfamiðstöðvar Íslands
Hagsmunafélag um verk- og tæknimenntun
Heilbrigðistæknivettvangur
Húsfélag iðnaðarins
ICEPRO nefnd um rafræn viðskipti
Iðntæknistofnun Íslands
Íslenska ánægjuvogin
Kjararannsóknarnefnd
Lífeyrissjóðurinn Framsýn
Lífeyrissjóður verslunarmanna
Málmgarður
Menntafélag byggingariðnaðarins
Nefnd um endurskoðun skipulags- og byggingarlaga
Nýsköpunarsjóður
Nýsköpunarsjóður - verkefnastjórn VÖMA
Nýsköpunarsjóður námsmanna
Prenttæknistofnun
Rammaáætlun um nýtingu vatnsafla og jarðvarma
RANNÍS
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins
Sameinaði lífeyrissjóðurinn
Samráðshópur um framkvæmd stefnu upplýsingasamfélagsins
Samráðshópur Sorpu og atvinnulífsins
Samstarf um nýsköpunarkeppni grunnskólanemenda
Samstarfsnefnd um opinber innkaup
Samstarfsnefnd um starfsnám á framhaldsskólastigi
Samstarfsv. sjávarútvegs- og iðnaðar
Samtök atvinnulífsins

Siglingamálaráð
Skólanefnd Borgarholtskóla
Skólanefnd Fjölbrotaskólans í Breiðholti
Skólanefnd Tækniskóla Íslands
Spilliefnanefnd
Staðlaráð Íslands STRÍ
Stjórn verkefna Nýsköpunarsjóðs fyrir frumkvöðla og fyrirtæki
STRÍ Byggingastaðlaráð
STRÍ - fagráð í upplýsingatækni
STRÍ - fagstjórn í gæðamálum
STRÍ - fagstjórn í véltekni
Starfsafl - Starfsmennt SA og Flóabandalagins
Starfsfræðslunefnd fyrir iðnverkafolk
Starfsgreinaráð í bygginga- og mannvirkjagerð
Starfsgreinaráð upplýsinga- og fjölmiðlagreina
Starfshópur um starfsþjálfun iðnnema
Starfsmenntaráð
Stjórn Lagnakerfamiðstöðvar Íslands
Stjórnarnefnd Leonardó
Umhverfis- og heilbrigðisnefnd Reykjavíkur
Umhverfismerkisráð
Útflutningsráð Íslands
Verkstjórnarfræðslan
Vottunarstjórn RB
Verðlaunasjóður iðnaðarins
Verkefnastjórn NAS
Vottun hf.
Öryggisnefnd í prentiðnaði

Sveinn Hannesson
Ragnheiður Héðinsdóttir
Ingi Bogi Bogason
Ólafur Kjartansson
Bjarni Thoroddsen, Bjargmundur Björgvinsson, Guðmundur Gunnarsson,
Magnús Aadnegaard
Haraldur D. Nelson
Ágúst Valfells
Skarphéðinn Skarphéðinsson, Eyjólfur Bjarnason
Davíð Lúðvíksson, Ingi Bogi Bogason
Sveinn Hannesson, Davíð Lúðvíksson
Sveinn Hannesson, Sigurður Kristinsson
Guðmundur Ásmundsson
Davíð Lúðvíksson, Bjarni Thoroddsen
Davíð Lúðvíksson
Þorsteinn Þorgeirsson
Helgi Magnússon
Vígundur Þorsteinsson
Ingólfur Sverrisson, Þorvaldur Hallgrímsson
Tryggvi Jakobsson, Grétar Halldórsson, Eyjólfur Bjarnason
Eyjólfur Bjarnason
Örn Jóhannsson, Jón Steindór Valdimarsson
Davíð Lúðvíksson, Jón Albert Kristinsson
Guðmundur Ásmundsson, Ragnheiður Héðinsdóttir
Guðmundur Kristjánsson, Guðbrandur Magnússon
Ólafur Kjartansson
Ingvar Kristinsson, Hilmar Janusson
Friðrik Andrésson, Sigurður R. Helgason
Friðrik Andrésson
Guðmundur Ásmundsson
Ólafur Kjartansson
Guðmundur Ásmundsson
Árni Jóhannsson
Guðbrandur Magnússon, Ingi Bogi Bogason
Davíð Lúðvíksson, Ingólfur Sverrisson Sveinn Hannesson
Eiríkur S. Jóhannsson, Rannveig Rist, Sigurður R. Helgason, Stefán Friðfinnsson,
Sveinn Hannesson, Vilmundur Jósefsson, Þorgeir Baldursson
Steinar Viggósson
Ingólfur Sverrisson
Ingi Bogi Bogason
Bjarni Thoroddsen, Davíð Lúðvíksson
Ólafur Kjartansson
Davíð Lúðvíksson
Guðmundur Ásmundsson
Eyjólfur Bjarnason
Guðmundur Ásmundsson
Davíð Lúðvíksson
Ingólfur Sverrisson
Ingi Bogi Bogason
Ólafur Helgi Árnason
Tryggvi Jakobsson, Grétar Halldórsson, Ingi Bogi Bogason, Eyjólfur Bjarnason
Guðmundur Ásmundsson, Haraldur D. Nelson, Guðbrandur Magnússon
Guðbrandur Magnússon
Ingi Bogi Bogason
Eyjólfur Bjarnason
Ingi Bogi Bogason
Ragnheiður Héðinsdóttir
Ólafur Kjartansson
Páll Sigurjónsson, Pétur Guðjónsson, Vilmundur Jósefsson
Ingólfur Sverrisson
Eyjólfur Bjarnason
Vilmundur Jósefsson, Davíð Lúðvíksson
Sveinn Hannesson
Davíð Lúðvíksson
Örn Jóhannsson